

# Ársskýrsla 2009



# Ársskýrsla 2009



Persónuvernd

Ljósmyndir: Bjarni Eiríksson og Björn Torfi Hauksson  
Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja  
*ISSN 1670-3782.*

## Formáli forstjóra



Þegar titið er yfir þau mál sem valin hafa verið til birtingar í þessari ársskýrslu sést að þau bera mörg vott um ástandið eftir fall bankanna og efnahagshrunið hér á landi. Á borð Persónuverndar hafa komið fjölmörg mál tengd rannsóknum á því sem gerðist og verkefnum tengdum framtíðinni. Mörg þessara verkefna eru þannig að vinna þarf með fjárhagsupplýsingar um einstaklinga. Meðal annars má nefna mál varðandi birtingu upplýsinga um hlutabréfaeign einstaklinga, um nafnlausar ábendingar til stjórnvalda, vinnslu upplýsinga um vensl einstaklinga og fyrirtækja, um fólk án atvinnu, um upplýsingar um skattálagningu og rannsóknir á stöðu heimilanna og áhrifum kreppu á efnahagsreikninga einstaklinga.

Úr sömu deiglu spratt umræða um mikilvægi þess að styrkja frelsi til upplýsingamiðlunar og efla fjölmiðla. Óumdeilanlegt er að veita ber fjölmiðlum ríkt frelsi. Það er hins vegar líka áriðandi að hrunið verði ekki að skálkaskjól þeirra sem vilja hafa einkalíf eða æru einstakra manna að skotsþæni, jafnvel að ósekju, með nafnlausum aðdróttunum á netinu og ef til vill birtingu rangra eða villandi persónuupplýsinga.

Verði frumvarp sem menntamálaráðherra lagði fram nú í vor að lögum verður að nokkru leyti þrengt svigrúm „ritsóða“ til að fara huldu höfði á vettvangi netmiðla. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir lögfestingu banns við hatursáróðri – þ.e. banns við því að í fjölmiðlum verði kynt undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskóðana, þjóðernis, stjórnmalaskóðana o.þ.h. Í lögum um persónuvernd hafa upplýsingar um þessi atriði verið talin til viðkvæmra upplýsinga og búa þar svipuð sjónarmið að baki. Í frumvarpinu eru einnig mikilvæg ákvæði um andsvarétt aðila sem telur að lögmætir hagsmunir hans, einkum æra hans eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um ábyrgð á rit-, hljóð- eða myndefni sem brýtur í bága við lög og um viðurlög, refs- og fébótaábyrgð. Verði frumvarpið að lögum getur reynt á ábyrgð efnisstjóra og/eða ábyrgðarmanns fjölmiðlaþjónustuveitanda á efni sem miðlað hefur verið.


Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar ný sjálfstæð stofnun, Fjölmiðlastofa, sem hafi eftirlit og umsjón með starfsemi fjölmiðla. Hún yrði sjálfstæð gagnvart framkvæmdavaldinu í starfi sínu.

Þegar formáli þessi er ritaður er ekki vitað hvort eða með hvaða hætti frumvarpið verður samþykkt. Hvað sem því líður er mikilvægt að í framkvæmd temji menn sér öguð vinnubrögð í anda margs sem þar er gert ráð fyrir.

Ekki skal leggja meiri hömlur á fjölmiðla en nauðsynlega þarf vegna sjónarmiða um vernd einkalífs einstaklinga, meiðyrðavernd og öryggi ríkisins. Það er því allra hagur að vel takist til svo fjölmiðlar geti í raun rækt hlutverk sitt í lýðræðisríki – staðið traustan vörð um hagsmuni almennings en án þess að fótum troða einkalífsrétt þeirra sem um er fjallað hverju sinni.

*Í maí 2010  
Sigrún Jóhannesdóttir*





## Efnisyfirlit

|                                                                                                                                                                   |           |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1. Almenn</b>                                                                                                                                                  |           |
| 1.1. Persónuvernd .....                                                                                                                                           | 11        |
| 1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2009.....                                                                                                                    | 11        |
| 1.3. Um starfið árið 2009 .....                                                                                                                                   | 11        |
| 1.4. Um fjárreiður 2009.....                                                                                                                                      | 13        |
| <b>2. Hlutverk Persónuverndar</b>                                                                                                                                 | <b>15</b> |
| 2.1. Ýmis verkefni Persónuverndar .....                                                                                                                           | 15        |
| 2.1.1. Um leyfisveitingar og tilkynningar .....                                                                                                                   | 16        |
| 2.1.2. Um úttektir .....                                                                                                                                          | 16        |
| <b>3. Nánari umfjöllun um ýmis mál</b>                                                                                                                            | <b>19</b> |
| 3.1. Veitt leyfi 2009 .....                                                                                                                                       | 19        |
| 3.1.1. Starfsleyfi .....                                                                                                                                          | 19        |
| 3.1.2. Leyfi vegna rannsóknar á fjárhagsstöðu heimilanna .....                                                                                                    | 19        |
| 3.1.3. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði .....                                                                                                      | 20        |
| 3.2. Nánar um ýmis mál .....                                                                                                                                      | 34        |
| 3.2.1. Skráning upplýsinga um hjartasjúklinga, sem notið hafa meðferðar á Landspítala, í gagnagrunn í Svíþjóð til nota við m.a. lækni meðferð – mál 2008/973..... | 34        |
| 3.2.2. Úrskurður um miðlun mætingareinkunnar nemanda sem var orðinn 20 ára – mál 2008/854.....                                                                    | 36        |
| 3.2.3. Úrskurður um miðlun mætingareinkunnar nemanda sem var yngri en 20 ára – mál 2008/838–853 og 855–75 .....                                                   | 37        |
| 3.2.4. Úrskurður um vinnustaðaskýrslu sálfræðings – mál 2008/609 .....                                                                                            | 39        |
| 3.2.5. Úrskurður um fingrafaraskönnun á Keflavíkurflugvelli – mál 2008/446.....                                                                                   | 40        |
| 3.2.6. Úrskurður um fingrafaraskönnun á Keflavíkurflugvelli II – mál 2008/254.....                                                                                | 42        |
| 3.2.7. Úrskurður vegna öryggisbrests hjá heilsugæslustöð – mál 2008/607 .....                                                                                     | 44        |
| 3.2.8. Úrskurður um heimild fjármálastofnunar til að biðja um kennitölu – mál 2008/780.....                                                                       | 46        |
| 3.2.9. Birting upplýsinga um hlutabréfaeign einstaklinga – mál 2009/1.....                                                                                        | 47        |
| 3.2.10. Aðgangur að niðurstöðum samanburðarmats sálfræðings á umsækjendum um starf þyrluflugmanns – mál 2009/253 .....                                            | 50        |
| 3.2.11. Úrskurður um miðlun upplýsinga úr lyfjagagnagrunni Landlæknis – mál 2008/943.....                                                                         | 51        |

|                                                                                                                                                    |    |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| 3.2.12. Úrskurður um fræðsluskyldu í tengslum við vinnustaðaskýrslu –<br>mál 2009/172.....                                                         | 53 |
| 3.2.13. Skráning upplýsinga um HIV-smitaða í gagnagrunn í Svíþjóð til nota<br>við lækni meðferð og gæðaeftirlit á Landspítala – mál 2009/335 ..... | 54 |
| 3.2.14. Svar við fyrirspurn um öflun sakavottorða og upplýsinga um ökuréttindi<br>og ökuferil – mál 2009/438 .....                                 | 56 |
| 3.2.15. Ákvörðun um notkun sjúkraskrárupplýsinga; frávísun – mál 2008/819 .....                                                                    | 57 |
| 3.2.16. Ákvörðun um að fella niður mál um miðlun á vinnustaðaskýrslu –<br>mál 2009/266.....                                                        | 58 |
| 3.2.17. Rannsóknarnefnd umferðarslysa heimilt að birta skýrslu –<br>mál 2009/272.....                                                              | 59 |
| 3.2.18. Miðlun upplýsinga um ölvunarakstur – mál 2009/264 .....                                                                                    | 60 |
| 3.2.19. Nafnlausar ábendingar til Fiskistofu – mál 2009/449.....                                                                                   | 61 |
| 3.2.20. Vinnsla upplýsinga um gesti skemmtistaða; skönnun skilríkja o.fl. –<br>mál 2009/472.....                                                   | 63 |
| 3.2.21. Miðlun persónuupplýsinga við sölu bankaútibús – mál 2006/686 .....                                                                         | 66 |
| 3.2.22. Heimild vinnuveitanda til að skoða tölvugögn starfsmanns – mál 2009/410...                                                                 | 67 |
| 3.2.23. Eyðublöð fjármálastofnana fyrir stofnun bankareikninga – mál 2009/503 .....                                                                | 69 |
| 3.2.24. Nafnlausar ábendingar til stjórnvalda – mál 2009/642.....                                                                                  | 70 |
| 3.2.25. Viðkvæmar persónuupplýsingar á heimasíðum. Bréf til dómsmálaráð-<br>herra – mál 2009/596.....                                              | 72 |
| 3.2.26. IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónusta. Um rel8-kerfið –<br>mál 2009/318, 2009/707, 2009/800, 2009/924 og 2009/1079.....                         | 73 |
| 3.2.27. Eftirlitsmyndavélar í leigubifreiðum – mál 2009/815 .....                                                                                  | 75 |
| 3.2.28. Miðlun upplýsinga úr nemendaskrá Háskóla Íslands til Vinnumála-<br>stofnunar – mál 2009/215 .....                                          | 76 |
| 3.2.29. Réttur viðskiptamanna fjármála fyrirtækja til vitneskju – mál 2009/872 .....                                                               | 77 |
| 3.2.30. Birting upplýsinga um skattálagningu – mál 2009/648.....                                                                                   | 78 |
| 3.2.31. Ákvörðun Persónuverndar um að vísa frá beiðni um tafarlausa<br>stöðvun vinnslu – 2009/968 .....                                            | 79 |
| 3.2.32. Almenn fyrirspurn um eftirlitsmyndavélar lögreglu – mál 2009/625.....                                                                      | 80 |
| 3.2.33. Almenn svar varðandi birtingu sjúkratilfellis í Læknablaðinu – mál 2009/890 .                                                              | 81 |
| 3.2.34. Almenn fyrirspurn um birtingu dóma á Netinu – mál 2009/926.....                                                                            | 82 |
| 3.2.35. Notkun ríkisskattstjóra á myndum úr eftirlitsmyndavélum á<br>bensínstöðvum – mál 2009/1001 .....                                           | 83 |
| 3.2.36. Vátryggingafélög. Öflun upplýsinga um heilsufar ættingja – mál 2009/871 ....                                                               | 84 |
| 3.2.37. Auðkenning þjónustusýna hjá Frumurannsóknastofu Leitarstöðvar<br>KÍ – mál 2005/463.....                                                    | 85 |
| 3.2.38. Vinnumálastofnun skoðaði IP-tölur úr rafrænni tilkynningu – mál 2009/635                                                                   | 86 |

|                                                                                                   |           |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>4. Erlent samstarf</b>                                                                         | <b>89</b> |
| 4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana.....                                                | 89        |
| 4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.....                                               | 89        |
| 4.3. Alþjóðlegt samstarf.....                                                                     | 89        |
| 4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins .....                                                     | 89        |
| 4.5. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er<br>hér að framan ..... | 90        |
| 4.5.1. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana .....                                  | 90        |
| 4.5.2. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana .....                                | 90        |
| 4.5.3. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.....                              | 90        |



|           |                                                                                                                                                                           |            |
|-----------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|
| 4.5.4.    | Um vorkund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana.....                                                                                                                | 98         |
| 4.5.5.    | Um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA.....                                                                                                         | 98         |
| 4.5.6.    | Um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og starf EDPS í tengslum við hann.....                                                                                                 | 99         |
| 4.5.7.    | Um starf vinnuhóps um lögreglumál.....                                                                                                                                    | 100        |
| <b>5.</b> | <b>Lög og reglur</b>                                                                                                                                                      | <b>101</b> |
| 5.1.      | Lög nr. 77/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, lögum nr. 30/2002, lögum nr. 81/2002, lögum nr. 46/2003, lögum nr. 72/2003 og lögum nr. 50/2006 ..... | 101        |
| 5.2.      | Um stjórnvaldsreglur .....                                                                                                                                                | 116        |
| 5.2.1.    | Reglur nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga .....                                                                                 | 117        |
| 5.2.2.    | Auglýsing nr. 638/2005 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, með áorðnum breytingum samkvæmt auglýsingum nr. 1041/2006 og nr. 425/2009 .....                   | 121        |





## Persónuvernd

# 1. Almenn

### 1.1. Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

### 1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2009

Formaður stjórnar var Dr. Páll Hreinsson, hæstaréttardómari. Auk hans sátu í stjórn stofnunarinnar, Haraldur Briem sóttvarnalæknir, Aðalsteinn E. Jónasson hæstaréttarlögmaður og dósent, Magnús Hafliðason, formaður Skýrslutæknifélags Íslands, og Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður. Vilhelmina Haraldsdóttir, læknir, var varamaður Haraldar en Sigrún Gunnarsdóttir, varaformaður Skýrslutæknifélags Íslands, var varamaður Magnúsar. Aðrir varamenn voru Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson, héraðsdómslögmaður, og Ástríður Grímsdóttir, dómari.


Forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir. Aðrir starfsmenn voru Kristjana Magnúsdóttir, fjármálastjóri, sem lét af störfum í janúar; Hrund Sigurðardóttir, móttökuritari og skrifstofustjóri, sem lét af störfum í ágúst; Erla Björgvinsdóttir, fjármála- og skrifstofustjóri, sem hóf störf í ágúst; og Þórður Sveinsson, Lárus Sigurður Lárusson, Alma Tryggvadóttir og Þórunn Pálína Jónsdóttir, lögfræðingar. Bragi Rúnar Axelsson, lögfræðingur, lét af störfum í júní.

### 1.3. Um starfið árið 2009


Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 37. gr. 1. nr. 77/2000, er níunda ársskýrsla Persónuverndar.

Stöðug aukning hefur orðið í fjölda innkominna erinda og hafa þau aldrei verið eins mörg og þetta árið. Á árinu 2009 voru til afgreiðslu 210 óafgreidd erindi frá fyrra ári. Ný mál voru hins vegar 1.156 þannig að alls hafði stofnunin til meðferðar 1.366 mál á árinu. Höfðu 1216 mál verið afgreidd við árslok.

## Ný skráð mál 2002-2009



## Afgreidd mál 2009



Eftirfarandi tafla sýnir tegundir afgreiddra mála 2009 og fjölda:

| Tegundir                        | Fjöldi |
|---------------------------------|--------|
| Frumkvæðismál                   | 15     |
| Fyrirspurnir/umsagnir/álit      | 305    |
| Kvartanir/kærur/úrskurðir       | 128    |
| Kynningar/námskeið/fyrirlestrar | 13     |
| Veitt leyfi                     | 172    |
| Mál vegna tilkynninga           | 362    |
| Erlent samstarf                 | 61     |
| Annað                           | 154    |

Auk framangreindra mála bárust Persónuvernd 445 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. Eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

#### 1.4. Um fjárreiður 2009

Fjárveitingar í fjárlögum til Persónuverndar námu samtals 68 millj. kr., en það er hækkun um 3,5 millj. kr. frá árinu 2008. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu námu samtals rúmlega 57 millj. kr. Var tekjuafgangur því tæpar 11 millj. kr.

Rekja má þennan afgang til lækkunar launakostnaðar auk þess sem önnur rekstrargjöld og eignakaup lækkuðu.

#### Rekstrarreikningur ársins 2008

| Tekjur                                              | 2008                | 2007                |
|-----------------------------------------------------|---------------------|---------------------|
| Endurseld aðkeypt sérfræðipjónusta .....            | 821.700             | 0                   |
|                                                     | <u>821.700</u>      | <u>0</u>            |
| <b>Gjöld</b>                                        |                     |                     |
| Laun og launatengd gjöld.....                       | 44.669.353          | 58.200.217          |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....            | 3.220.404           | 4.449.763           |
| Funda- og ferðakostnaður.....                       | 1.803.944           | 2.711.525           |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta.....                       | 1.536.990           | 2.652.789           |
| Rekstur tækja og áhalda.....                        | 163.143             | 327.993             |
| Annar rekstrarkostnaður .....                       | 1.536.990           | 1.970.817           |
| Húsnæðiskostnaður.....                              | 4.569.253           | 5.001.323           |
| Tilfærslur.....                                     | 87.000              | 216.000             |
|                                                     | 57.612.983          | 75.575.427          |
| Eignakaup. ....                                     | <u>277.734</u>      | <u>1.443.934</u>    |
|                                                     | <u>57.890.717</u>   | <u>77.019.361</u>   |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag ..... | (57.069.017)        | (77.019.361)        |
| Ríkisframlag.....                                   | <u>68.000.000</u>   | <u>64.500.000</u>   |
| <b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins .....</b>      | <u>(10.930.983)</u> | <u>(12.519.361)</u> |





## 2. Hlutverk Persónuverndar

### 2.1. Ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrir-mæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og síðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar um persónuvernd og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrir-mæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífis-rétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, þ. á m. kennitölu, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrir-mælum hennar.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrir-mælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510 9600. Faxnúmer er: 510 9606. Netfang er: postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is), er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

### **2.1.1. Um leyfisveitingar og tilkynningar**

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd. Teljist heimild vera fyrir vinnslunni og samþykki ábyrgðaraðili upplýsinganna vinnsluna skal Persónuvernd send tilkynning um vinnsluna. Hér er ekki um að ræða umsókn um leyfi Persónuverndar heldur einungis tilkynningu um að vinnslan muni fara fram. Tilkynningar eru flestar send rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is). Þær vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna. Núgildandi reglur eru nr. 712/2008. Í 4. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera ítarlega rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Í því sambandi skal bent á að afhending og móttaka upplýsinga telst til vinnslu þeirra. Umsókn skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

Við afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskrá vegna aftursýnna vísindarannsókna fer Persónuvernd að verklagsreglum, nr. 340/2003. Meginreglan er sú að þegar unnið er með persónuupplýsingar við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði skal vinnsla fá samþykki þátttakenda í rannsókninni.

### **2.1.2. Um úttektir**

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar, sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til þess að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.


Úttektir eru oftast framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og fara yfir skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Er þá jafnan



reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.





## **3. Nánari umfjöllun um ýmis mál**

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2009. Fyrst er gerð grein fyrir starfsleyfum samkvæmt 45. gr. laganna, síðan er gerð grein fyrir leyfum sem veitt voru vegna athugunar á fjárhagsstöðu heimilanna og loks er gerð grein fyrir leyfum vegna ýmissa vísindarannsókna.

### **3.1. Veitt leyfi 2009**

#### **3.1.1. Starfsleyfi**

**2008/960** – Persónuvernd gaf Lánstrausti hf. (CreditInfo) nýtt leyfi til vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni einstaklinga. Í því var það nýmæli að starfsleyfishafa er óheimilt að miðla upplýsingum um hve oft tilteknum einstaklingi hefur verið flett upp í skrá LT. Þá er nú áskilið að þeir sem nota skrárnar skuli greina frá því í hvaða tilgangi þeir gera það. Loks er þar ákvæði um samningsbundið féviti – þeir sem misnota aðgang sinn að skránum þurfa að greiða hærra áskriftargjald og geta jafnvel við ítrekuð brot misst aðgang sinn að skránum. Starfsleyfið gildir til 1. apríl árið 2010.

**2009/876** – Persónuvernd gaf Lánstrausti hf. (CreditInfo) nýtt leyfi til vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila. Orðalagi í lið a.1 greinar 3.1 var breytt. Ákvæði sem áður var í f-lið 3. greinar er nú í 4. gr. Þessar breytingar hafa það að markmiði að gera texta leyfisins skýrari en fela ekki í sér efnislegar breytingar. Starfsleyfið gildir til 1. desember árið 2010.

**2009/40** – Persónuvernd ákvað að endurnýja starfsleyfi banka og sparisjóða til að halda Lokanaskrá. Til skoðunar kom að bæta við nýjum skilmála sem veitti viðskiptamönnum bankanna rétt til þess að fá upplýsingar um hvaða starfsmenn viðkomandi banka eða sparisjóðs hefðu haft aðgang að fjárhagsupplýsingum þeirra. Fallið var frá fyrirhugaðri breytingu í ljósi fram kominna andmæla og vegna þess að slíkur réttur myndi ganga lengra en lögboðinn upplýsingaréttur skv. 18. gr. laga nr. 77/2000. Leyfin gilda til 1. janúar 2011.

#### **3.1.2. Leyfi vegna rannsókna á fjárhagsstöðu heimilanna**

**2009/72** – (I) Persónuvernd veitti leyfi til vinnslu fjárhagsupplýsinga um einstaklinga. Leyfishafar voru Seðlabanki Íslands og Íbúðalánasjóður, NBI hf., Nýi Glitnir Banki hf., Nýja Kaupþing Banki hf., Frjálsi fjárfestingabankinn hf., Lýsing hf., Avant hf., SP-Fjármögnun, Sparisjóður Ólafsfjarðar, SPRON, Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis, Sparisjóður Mýrasýslu, Sparisjóðurinn í Keflavík, Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóðurinn Dalvík, BYR sparisjóður, Sparisjóður Bolungarvíkur, AFL – sparisjóður, Sparisjóður Suður-Þingeyinga, Sparisjóður Norðfjarðar, Sparisjóður Strandamanna, Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Höfðahverfis. Leyfið var bundið því skilyrði að öll persónuauðkenni yrðu dulkóðuð undir eftirliti tilsjónarmanns, sem og um eyðingu gagna að rannsókn lokinni.

**2009/332** – (II) Seðlabanki Íslands og Ríkisskattstjóri fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu II. áfanga könnunar á stöðu heimilanna. Ríkisskattstjóra var heimilað að afhenda Seðlabankanum tekjuupplýsingar. Var bankanum leyft að keyra þær saman við upplýsingar sem hann hafði aflað frá tilteknum aðilum á grundvelli leyfis sem Persónuvernd hafði gefið út 9. febrúar 2009 (vegna I. áfanga).

**2009/401** – (III) Veitt var leyfi til Seðlabanka Íslands, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Lífeyrissjóðs verkfræðinga, Lífeyrissjóðs bankamanna, Sameinaða lífeyrissjóðsins, Stafa lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Gildis lífeyrissjóðs til vinnslu persónuupplýsinga vegna athugunar á áhrifum kreppu á efnahagsreikninga einstaklinga. Lífeyrissjóðunum var heimilað að afhenda Seðlabankanum upplýsingar. Var bankanum leyft að keyra þær saman við upplýsingar sem hann hafði aflað frá tilteknum aðilum á grundvelli leyfa sem Persónuvernd hafði gefið út vegna fyrri áfanga rannsóknarinnar.

**2009/448** – (IV) Seðlabanki Íslands og Vinnumálastofnun fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu III. áfanga könnunar á stöðu heimilanna. Vinnumálastofnun var heimilað að afhenda Seðlabankanum upplýsingar. Var bankanum leyft að keyra þær saman við upplýsingar sem hann hafði aflað frá tilteknum aðilum á grundvelli leyfa sem Persónuvernd hafði gefið út vegna fyrri áfanga rannsóknarinnar.

### ***3.1.3. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði***

Veitt voru leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð ýmissa vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

**2004/421** – Björn Rúnar Lúðvíksson fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar er ber yfirskriftina „Klínísk og ættfræðileg svipgerð IgA-skorts hjá Íslendingum og hugsanleg tengsl við arfgerðarbreytingar“. Um var að ræða viðbót við eldri rannsókn (upphaflegt leyfi gefið út 30. nóvember 204).

**2006/454** – Gunnar Guðmundsson, læknir, fékk leyfi til flutnings persónuupplýsinga úr landi vegna rannsóknar á faraldsfræði og erfðum lungnatrefjunar.

**2006/639** – Björn Rúnar Lúðvíksson fékk viðbótarleyfi til vinnslu upplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Æðabólgujúkdómar á Íslandi 1986–2006“.

**2007/474** – Íslensk erfðagreining ehf. (ÍE), Kári Stefánsson, læknir og forstjóri ÍE, og lækarnir Guðmundur Þorgeirsson, Karl Andersen, Sigurður Páll Scheving, Torfi Jónsson, Þorbjörn Guðjónsson og Þórarinn Guðnason, fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Rannsóknar á faraldsfræði og kortlagningar áhættugena kransæðasjúkdóms og bráðs kransæðaheilkennis (e. acute coronary syndrome)“.

**2007/550** – Íslensk erfðagreining ehf. (ÍE), Kári Stefánsson forstjóri ÍE og samstarfsaðilarnir Bjarni Þjóðleifsson og Hallgrímur Guðjónsson fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar á erfðum magasýrusjúkdóma.

**2008/50** – Jóhann Ágúst Sigurðsson, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tilvísanir til hjartalækna“.

**2008/167** – Rósa Björk Barkardóttir, yfirnáttúrufræðingur hjá Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, Óskar Þór Jóhannsson, krabbameinslæknir, og Bjarni A. Agnarsson, meinafræðingur, fengu

leyfi til flutnings lífsýna úr landi vegna rannsóknarinnar „Leit að fleiri erfðavísu tengdum brjóstakrabbameini“.

**2008/308** – Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, læknir á LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Cushings sjúkdómur á Íslandi“.

**2008/550** – Friðbert Jónasson fékk leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar á augum (AGES: Ages, Gene/Environment Susceptibility Study – The Reykjavík Study of Healthy Aging for the New Millennium).

**2008/769** – Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir, fékk leyfi til aðgangs að upplýsingum úr dánarmeina-skrá Hagstofu Íslands vegna rannsóknarinnar „Áverkadauði Íslendinga 1996–2007.“

**2008/798** – Hlíf Steingrimsdóttir, yfirlæknir, Helga Ögmundsdóttir, prófessor, og Vilhelmína Haraldsdóttir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Vefjameina-fræðileg greining, klínísk einkenni og aðdrif sjúklinga með Waldenströms Macroglobulinemiu“.

**2008/817** – Gunnar Skúli Ármannsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir á Landspítala, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Breytingar á tíólum hjá sjúklingum sem fara í kransæðahjávættuadgerð eða ósæðalokuskifti með aðstoð hjarta- og lungnavélar“.

**2008/835** – Gísli Heimir Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor á LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Bráð nýrnabilun hjá gjörgæslusjúklingum á LSH“.

**2008/879** – Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir og prófessor fékk leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna vísindarannsóknarinnar „Hlutverk CD28 við þroskun abT-frumuvíðtakans auk myndunar á snertifleti þeirra og sýnifruma“.

**2008/886** – Óskar Þór Jóhannesson læknir og Íslensk erfðagreining fengu viðbótarleyfi til vinnslu upplýsinga varðandi „Rannsókn á erfðum geislanæmis og brjóstakrabbameins“.

**2008/890** – Felix Valsson, læknir á svæfinga- og gjörgæsludeild LSH, og Gísli Heimir Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir á sömu deild, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur kælimeðferðar hjá sjúklingum eftir hjartastopp“.

**2008/892** – Uggi Þ. Agnarsson, Jón V. Högnason og Guðmundur Þorgeirsson, fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Embolía pulm (lungnarek) greint á Landspítala 2005–2007. Hægri hjartabilun og önnur hjartaekenni við lungnarek.“

**2008/904** – Margrét Gústafsdóttir, hjúkrunarfræðingur og dósent, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hvöld og virkni: Mat á svefnörðugleikum hjá sjúklingum með heilabilun á hjúkrunarheimili“.

**2008/911** – Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, dr. Med. og sérfræðingur í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum á LSH, Ásta Dögg Jónasdóttir, deildarlæknir á lyflækningadeild LSH, og Pétur Sigurjónsson, deildarlæknir á gjörgæslu- og svæfingadeild LSH, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Vanstarfsemi heiladinguls við höfuðáverka eða innanskúmsblæðingar“.

**2008/917** – Karl K. Andersen, Axel F. Sigurðsson, Þorvaldur Magnússon og Árni Kristinsson fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Slembiraðaðrar, tvíblindrar, fasa 2, samhliða, fjölsetra rannsóknar til að meta verkun og öryggi mismunandi skammta LCI699 samanborið við lyfleysu og virkt lyf eftir 8 vikna meðferð hjá sjúklingum með þrálátan háþrýsting.“

**2008/918** – Karl K. Andersen, sérfræðingur í lyf- og hjartalækningum á Landspítala, Axel F. Sigurðsson, sérfræðingur í lyf- og hjartalækningum á Hjartamiðstöðinni ehf., Þorvaldur Magnússon, sérfræðingur í lyflækningum og nýrnasjúkdómum á Læknasetrinu ehf., og Árni Kristinsson, forstöðulæknir á Rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Slembiröðuð, fasa 2, tvíblind, fjölsetra samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta áhrif LCI699 á kortisól hjá sjúklingum með háþrýsting. Rannsóknaráætlun CLCI699A2215“.

**2008/920** – Jakob Kristinsson, dósent, fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Banvænar eitranir meðal fíkla á Norðurlöndum 2007“.

**2008/956** – Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir á LSH, og Bára Benediktsdóttir, hjúkrunarfræðingur, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fjölpjódleg rannsókn á InterRAI matstæki fyrir Bráðalækningadeild“.

**2008/958** – Gunnar Geir Gunnarsson, verkefnastjóri slysaskráninga, fyrir hönd Umferðarstofu, fékk leyfi til miðlunar persónuupplýsinga til Krístrúnar Guðmundsdóttur og Ragnheiðar Erlu Eiríksdóttur vegna rannsóknar er varðar vélhjólalys á Íslandi á árunum 2003 til 2007.

**2008/958** – Ásta Steinunn Thoroddsen, dósent, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Vélhjólalys á Íslandi“.

**2008/958** – Ágúst Mogensen, fyrir hönd Rannsóknarnefndar umferðarslysa, fékk leyfi til miðlunar persónuupplýsinga til Krístrúnar Guðmundsdóttur og Ragnheiðar Erlu Eiríksdóttur vegna rannsóknar er varðar vélhjólalys á Íslandi á árunum 2003 til 2007.

**2008/965** – Anna Birna Almarsdóttir, prófessor á Lyfjafræðideild HÍ, og Ingunn Björnsdóttir, forstöðumaður RUL, fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsókn sem bar heitið „Lyf við langvinnum sjúkdómum – þróun aðferðarfræði til notkunar lyfjagagnagrunns við rannsóknir á meðferðarheldni og nýtingu lyfja.“

**2008/967** – Kristín Valgerður Ólafsdóttir, yfirfélagsráðgjafi á Landspítala, Ásta Jóna Ásmundsdóttir, félagsráðgjafi á Landspítala, Jón G. Stefánsson, yfirlæknir á Landspítala, Guðrún K. Blöndal, deildarstjóri á Landspítala, og Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, forstöðufélagsráðgjafi á Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif geðheilbrigðisþjónustu á lífsgæði geðfatlaðra í Hátúni 10. Sjónarhorn notenda“.

**2008/982** – Þóra Steingrímsdóttir, fæðingalæknir á kvennadeild Landspítala, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Styrkur gallsyra í naflastrengsblóði“.

**2009/2** – Sigurgeir T. Höskuldsson, læknir, og Hannes Sigmarsson, yfirlæknir heilsugæslu Fjarðarbyggðar, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Samantekt Heilsugæslustöðvar Fjarðarbyggðar árið 2008“.

**2009/16** – Halla Skúladóttir, yfirlæknir á Landspítala, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hefur tjáning insulin-like growth factor viðtakans (IGFR) í lungnavef áhrifur sjúklinga með lungnakrabbamein?“

**2009/19** – Elsa Björk Valsdóttir, sérfræðilæknir á Landspítala, Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir, og Helgi Kjartan Sigurðsson, sérfræðilæknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni og alvarleiki C. difficile ristilbólgu á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi 1998 til 2008“.

**2009/39** – Unnur A. Valdimarsdóttir (Miðstöð Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum), Helle Kieler (Karolinska Institutet í Stokkhólmi) og Helga Zoëga, doktorsnemi, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsókn á áhrifum SSRI þunglyndislyfja meðal barnshafandi kvenna á fæðingarútkomur og mögulega fæðingargalla (SSRI Use during Pregnancy and Adverse Effects in the Offspring: A Nordic Collaborative Study).

**2009/47** – Íslensk erfðagreining ehf. (ÍE), Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, og dr. Ástráður Hreiðarsson, yfirlæknir á göngudeild sykursjúkra, fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Rannsóknar á erfðum fullorðinssykursýki (type II diabetes; T2d)“.

**2009/49** – María Ingibjörg Gunnbjörnsdóttir, MD og Phd., Davíð Gíslason, yfirlæknir, og Þórarinn Gíslason, yfirlæknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „FAST fæðuofnæmisrannsókn“.

**2009/52** – Agnes Smáradóttir, krabbameinslæknir, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Vélindakrabbamein á Íslandi 1992–1996 og 2002–2006“.

**2009/65** – Jón Gunnlaugur Jónasson, prófessor og yfirlæknir Krabbameinsskrár, Laufey Tryggvadóttir, faraldsfræðingur og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár, og Páll Helgi Möller, dósent og yfirlæknir á handlækningadeild Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Einkenni og stígun krabbameina í ristli á Íslandi 1995–2004 –Tengsl einkenna við meinafræði æxlanna“.

**2009/67** – Hannes Petersen, yfirlæknir og dr. med., fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Slembiröðuð, blinduð, fasa IIa, samhliða samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta verkun, öryggi og þol týmóls 4% við endurtekna lyfjagjöf í ytra eyra hjá börnum tveggja ára eða eldri sem greinst hafa með væga eða meðalsvæsna miðeyrnabólgu“.

**2009/77** – Sigrún Knútsdóttir, yfirsjúkrapjálfari, og Herdís Þórisdóttir, sjúkrapjálfari, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Faraldsfræði mænuskaða í slysum á Íslandi frá 1973 til 2008“.

**2009/81** – Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir á Landspítala Fossvogi, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Ofbeldi, orsakir og afleiðingar“.

**2009/92** – Kristinn Sigvaldason, yfirlæknir, Sigurberg Kárason, yfirlæknir, og Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Komur á Landspítala vegna umferðarslysa 2003–2008, eðli og umfang áverka.“

**2009/104** – Guðmundur Skarphéðinsson, sálfræðingur á barna- og unglingageðdeild Landspítala (BUGL), fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Þáttgreining Skimunarlista einhverfurófs (ASSQ)“.

**2009/105** – Páll Magnússon, sálfræðingur, og Guðmundur Á. Skarphéðinsson, sálfræðingur, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Réttmæti greindarprófs Wechslera (Wechsler Intelligence Scale for Children – fjórða útgáfa: WISC-IV) í hópi íslenskra barna með athyglisbrest með ofvirkni“.

**2009/117** – Helga Lára Helgadóttir og Helga Eiríksdóttir fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Verkjamat hjá eins til fjögurra ára börnum: Forprófun á verkjamatskvarða“.

**2009/133** – Runólfur Pálsson, dósent við HÍ og yfirlæknir nýrnalækninga á LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Framrás nýrnameins af völdum sykursýki 1 á Íslandi“.

**2009/144** – Dagmar Kristín Hannesdóttir, sálfræðingur, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Vitsmunabroski barna með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD): Styrkleikar og veikleikar metnir með greindarprófi Wechslera (WISC-IV<sup>IS</sup>, WPPSI-R<sup>IS</sup>)“.

**2009/146** – Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir á LSH, og Ragnheiður I Bjarnadóttir, kvensjúkdóma- og fæðingarlæknir á LSH fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Ábendingar, áhrifaþættir og útkoma, ytri vending vegna sitjandastöðu fósturs á Kvennadeild LSH tímabilið 2000–2008“.

**2009/147** – Íslensk erfðagreining ehf. (ÍE) og Þorvaldur Jónsson, dr. med., fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Rannsókn á erfðum æxla í miðtaugakerfi“.

**2009/153** – Pálmi Jónsson læknir, fékk leyfi til öflunar upplýsinga úr RAI-matsgagnagrunninum vegna rannsóknar undir yfirskriftinni „Rannsókn á erfðum langlífis“.

**2009/152** – Vilhjálmur Rafnsson, prófessor, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár, til aðgangs að krabbameinsskrá, til aðgangs að dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands og til samkeyrslu skráa með viðkvæmum upplýsingum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun heilbrigðisþjónustu og afdrif þeirra sem leituðu slysa- og bráðasviðs Landspítala.“

**2009/159** – Elsa Björk Valsdóttir, sérfræðingur í almennum skurðlækningum á Landspítala, Kristín Jónsdóttir, deildarlæknir á Landspítala, Páll Helgi Möller, sviðsstjóri á Landspítala, Shree Daye, yfirlæknir á handlækningadeild Sjúkrahúsins á Akureyri, og Fritz H. Berndsen, yfirlæknir á handlækningadeild Sjúkrahúsins og heilsugæslunnar á Akranesi, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni, greining og meðferð sjúklinga með rof á ristli á Íslandi 1997–2007“.

**2009/162** – Karl G. Kristinsson, læknir, Ásgeir Haraldsson, prófessor, og Hannes Petersen, dósent, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tengsl afdrifa bráðrar miðeyrnabólgu hjá börnum við sýklalyfjaónæmi“.

**2009/173** – Sveinn Óskar Sigurðsson fékk leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhrif fasteignaverðs á húsnæðislið vísitölu neysluverðs“.



**2009/176** – María K. Jónsdóttir, taugasálfræðingur og adjúntk í HÍ, og Jón G. Snædal, sérfræðingur á LSH, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „EEG mynstur í vægri vitrænni skerðingu: tengsl við taugasálfræðileg mynstur“.

**2009/184** – Sigurveig Þ. Sigurðardóttir, sérfræðingur í barnalækningum og ofnæmis- og ónæmis-lækningum á Landspítala, Björn Hjálmarsson, Katrín Davíðsdóttir, Ragnheiður Elísdóttir, Vilhjálmur Ari Arason, sérfræðingar í barnalækningum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og Ingileif Jónsdóttir, ónæmisfræðingur á Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Endurbólusetning með próteintengdu bóluefni gegn pneumókokkum – Einkenni ónæmissvörunar eftir fjölsyrku (REPLAY). Rannsóknaráætlun 6069A1-3013-EU“.

**2009/190** – Hildur Harðardóttir, dósent við HÍ og sviðsstjóri á Landspítala, Gunnlaugur Sigfússon, hjartasérfræðingur á Barnaspítala Hringins, og Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir á kvennasviði Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og samkeyrslu vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fósturhjarðaómskoðanir á Íslandi 2003 – 2007 – ábendingar útkoma og samanburður við greiningu meðfæddra hjartagalla eftir fæðingu“.

**2009/191** – Helga Jónsdóttir, Alda Gunnarsdóttir, Birgir Hrafnkelsson, Gunnar Guðmundsson, Ingibjörg K. Stefánsdóttir, Jón Steinar Jónsson, Ólöf Ámundadóttir, Rósa Jónsdóttir, Þorbjörg Sóley Ingadóttir, Þórarinn Gíslason og Merian Litchfield, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Efling heilbrigðis og sjálfsmönunnar: Rannsókn fyrir einstaklinga með langvinna lungnateppu og fjölskyldur þeirra“.

**2009/198** – Unnur Guðjónsdóttir, deildarlæknir á Landspítala, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur flýttibata meðferðar við ristilúrnám á Landspítala“.

**2009/211** – Ófeigur T. Þorgeirsson, yfirlæknir, Helga Pálmadóttir, hjúkrunarfræðingur, og Margrét Lilja Guðmundsdóttir, adjúntk, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Ofbeldi á Íslandi – vaxandi vandamál“.

**2009/214** – Guðmundur Geirsson, þvágfæraskurðlæknir, og Hermann Páll Sigbjarnarson, læknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Góðkynja stækkun á hvekk – ábendingar og aðferðir.“

**2009/218** – Halldóra Erlendsdóttir, f.h. Novartis Pharma AG, Magni Jónsson, sérfræðingur í lyflækningum og lungnasjúkdómum, Dóra Lúdvíksdóttir, sérfræðingur í ofnæmis- og lungnasjúkdómum, Eyþór Björnsson, sérfræðingur í lungnasjúkdómum, og Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í lyflækningum og lungnasjúkdómum, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „IIIb. stigs, fjölsetra, 52 vikna slembuð, blinduð, tvílyfleysu samanburðarrannsókn á meðferðarárangri hjá samhliða hópum, með samanburði á, annars vegar árangri meðferðar með indacateróli 150 µg til innöndunar einu sinni á dag og hins vegar meðferð með tíótrópíum 18 µg til innöndunar einu sinni á dag, [áhrif] á lungnastarfsemi, fjölda versnana og tengdar niðurstöður hjá sjúklingum með langvinna lungnateppu (LLT)“.

**2009/219** – Halldóra D. Gunnarsdóttir, fyrir hönd Barnaverndar Reykjavíkur, fékk heimild til miðlunar upplýsinga til Unnar Agnesar Jónsdóttur vegna rannsóknarinnar „Fósturráðstafanir. Umgengnisréttur kynforeldra og réttarstaða fósturforeldra við ákvörðun um slíkan umgengnisrétt“.

**2009/220** – Helgi Þór Ingason, dósent við Háskóla Íslands, og Hulda Guðmundsdóttir, MPM og verkfræðingur á heilbrigðis- og upplýsingatækisviði Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkra-

skrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afhjúpun á hegðun sjúklingaflæðis í gegnum Landspítala og gerð forsparlíkans um framboð og eftirspurn á rúmunum“.

**2009/231** – Stéttarfélagin Efling, Sjúkraliðafélag Íslands og Verkalýðsfélagið Hlíf fengu leyfi til að miðla upplýsingum um félagsmenn stéttarfélaganna til Elísabetar Karlsdóttur vegna rannsóknar er ber yfirskriftina: „Care workers in the field of elderly care in Iceland“.

**2009/246** – Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor og forstöðumaður fræðasviðs barnahjúkrunar, og Margrét Eyþórsdóttir, barnahjúkrunarsérfræðingur, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhættueftirlit á Vökudeild – nýburar sem koma inn til eftirlits í skamman tíma“.

**2009/256** – Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir, og Kristinn B. Jóhannsson, skurðlæknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur lungnasmækkunaradgerða við alvarlegri lungnaþembu á Íslandi 1996–2008“.

**2009/259** – Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum og almennum lyflækningum LSH, Hallgerður Lind Kristjánsdóttir, deildarlæknir lyflækningasviðs LSH, og Sigrún Perla Böðvarsdóttir, deildarlæknir kvennadeildar LSH, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Sheehan heilkenni á Íslandi“.

**2009/269** – Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir, og Sigfús Nikulásson, sérfræðingur, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á góðkynja og illkynja æxlum með uppruna í hóstakirtli.

**2009/274** – Íslensk erfðagreining ehf. (ÍE), Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga á Landspítala, Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðilæknir, Viðar Arnar Eðvarðsson, sérfræðilæknir, Hilma Hólm, verkefnisstjóri hjá ÍE, og Daníel Guðbjartsson, forstöðumaður hjá ÍE, fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði langvinnis nýrnasjúkdóms og þáttur erfða í meinmyndun og framrás nýrnabilunar“.

**2009/275** – Guðlaug Þorsteinsdóttir, geðlæknir og teymisstjóri átröskunarteymis Landspítala, fékk leyfi vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Mat á árangri meðferðar átröskunarteymis LSH við lotugræðgi á árunum 2007–2008“.

**2009/279** – Elísabet Gísladóttir, nemandi í lögfræði við Háskóla Íslands, fékk leyfi til aðgangs að gögnum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif ofbeldis á heimilum á ákvarðanir í umgengnisréttar- og forsjármálum barna“.

**2009/303** – Örvar Arnarson, deildarlæknir á LSH, Elsa Björk Valsdóttir, sérfræðilæknir á LSH, og Páll Helgi Möller, yfirlæknir á LSH, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Samanburður á gerð stóma gegnum kviðsjá og með opinni aðgerð“.

**2009/314** – Unnur A. Valdimarsdóttir fékk leyfi til að samkeyra persónuupplýsingar í gagnabanka Reykjavíkurrannsóknar/öldrunarrannsóknar Hjartaverndar saman við íbúaskrá mannfjölda og manntalsdeildar Hagstofu Íslands, skrá Erfðafræðinefndar HÍ og Dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands. Um var að ræða vinnslu í þágu rannsóknarinnar „Áföll og áhrif þeirra á heilabilun og heilavefsbreytingar“. Hjartavernd, Hagstofa Íslands, skrá Erfðafræðinefndar HÍ og Dánarmeinaskrá fengu leyfi til vinnslu upplýsinga í þágu sömu rannsóknar.

**2009/321** – Sigrún Garðarsdóttir, yfiriðjuþjálfí á LSH, Sigprúður Loftsdóttir, iðjuþjálfí, og Páll E. Ingvarsson, læknir á LSH, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Framfarir í athöfnum daglegs lífs eftir færniþætandi handaskurðaðgerðir á mænusköðuðum Íslendingum“.

**2009/337** – Tómasi Guðbjartssyni, hjarta- og lungnaskurðlækni, prófessor og yfirlækni á LSH, og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, hjúkrunarfræðingi, var veitt leyfi vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun og árangur af sárasogsmeðferð á Íslandi 2008“.

**2009/380** – Ingibjörg Hilmarsdóttir, sérfræðilæknir á LSH, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Faraldsfræði Giardia lamblia á Íslandi: arfgerðagreining á Giardia sem greinst hefur í saursýnum manna“.

**2009/415** – Páll Helgi Möller, sviðsstjóri skurðlækningasviðs á Landspítala, og Stefán Haraldsson, deildarlæknir á Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Viðbótar meðferð með krabbameinslyfjum eftir skurðaðgerð við stigs III ristilkrabbameini á Íslandi á árunum 1995–2004“.

**2009/421** – Þórarinn Gíslason, yfirlæknir á lungnadeild LSH, og Halldóra Brynjólfssdóttir, lífeðlisfræðingur á lungnadeild LSH, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Blóðþrýstingur kæfisvefnssjúklinga (miðlæggar- og sólarhringsmælingar) – tengsl við starfsemi æðabæls og áhrif meðferðar“.

**2009/473** – Helgi Sigurðsson, prófessor við læknaeild Háskóla Íslands, Jón Gunnlaugur Jónasson, yfirlæknir Krabbameinsskrár Íslands, og Landlæknisembættið fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Metformín, sulfonurealyf og krabbamein“.

**2009/421** – Þórarinn Gíslason, yfirlæknir á lungnadeild Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif kæfisvefnis meðferðar á áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma“.

**2009/434** – Herdís Sveinsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, og Rannveig J. Jónsdóttir, nemi í meistaranámi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Heilsutengd lífsgæði og einkenni áfallastreituröskunar hjá einstaklingum 3 til 15 mánuðum eftir útskrift af gjörgæsludeild – lýsandi þverskurðarrannsókn“.

**2009/468** – Atli F. Magnússon, atferlisfræðingur, Helga Kristinsdóttir, sálfræðingur á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Anna Lind Pétursdóttir, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands, Sigríður Lóa Jónsdóttir, sálfræðingur á Greiningar- og ráðgjafarstöð, og Tryggvi Sigurðsson, yfirsálfræðingur stöðvarinnar, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Mat á árangri snemmtækra, heildstæðra atferlisáhlutunar fyrir börn í áhættuhópi fyrir þroskahömlun“.

**2009/469** – Atli F. Magnússon, atferlisfræðingur, Helga Kristinsdóttir, sálfræðingur, Anna Lind Pétursdóttir, lektor við HÍ, Sigríður Lóa Jónsdóttir, sálfræðingur og Tryggvi Sigurðsson, yfirsálfræðingur á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Mat á árangri snemmtækra heildstæðra atferlisáhlutunar fyrir barn með Downs-heilkenni“.

**2009/473** – Helgi Sigurðsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, og Jón Gunnlaugur Jónsson, yfirlæknir Krabbameinsskrár Íslands, fengu leyfi rannsóknarinnar „Metformin, sulfonurealyf og krabbamein“.

**2009/475** – Alma Möller, yfirlæknir gjörgæsludeildar 12-B, og Sif Sumarliðadóttir, hjúkrunarfræðingur og nemi í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Kostnaðar-virknigreining á hjartaaðgerðum einstaklinga yfir 80 ára“.

**2009/479** – Friðbjörn Sigurðsson, lyf- og krabbameinlæknir á Landspítalanum, Kristín Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum, og Ásta Dís Óladóttir, forseti viðskiptafræðideildar Háskólans á Bifröst, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rist-ilkkrabbamein, kostnaður vegna sjúkdóms og skimunar“.

**2009/484** – Viðar Arnar Eðvarðsson, sérfræðingur í nýrnalækningum barna, Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga á Landspítala, og Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir erfða- og sameindalækniisfræðideildar Landspítala, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Arfgengar orsakir nýrnasteina og nýrnabilunar. Þættir sem stuðla að steinamyndun og nýrnasjúkdómi hjá sjúklingum með adenínfosfóribósyltransferasa-skort og 2,8-dihydroxyadenínmigu.“

**2009/509** – Þórdís Kjartansdóttir, sérfræðingur á lýtalækningadeild Landspítala, Svanheiður Lóa Rafnsdóttir, læknir, Regína Ólafsdóttir, sálfræðingur, og Þorvaldur Jónsson, sérfræðingur á skurðlækningadeild, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Lífsgæði og líðan kvenna sem gangast undir brjóstauppbýggingu eftir brottám brjóst/brjósta í kjölfar krabbameinsgreiningar“.

**2009/513** – Jóhanna Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Sálfræðiþjónustu Geðsviðs á BUGL, Ósk Sigurðardóttir, yfiriðjubjálfi BUGL, Margrét Gísladóttir, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingur BUGL, Áslaug Kristjánsdóttir, hjúkrunar- og kynfræðingur, og Dagbjört Sigurðardóttir, barna- og unglingageðlæknir BUGL, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Unglingar í yfirþyngd og fjölskyldur þeirra: Leið til betra lífs og bættrar heilsu“.

**2009/520** – Rósa Björk Barkardóttir fékk leyfi til flutnings lífssýna úr landi vegna rannsóknarinnar „Leit að erfðavísu tengdum brjóstakrabbameini“.

**2009/526** – Haukur Halldórsson, laganemi, fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga og Sýslumaðurinn í Reykjavík fékk leyfi til að miðla upplýsingum vegna rannsóknar sem heitir „Um skilyrði kyrretninga eigna“.

**2009/528** – Ingibjörg Gunnlaugsdóttir fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga og Barnavernd Reykjavíkur fékk heimild til miðlunar upplýsinga vegna rannsóknarinnar „Þarf að láta reyna oftari forsjársviptingu en gert er? Gera lögin of strangar kröfur?“

**2009/536** – Friðbjörn Sigurðsson, læknir á Landspítala, og Þorgerður Guðmundsdóttir, deildarlæknir á Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Nýrnahettukrabbamein á Íslandi“.

**2009/542** – Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, og Jón Jóhannes Jónsson, prófessor, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Spennuvísun á Íslandi/faraldsfræði Myotonic Dystrophy á Íslandi“.

**2009/543** – Ásgeir Haraldsson, læknir á Barnaspítala Hringins, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Innlagnir barna á gjörgæsludeildir Landspítalans“.

**2009/559** – Landlæknisembættið fékk leyfi til samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins til miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhættuþættir í fæðingu og á meðgöngu fyrir einhverfu“.

**2009/560** – Novartis Pharma AG og Bárður Sigurgeirsson, Birkir Sveinsson, Jón Hjaltalín Ólafsson, Jón Þrándur Steinsson og Steingrímur Davíðsson, sérfræðingar í húð- og kynsjúkdómum á Húðlæknastöðinni, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „A randomized, double-blind, placebo controlled, multicenter regimen finding study of subcutaneously administered AIN457, assessing Psoriasis Area and Severity Index (PASI) response in patients with moderate to severe chronic plaque-type psoriasis“.

**2009/569** – Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir á Landspítalanum, Jón Magnús Kristjánsson, slysa- og bráðalæknir á Landspítalanum og William Kristjánsson, læknanemi, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hestaslys, orsakir og afleiðingar“.

**2009/577** – Elías Ólafsson, yfirlæknir á taugalækningadeild LSH, Grétar Guðmundsson, taugalæknir á LSH, og Þórunn Hannesdóttir, læknanemi, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni motor neuron sjúkdóms (MND, ALS hreyfitaugahrönnunar) á Íslandi á 30 ára tímabili“.

**2009/601** – Guðrún Björk Reykdal, deildarstjóri rannsókna og þjónustumats, f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga og Samhjálp, Hjálparstarf kirkjunnar, Reykjavíkureild Rauða kross Íslands, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Hjálpræðisherinn, Fangelsismálastofnun og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fengu leyfi til miðlunar upplýsinga í tengslum við rannsókn er ber yfirskriftina „Utangarðsfólk í Reykjavík - kortlagning og rannsókn“.

**2009/651** – María Káradóttir, nemandi í lögfræði við Háskóla Íslands, og Útlendingastofnun fengu leyfi til aðgangs að gögnum og vinnslu upplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsóknarúræði 29. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002“.

**2009/653** – Ingibjörg Hilmarsdóttir, sérfræðilæknir á sýkladeild Landspítalans, fékk leyfi vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Breiðvirkir beta-laktamasar í Gram-neikvæðum bakteríum: rannsókn á arfgerð beta-laktamasa í stofnum sem greinst hafa á Sýklafræðideild LSH“.

**2009/654** – Óskar Einarsson, læknir og sérfræðingur í lungnalækningum á Landspítala, Agnar Bjarnason, Guðný Stella Guðnadóttir, Hallgerður Lind Kristjánsdóttir, Sigríður Bára Fjalldal, læknar á Lyflækningasviði Landspítala, og Hulda Rósa Þórarinsdóttir, læknir á Svæfinga- og gjörgæslusviði Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur LSH í fyrirbyggjandi meðferð gegn bláæðasegum og lungnablóðreki“.

**2009/660** – Maríanna Þórðardóttir, nemi, og Ludvig Á. Guðmundsson, yfirlæknir á Reykjalundi, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif offitumeðferðar, atferlismeðferð og magahjáveituaðgerð, á félagslega líðan fólks með alvarlega offitu“.

**2009/660** – Gísli Vigfússon, yfirlæknir á LSH, og Gísli H. Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif aldurs og kyns sjúklunga á árangur utanbastmeðferðar eftir stórar skurðaðgerðir“.

**2009/674** – Þórarinn Tyrfingsson og Valgerður Rúnarsdóttir, læknar á SÁÁ og sjúkrahúsinu Vogu, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Naltrexone forðalyf til meðferðar á amfetamínfíkn á Íslandi“.

**2009/675** – Zulima Gabriela Sigurðardóttir, dósent í sálfræði við Háskóla Íslands, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknar sem ber yfirskriftina „Sérfræðiráðgjöf við snemmtæka íhlutun dreifbýlisbarna með frávik í þroska“.

**2009/676** – Íslensk erfðagreining ehf. (ÍE), Kári Stefánsson, læknir og forstjóri ÍE, Guðmundur Þorgeirsson, yfirlæknir á Hjartadeild Landspítalans, Matthías Halldórsson, landlæknir, og Hilma Hólm, hjartalæknir, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Leit að erfðabáttum sem tengjast svörun við blóðfituhækkandi lyfjameðferð“.

**2009/706** – Íslensk erfðagreining ehf., Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, Guðmundur Þorgeirsson, yfirlæknir á hjartadeild Landspítalans, Matthías Halldórsson, landlæknir, og Hilma Hólm, hjartalæknir á Læknasetrinu Mjódd, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Leit að erfðabáttum sem tengjast svörun við blóðfitulækkandi lyfjameðferð“.

**2009/737** – Íslensk erfðagreining ehf., Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir á geðdeild Landspítala, og Stefán Hreiðarsson, læknir og forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhrif eintakabreytileika í erfðamenginu“.

**2009/747** – Dórothea Bergs, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í hjúkrun langveikra á taugaendurhæfingardeild Landspítala, Grensási, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Gott næringarástand bætir lífsgæði heilablóðfallssjúklinga“.

**2009/756** – Ásta Kristín Victorsdóttir, nemi í félagsráðgjöf, Chien Tai Shill, aðjúnkt og Þuríður Maggý Magnúsdóttir, félagsráðgjafi, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Heilaskaði – ferli að endurhæfingu á Reykjalandi“.

**2009/784** – Davíð O. Arnar, yfirlæknir á Landspítalanum, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Faraldsfræði gáttatífs á Íslandi 1987–2008“.

**2009/791** – Halla Viðarsdóttir, deildarlæknir á Landspítalanum, og Tómas Guðbjartsson og Páll H. Möller, sérfræðingar á Landspítalanum, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Skurðaðgerðir vegna meinvarpa í lungum á LSH 1984–2008“.

**2009/810** – Jón Snædal, læknir á LSH, Tómas H. Pajdak, læknanemi, Þorkell Elí Guðmundsson, sérfræðingur, og Gísli Hólmar Jóhannesson, framkvæmdastjóri klínískra tilrauna hjá Mentis Cura ehf., fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og samkeyrslu vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Notkun megindlegra heilarita til að spá fyrir um framgang vægrar vitrænnar skerðingar“.

**2009/813** – Vinnuálastofnun fékk leyfi til að miðla upplýsingum í þágu rannsóknar félagsmálaráðuneytisins sem heitir „Námsstaða atvinnulausra sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi“.

**2009/819** – Evald Sæmundsen, sviðsstjóri á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Faraldsfræði raskana á einhverfurófi á Íslandi (e. Epidemiology of autism spectrum disorders in Iceland)“.

**2009/831** – Halldóru Erlendsdóttir f.h. Novartis Pharma AG, Bárði Sigurgeirssyni, Birki Sveinsyni, Jóni Hjaltalín Ólafssyni, Jóni Þrándi Steinssyni og Steingrími Davíðssyni, sérfræðingum í húð- og kynsjúkdómum á Húðlæknastöðinni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Slembuð, tvíblind, fjölsetra samanburðarrannsókn með lyfleysu og AIN457 í mismunandi skömmtum, gefið undir húð, til að meta svörun á PASI-kvarða (psoriasis svæða- og alvarleikastuðli) hjá sjúklingum með meðallagi slæman til slæman langvinnan skellupsoriasis“.

**2009/840** – Dagmar Kristín Hannesdóttir, sálfræðingur, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Samsláttur einhverfurófraskana og athyglisbrests með ofvirkni (ADHD)“.

**2009/864** – Helga Sif Friðjónsdóttir, lektor við Hjúkrunardeild HÍ, og Margrét Héðinsdóttir, sviðsstjóri skólasviðs Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, fengu leyfi vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Reynsla foreldra of feitra barna og væntingar þeirra til heilbrigðiskerfisins“.

**2009/870** – Ásgeir Haraldsson, prófessor og yfirlæknir á Barnaspítala hringins, Davíð Þór Þorsteinsson, deildarlæknir, Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir, og Helga Bjarnadóttir, líffræðingur, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Epstein Barr veirusýkingar, klínísk einkenni, afdrif, ættarsaga og aðrir meðfylgjandi sjúkdómar“.

**2009/873** – Ásgeir Haraldsson, prófessor og yfirlæknir á Barnaspítala Hringins, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun immunoglobulina á Landspítalanum 2001–2008“.

**2009/878** – Jón Snædal, yfirlæknir á Öldrunarlækningadeild LSH, Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir á Skurðeild LSH og Kristinn Johnsen, framkvæmdastjóri Mentis Cura, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Opnar kransæðaáðgerðir, vitræn geta, þunglyndi og heilarit“.

**2009/879** – Halldóra Erlendsdóttir, f.h. Novartis Pharma AG, Karl Andersen, hjartalæknir á Landspítalanum, Axel F. Sigurðsson og Halldóra Björnsdóttir, hjartalæknar hjá Hjartamiðstöðinni, Gestur Þorgeirsson, Inga S. Þráinsdóttir, Jón V. Högnason, og Ragnar Danielsen, hjartalæknar á Landspítalanum, og Þórarinn Guðnason, hjartalæknir hjá Læknasetrinu, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „A multicenter, randomized, double-blind, parallel group, active-controlled study to evaluate the efficacy and safety of LCZ696 compared to enalapril on morbidity and mortality in patients with chronic heart failure and reduced ejection fraction“.

**2009/908** – Guðrún Karlsdóttir, endurhæfingarlæknir á Landspítala, Sigrún Garðarsdóttir, yfiriðjuþjálfari á Landspítala og Jónas G. Halldórsson, taugasálfræðingur á Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Klínískur gangur og þættir sem hafa áhrif á horfur einstaklinga með alvarlega áverka á heila. Samnorræn rannsókn“.

**2009/923** – Magnús Jóhannsson, læknir á Landspítalanum, Sif Ormarsdóttir, yfirlæknir og Sigurður Ólafsson, yfirlæknir á Landspítalanum, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Lifrarskemmdir af völdum náttúruafna“.

**2009/948** – Arna Guðmundsdóttir, innkirtlasérfræðingur, Einar Stefánsson, yfirlæknir á LSH, og Eydís Ólafsdóttir, augnlæknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Áhættureiknivél í sykursýki, áreiðanleikaprófanir“.

**2009/951** – Sigrún Vala Björnsdóttir, sjúkraþjálfari og lektor, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Samanburður á hörmungarhyggju, heilsutengdum lífsgæðum og verkjum hjá sjúklingum eftir hálsnhykksáverka“.

**2009/956** – Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir á LSH, og Bára Benediktsdóttir, hjúkrunarfræðingur, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fjölbjóðleg rannsókn á InterRAI matstæki fyrir Bráðalækningadeild“.

**2009/958** – Gísli Heimir Sigurðsson, prófessor við Háskóla Íslands og yfirlæknir svæfinga- og gjörgæsludeildar Landspítala, og Kristinn Sigvaldason, yfirlæknir á Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina: „Gjörgæslusjúklingar með influenzu A(H1N1) – svínaflensu“.

**2009/969** – Íslensk erfðagreining, Guðmundur Vikar Einarsson, Guðmundur Geirsson og Dr. Þórunn Rafnar, deildarstjóri krabbameinsrannsókna ÍE, fengu aðgang að dulkóðuðum upplýsingum úr lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins í þágu rannsókna á blöðruhálskirtilskrabbameini og góðkynja stækkum blöðruhálskirtils.

**2009/972** – Uggi Þ. Agnarsson, sérfræðingur á Landspítala, Guðmundur Þorgeirsson, prófessor, og Jón V. Högnason, sérfræðingur á Landspítala, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Hjartabolsbólga greind á Landspítala 1999–2008“.

**2009/973** – Einar Stefán Björnsson, Einar Oddsson, Sjöfn Kristjánsdóttir, Kjartan Örvar og Guðjón Kristjánsson, sérfræðilæknar, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Nýgengi bólgusjúkdóma í meltingarvegi í Evrópu, EPICOM“.

**2009/975** – Hildur Einarsdóttir, röntgensérfræðingur, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Áhrif segulómunar af brjóstum á meðferðarplön nýgreindra kvenna með brjóstakrabbamein á Íslandi“.

**2009/976** – Gísli Vigfússon, yfirlæknir á LSH, og Gísli H. Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Áhrif aldurs og kyns sjúklunga á árangur utanbastmeðferðar eftir stórar skurðaðgerðir“.

**2009/977** – Ingibjörgu Hilmarsdóttur, sérfræðilækni á LSH, var veitt heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Breiðvirkir beta-laktamasar á Landspítala háskóla-sjúkrahúsi: faraldsfræði á árunum 2007 – 2009“.

**2009/985** – Þjóðbjörg Guðjónsdóttir, sjúkraþjálfari og lektor, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Munur á setustöðu ófatlaðra barna og barna með CP mældur með þrýstimottu“.

**2009/991** – Ingibjörg Georgsdóttir, læknir á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Atli Dagbjartarson, barnalæknir, Ásgeir Haraldsson, Einar Stefánsson og Hannes Petersen, yfirlæknar, Snæfríður Þóra Egilsson, dósent, Þóra Leósdóttir, iðjuþjálfari, Evald Sæmundsen, sálfræðingur, Gígja Erlingsdóttir og Arnar Þór Tulíníus, nemar, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Litlir fyrirburar – langtímaeftirlit“.



**2009/1006** – Þorvaldur Jónsson, skurðlæknir á Landspítala, Jón Hrafnkelsson, krabbameinslæknir, og Jón Gunnlaugur Jónasson, læknir, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Skjaldkirtilkrabbamein á Íslandi 1994–2003, faraldsfræði, meinafræði og meðferð“.

**2009/1022** – Halldór Jónsson jr., prófessor og yfirlæknir, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Staða axlar, hreyfigeta og vandamál í kjölfar tognunar á ytri viðbeinslið (AC lið)“.

**2009/1034** – Ásta Steinunn Thoroddsen, dósent við hjúkrunarfræðideild HÍ, og Guðbjörg Eggertsdóttir, nemi við Háskóla Íslands, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „CPEF (CP Eftirfylgt); Þýðing og innleiðing þverfaglegs mats á færni barna með CP á Íslandi“.

**2009/1037** – Gildi lífeyrissjóði, Sameinaða lífeyrissjóðinum, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Vátryggingafélagi Íslands hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og Verði vátryggingum hf. var veitt heimild til að miðla upplýsingum og Guðmundi Sigurðssyni var veitt heimild til eftirfarandi vinnslu upplýsinganna vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Mat lífeyrissjóða á orkutapi“.

**2009/1042** – Ásgerður Sverrisdóttir, Krabbameinslæknir á LSH, Helgi Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir, Jón Gunnlaugur Jónasson, yfirlæknir, Bjarni Agnarsson, dósent og Valgerður Dóra Traustadóttir, læknanemi í HÍ, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Her-2 í brjóstakrabbameini á Íslandi; Tíðni, áhrif á meðferð og horfur“.

**2009/1043** – Friðbirni Sigurðssyni, lækni á lyflækningadeild krabbameina LSH, og Kristni Loga Hallgrímssyni, deildarlækni á LSH, var veitt heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Nevróendókrín æxli í meltingarvegi og brisi á Íslandi 1957–2009“.

**2009/1057** – Jónína Guðjónsdóttir, lektor í geislafræði við Háskóla Íslands og geislafræðingur á Læknisfræðilegri myndgreiningu, fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Tölvusneiðsmyndarannsóknir af kransæðum: Áhrif kalks í kransæðum á greiningargildi æðarannsóknar“.

**2009/1073** – Þórði Þorkelssyni var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Tíðni heilablæðinga hjá fyrirburum, áhættuþættir og afleiðingar hennar“.

**2009/1076** – Svanhvit Yrsa Árnadóttir, laganemi, Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild HÍ, og Hulda Elsa Björgvinsdóttir, settum saksóknara, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Heimild ákærvalds til að vísa frá kærnu eða hætta rannsókn á grundvelli 4. mgr. 52. gr. og 145. gr. sakamálagala nr. 88/2008“.

**2009/1084** – Óskari Þór Jóhannssyni, sérfræðingi í krabbameinslækningum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „A randomized phase III study comparing trastuzumab plus docetaxel (HT) followed by 5-FU, epirubicin, and cyclophosphamide (FEC) to the same regimen followed by single-agent trastuzumab as adjuvant treatments for early breast cancer. The synergism or long duration (SOLD) study“.

**2009/1089** – Sigurður Ólafsson, meltingarlæknir, Einar S. Björnsson, yfirlæknir meltingarlækninga á Landspítala, Óttar Bergmann, meltingarlæknir, Jón Gunnlaugur Jónasson, meinafræðingur, Andrés Magnússon, geðlæknir, Nick Cariglia, meltingarlæknir og yfirlæknir, og Bjarni Þjóðleifsson, prófess-

or emerítus, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Skorpu- lifur á Íslandi“.

**2009/1119** – Gunnari Jónassyni, lækni á Landspítalanum, Ólafi Baldurssyni, Herði Bergsteins- syni, Lúther Sigurðssyni, Sigurði Kristjánssyni, læknum á Landspítalanum, og Tonie G. Sörensen, hjúkrunarfræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskrift- ina „Skráning íslenskra sjúklinga með slímseigjusjúkdóm í evrópskan gagnagrunn (European Cystic Fibrosis Registry, ECFR) samkvæmt skráningarleiðbeiningum EFCR“.

## 3.2. Nánar um ýmis mál

### 3.2.1. Skráning upplýsinga um hjartasjúklinga, sem notið hafa meðferðar á Landspítala, í gagnagrunn í Svíþjóð til nota við m.a. lækni meðferð – mál 2008/973

Persónuvernd barst erindi frá LSH varðandi gerð samnings við Uppsala kliniska forskningscentrum með aðsetur í Akademiska sjukhuset, Uppsölum, Svíþjóð, um skráningu upplýsinga um hjartasjúk- linga. Persónuvernd svaraði með bréfi, dags. 29. janúar. Þar segir:

„Niðurstaða Persónuverndar

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lif- andi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af þessu leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Við mat á heimild til skráningar persónuupplýsinga í gagnagrunna skiptir máli hvers eðlis þær eru, þ. á m. hvort um sé að ræða sjúkraskrárupplýsingar. Í 1. og 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, sbr. 6. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997 um rétt- ind í sjúklinga, er að finna svohljóðandi skilgreiningu á sjúkraskrár:

„Sjúkraskrá [...] er safn sjúkragagna sem unnin eru eða fengin annars staðar frá vegna með- ferðar einstaklinga hjá lækni eða í heilbrigðisstofnun.

Sjúkragögn í sjúkraskrá geta verið lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgen- myndir, línurit eða upptaka sem numin hefur verið með hjálp tæknibúnaðar. Gögnin innihalda upplýsingar um heilsufar og aðra einkahagi viðkomandi einstaklinga og tímasettar upplýsingar um það sem gerist eða gert er meðan einstaklingurinn er í meðferð hjá lækni eða í heilbrigð- isstofnun.“

Ráðið verður af gögnum málsins að þær upplýsingar, sem Landspítalinn muni skrá í gagnagrunn- inn RIKS-HIA, séu sjúkraskrárupplýsingar. Því sé hér um að ræða rafrænar sjúkraskrár sem notaðar verði vegna meðferðar sjúklinga og gæðaeftirlits.

Upplýsingar í sjúkraskráum lúta að heilsuhögum. Þær eru því viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Svo að vinnsla slíkra upplýsinga sé heimil þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. laganna. Eins og endranær við vinnslu persónuupplýsinga þarf einnig að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laganna.

Samkvæmt 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu. Þá er í 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. mælt fyrir um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 7. tölul. sömu málsgreinar á hið sama við þegar vinnsla er nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Persónuvernd telur umrædda vinnslu fá samrýmst þessum ákvæðum. Einnig verður hins vegar að vera farið að þeim sérákvæðum sem gilda um sjúkraskrár. Meðal þessara sérákvæða er 1. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997 þar sem mælt er fyrir um að sjúkraskrá skuli varðveitt á heilbrigðisstofnun þar sem hún er færð eða hjá lækni eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni sem hana færir á eigin starfsstofu.

Í framkvæmd hefur Persónuvernd litið svo á að þetta ákvæði banni ekki útvistun sjúkraskráa hjá þjónustuaðila, í þessu tilviki Uppsala kliniska forskningscentrum, heldur sé því ætlað að tryggja að ekki sé fyrir hendi fyrirvaralaus aðgangur að sjúkraskrá utan þeirrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns þar sem hún er færð. Orðalag ákvæðisins miðist þannig við pappírsgögn og byggist á því að öryggi slíkra gagna sé ógnað séu þau ekki varðveitt á þeim tiltekna stað þar sem þau eru notuð, þ.e. vegna aðgangs óviðkomandi og einnig m.a. vegna hættu á að þau glatist í flutningum frá geymslustað til heilbrigðisstofnunar.

Samkvæmt þessu telur Persónuvernd lög nr. 74/1997 ekki banna að umræddar upplýsingar séu fluttar til Uppsala kliniska forskningscentrum og varðveittar þar. Taka verður hins vegar afstöðu til þess hvort lög nr. 77/2000 hamli flutningi umræddra upplýsinga þangað. Í 30. gr. þeirra laga er að finna takmarkanir á heimildum til flutnings persónuupplýsinga úr landi. Þær takmarkanir eiga ekki við þegar upplýsingar eru fluttar til lands sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000. Í Svíþjóð eru í gildi lög sem fullnægja kröfum þeirrar tilskipunar, þ.e. persónuupplýsingalögin (s. personuppgiftslagen) nr. 1998:204. Af því leiðir að heimildir til flutnings persónuupplýsinga til aðila, sem hafa staðfestu þar í landi, eru hinar sömu og ef um íslenska aðila væri að ræða. Er lög nr. 77/2000 því ekki því til fyrirstöðu, fremur en lög nr. 74/1997, að umræddar upplýsingar séu fluttar í framangreindan gagnagrunn.

Við varðveislu upplýsinga í gagnagrunninum verður að gæta að öryggi þeirra. Um það skal fara eftir sænskum lögum, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 3. mgr. 16. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB sem liggur lögnum til grundvallar. Lúta þau ákvæði að réttarsambandi ábyrgðaraðila og vinnsluaðila. Með ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga, í þessu tilviki Landspítala, er átt við þann sem ákveður hvers vegna og hvernig unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, og með vinnsluaðila, í þessu tilviki Uppsala kliniska forskningscentrum, er átt við þann sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. sömu greinar. Ábyrgðaraðili skal gera sérstakan samning við vinnsluaðila sem afmarkar réttindi og skyldur vinnsluaðilans, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000 og 16. gr. tilskipunarinnar. Í framangreindum ákvæðum þessara greina er mælt fyrir um að hafi vinnsluaðilinn staðfestu í öðru aðildarríki, í þessu tilviki Svíþjóð, skuli í slíkum samningi mælt fyrir um að við þá vinnslu, sem vinnsluaðilinn hefur með höndum, skuli um upplýsingaöryggi fara að lögum í ríki vinnsluaðilans.

Ákvæði í drögum að samningi Landspítalans og Uppsala kliniska forskningscentrum eru í samræmi við framangreint, sbr. liðinn „Processing“ í samningnum. Tekið skal fram að Persónuvernd telur þetta ákvæði ekki – né heldur framangreind ákvæði 13. gr. laga nr. 77/2000 og 16. gr. tilskipunar 95/46/EB – leiða til þess að sérákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um öryggi sjúkraskráa

gildi ekki um umræddar upplýsingar, enda lúta þau ekki aðeins að öryggisráðstöfunum sem slíkum heldur einnig trúnaðarskyldu og réttindum til aðgangs. Samkvæmt þessum ákvæðum skal þess gætt við aðgang að sjúkraskrár að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál, sem og m.a. að einungis þeir starfsmenn, sem nauðsynlega þurfa, hafi aðgang að þeim.

#### 4.

Samkvæmt framangreindu gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við að Landspítalinn feli Uppsala kliníska forskningscentrum með aðsetur í Akademíska sjúkhuset, Uppsölum, Svíþjóð, varðveislu sjúkraskrárupplýsinga um hjartasjúklinga á Landspítalanum, þ.e. í þeim tilgangi að nota þær vegna meðferðar sjúklinga og gæðaeftirlits. Um öryggi upplýsinganna gilda sænsk lög, að því undanskildu að fara ber að sérákvæðum 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um öryggi sjúkraskráa.“

### **3.2.2. Úrskurður um miðlun mætingareinkunnar nemandar sem var orðinn 20 ára – mál 2008/854**

Persónuvernd kvað upp úrskurð, dags. 23. febrúar 2009, vegna kvörtunar nemandar við Verslunarskóla Íslands yfir því að skólinn hafði miðlað upplýsingum um mætingareinkunn til foreldra. Nemandinn var orðinn 20 ára gamall. Í úrskurði Persónuverndar segir:

#### „1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

#### 2.

Vinnsla almennra persónuupplýsinga telst lögmæt ef hún fullnægir einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Á meðal þeirra er að hinn skráði hafi samþykkt vinnsluna, sbr. 1. tölul. 1. mgr., og að vinnsla sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða, sbr. 4. tölul. 1. mgr. Þá segir í 7. tölul. sömu málsgreinar að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna, m.a. slíkra hagsmuna þeirra sem upplýsingum er miðlað til, nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir að þessi vinnsluheimild eigi ekki við nema metið hafi verið hvort hagsmunir hins skráða af því að vinnslan fari ekki fram vegi þyngra en hagsmunir sem mæla með vinnslunni.

Mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga í skólastofnun þar sem nemendur eru flestir nálægt þeim aldri sem lögræði miðast við, þ.e. 18 ár. Í ljósi þess er eðlilegt, við túlkun umrædds ákvæðis 8. gr. laga nr. 77/2000, að líta sérstaklega til þeirra ákvæða í lögum sem varða réttarstöðu ungs fólks. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 verður fólk lögráða 18 ára að aldri. Í samræmi við það lýkur þá framfærsluskyldu foreldra. Af löggjöf verður ráðið að engu að síður geti ákveðnar skyldur hvílt á foreldrum gagnvart börnum sínum eftir þetta tímamark. Í samræmi við það kemur fram í 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 að sýslumaður geti úrskurðað foreldri til að greiða barni sínu framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt kröfu þess frá 18 ára aldri og allt til þess er það nær 20 ári aldri. Þegar litið er til þessa ákvæðis má telja ákveðnar skyldur geta hvílt á foreldrum fram

að þeim aldri sem geti orðið grundvöllur þess að slíkum upplýsingum, sem hér um ræðir, sé miðlað til þeirra.

Þegar atvik máls þessa urðu var kvartandi orðinn tvítugur. Ekki verður því séð að lagasjónarmið, sem leidd verða af 62. gr. barnalaga, geti haft í för með sér að á foreldrum hans hvíli einhverjar þær skyldur sem kallað geti á miðlun umræddra upplýsinga. Þá verður ekki séð að til sé að dreifa öðrum lagaákvæðum sem geti leitt til slíkrar niðurstöðu. Með vísan til þess telur Persónuvernd framangreint ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 ekki geta heimilað umrædda vinnslu. Hvað 4. tölul. varðar, sem Verzlunarskóli Íslands hefur sérstaklega vísað til, ber að hafa í huga skýringar í greinargerð með því frumvarpi sem varð að framangreindum lögum. Í athugasemdum greinargerðarinnar við ákvæðið segir m.a.:

„Í 4. tölul. kemur fram að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuna hins skráða. Um slíkt getur t.d. verið að ræða sé hinn skráði, vegna sjúkdóms, fjarveru eða af öðrum samsvarandi ástæðum, ófær um að veita samþykki sitt. Sama á við sé vinnsla upplýsinga um hinn skráða svo áriðandi að hún geti ekki beðið þann tíma sem það tekur að afla slíks samþykkis.“

Af framangreindu verður ráðið að til að vinnsla geti talist heimil með stoð í 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 verði aðstæður að vera með þeim hætti að ördugt sé að afla samþykkis eða vinnslan það áriðandi að ekki sé unnt að bíða þess að samþykki verði aflað. Persónuvernd telur aðstæður ekki hafa verið með þeim hætti í umræddu tilviki og getur umrædd vinnsla því ekki átt stoð í 4. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Persónuvernd telur slíka vinnslu upplýsinga, sem hér um ræðir, ekki geta stuðst við önnur ákvæði 8. gr. en 1. tölul. 1. mgr. Þegar viðkomandi einstaklingur er orðinn eldri en 20 ára. Samkvæmt því hefði orðið að afla samþykkis kvartanda. Þar sem það var ekki gert samrýmdist miðlun upplýsinga um mætingareinkunn hans til foreldra hans ekki lögum nr. 77/2000.

#### *Úrskurðarorð:*

Miðlun Verzlunarskóla Íslands á upplýsingum um mætingareinkunn H til foreldra hans samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

### ***3.2.3. Úrskurður um miðlun mætingareinkunnar nemanda sem var yngri en 20 ára – mál 2008/838–853 og 855–75***

Persónuvernd kvað upp úrskurði, dags. 23. febrúar 2009, vegna kvartana nemanda við Verzlunarskóla Íslands yfir því að skólinn hafði miðlað upplýsingum um mætingareinkunn til foreldra. Nemendur voru orðnir 18 ára gamlir. Í úrskurðum Persónuverndar segir:

„1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

Vinnsla almennra persónuupplýsinga telst lögmæt ef hún fullnægir einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Af þeim skilyrðum sem greind eru í 8. gr. kemur helst til álita ákvæði 7. tölul. 1. mgr. Þar segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna, m.a. slíkra hagsmuna þeirra sem upplýsingum er miðlað til, nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir að þessi vinnsluheimild eigi ekki við nema metið hafi verið hvort hagsmunir hins skráða af því að vinnslan fari ekki fram vegi þyngra en hagsmunir sem mæla með vinnslunni.

Mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga í skólastofnun þar sem nemendur eru flestir nálægt þeim aldri sem lögræði miðast við, þ.e. 18 ár. Í ljósi þess er eðlilegt, við túlkun umrædds ákvæðis 8. gr. laga nr. 77/2000, að líta sérstaklega til þeirra ákvæða í lögum sem varða réttarstöðu ungs fólks. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 verður fólk lögráða 18 ára að aldri. Í samræmi við það lýkur þá framfærsluskyldu foreldra. Af löggjöf verður ráðið að engu að síður geti ákveðnar skyldur hvílt á foreldrum gagnvart börnum sínum eftir þetta tímamark. Í samræmi við það kemur fram í 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 að sýslumaður geti úrskurðað foreldri til að greiða barni sínu framlag til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt kröfu þess frá 18 ára aldri og allt til þess er það nær 20 ári aldri.

Þegar atvik máls þessa urðu var kvartandi undir því aldursmarki sem miðað er við í 62. gr. barnalaga. Þó svo að hér reyni ekki á þá aðstöðu, sem það ákvæði fjallar um, má hafa það til hliðsjónar. Ákvæðið er birtingarmynd þess að í íslenskum rétti falla umönnunarskyldur foreldra, og samsvarandi réttindi þeirra til að hlutast til um málefni barna sinna, ekki að öllu leyti niður þegar þau ná 18 ára aldri. Af 62. gr. barnalaga er ljóst að umræddar skyldur og réttindi foreldra eru enn til staðar að nokkru leyti fram að því að barn þeirra verður tvítugt.

Verzlunarskóli Íslands hefur vísað til 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 því til stuðnings að umrædd vinnsla hafi verið heimil. Samkvæmt því ákvæði er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða. Samkvæmt athugasemdum við þetta ákvæði í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, getur vinnsla samkvæmt því t.d. verið heimil sé hinn skráði, vegna sjúkdóms, fjarveru eða af öðrum samsvarandi ástæðum, ófær um að veita samþykki sitt. Sama eigi við sé vinnsla upplýsinga um hinn skráða svo áriðandi að hún geti ekki beðið þann tíma sem það tekur að afla slíks samþykkis. Af skírskotun til brýnna hagsmuna leiði að vinnslan verði að tengjast hagsmunum sem hafi grundvallarþýðingu fyrir hinn skráða. Það eigi t.d. við geti hinn skráði, s.s. vegna veikinda, ekki samþykkt vinnslu sem myndi forða honum frá verulegu fjárhagstjóni eða öðrum skaða.

Af framangreindum athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 77/2000 verður ráðið að ekki nægi að brýnir hagsmunir séu í húfi. Einnig þurfi aðstæður að vera með þeim hætti að örðugt sé að hafa samband við hinn skráða til að kanna vilja hans til þess að vinnsla persónuupplýsinga fari fram. Ekki liggur fyrir í máli þessu að svo hafi verið. Við túlkun á því hvort til staðar hafi verið lögmætir hagsmunir samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 má þó hafa hliðsjón af þessu ákvæði, sem og áður nefndu ákvæði 62. gr. barnalaga og lagasjónarmiðum sem leidd verða af því. Af þeim verður að ætla að foreldrar nemenda í framhaldsskólum, sem eru yngri en 20 ára, hafi lögmæta hagsmuni af því að vita hver skólasókn þeirra sé.

Í ljósi alls sem að framan er rakið er það mat Persónuverndar að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem fólst í miðlun umræddra upplýsinga til foreldra kvartanda, hafi verið heimil, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og að öðru leyti samrýmt þeim lögum. Verður m.a. ekki séð að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 7. gr. laganna þar sem m.a. er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, lögmætum og málefnalegum hætti og að vinnsla skuli samrýmast vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga (1. tölul.); og að persónuupplýsingar skulu vera nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

### Úrskurðarorð:

Miðlun Verzlunarskóla Íslands á upplýsingum um mætingareinkunn M til foreldra hennar samrýmd-ist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

#### 3.2.4. Úrskurður um vinnustaðaskýrslu sálfræðings – mál 2008/609

Persónuvernd úrskurðaði í máli konu sem kvartaði yfir meðferð á persónuupplýsingum í vinnustaðaskýrslu sálfræðings. Gerð hafði verið athugun á skólastarfi og var skýrsla unnin um hana. Í skýrslunni komu fram nöfn ýmissa aðila, þ. á m. kvartanda. Persónuvernd taldi birtingu skýrslunnar fyrir öðrum en skólastjóra og aðstoðarskólastjóra hafa verið óheimila. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 23. febrúar, segir m.a.:

#### „Niðurstaða

##### 1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í þeirri skýrslu Reynis-ráðgjafastofu, sem kvartað er yfir – sem og drögum að skýrslunni – kemur eiginnaframt kvartanda fram og má því rekja upplýsingar í skýrslunni til hennar. Af þessu leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

Skyldur samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvíla einkum á ábyrgðaraðila að vinnslu slíkra upplýsinga, þ.e. þeim sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Umrædd úttekt á skólastarfi var gerð að frumkvæði sveitarstjórnar og skólanefndar Svalbarðsstrandarhrepps. Í ljósi þess telur Persónuvernd sveitarstjórnina og skólanefndina hafa stöðu ábyrgðaraðila að þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fólst í gerð úttekta.

Samkvæmt bréfi sveitarstjórnarinnar og skólanefndarinnar til Persónuverndar, dags. 11. febrúar 2009, hafði Reynis-ráðgjafastofa stöðu vinnsluaðila vegna umræddrar vinnslu. Með vinnsluaðila er átt við þann sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Við þá vinnslu verður vinnsluaðilinn að fara eftir fyrirmælum ábyrgðaraðilans, sbr. 1. mgr. 13. gr. sömu laga. Þrátt fyrir það sem fram kemur í bréfi sveitarstjórnarinnar og skólanefndarinnar um að Reynis-ráðgjafastofa hafi stöðu vinnsluaðila telur Persónuvernd ljóst af gögnum málsins að stofan hafi, ásamt sveitarstjórninni og skólanefndinni, farið með ákvörðunarvald í skilningi 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um hvernig vinnslunni væri háttað. Telur Persónuvernd því Reynis-ráðgjafastofu einnig hafa stöðu ábyrgðaraðila að umræddri vinnslu.

##### 2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Það ákvæði 8. gr., sem hér kemur einkum til greina sem heimild til vinnslu persónuupplýsinga, er 7. tölul. 1. mgr., en þar segir að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslu í 8. gr. laga nr. 77/2000 verður öllum kröfum 7. gr. sömu laga að vera fullnægt. Þar er m.a. mælt fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi

(2. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er í þágu tilgangs vinnslunnar (3. tölul.); að þær séu áreiðanlegar (4. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.). Til samans fela þessi ákvæði í sér þá grundvallarreglu að við vinnslu persónuupplýsinga skuli gætt að sanngirni, meðalhófi og áreiðanleika upplýsinga.

Einnig verður að gæta að sérlagaákvæðum um sálfræðinga og starf í grunnskólum. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 40/1976 um sálfræðinga er sálfræðingi skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þá ber að líta til ákvæða laga nr. 66/1995 um grunnskóla sem í gildi voru þegar atvik máls þessa urðu, sbr. nú lög nr. 91/2008 um sama efni. Það sem fram kemur þar um hlutverk þeirra sem koma að skólastarfi skiptir máli um hverjir eigi að geta fengið aðgang að upplýsingum um m.a. einstaka kennara. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 66/1985 (sbr. nú 1. mgr. 7. gr. laga nr. 91/2008) bar skólastjóra að veita grunnskóla faglega forystu. Þá kom fram í 49. gr. (sbr. nú áþekkt ákvæði í 36. gr. laga nr. 91/2008) að sérhver grunnskóli átti að innleiða aðferðir til að meta skólastarf, þ. á m. kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Auk þess sagði í 2. mgr. 12. gr. að skólanefnd, kosin af sveitarstjórn, sbr. 1. mgr. 13. gr., skyldi fylgjast með framkvæmd náms og kennslu (sbr. c-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 91/2008, sbr. til hliðsjónar 37. gr. sömu laga um að sveitarfélög geri svonefnt ytra mat á skólastarfi).

Þegar litið er til framangreindra ákvæða telur Persónuvernd að vinnsla persónuupplýsinga, þ. á m. um kvartanda, við framkvæmd umræddrar könnunar á skólastarfi, hafi getað samrýmst 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 í ljósi þeirra lögmætu hagsmuna sem af því voru að hafa eftirlit með framkvæmd náms og kennslu. Einnig telur Persónuvernd hins vegar að hafa verði í huga (a) framangreinda grundvallareglu 7. gr. laganna um að gætt skuli sanngirni og meðalhófs við vinnslu persónuupplýsinga; (b) að upplýsingar um einstaka kennara eins og þær sem hér um ræðir, þ.e. athugasemdir nemenda um störf þeirra, geta verið óáreiðanlegar, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 77/2000; (c) að það var (og er samkvæmt núgildandi lögum) hlutverk skólastjóra en ekki skólanefndar að hafa faglega forystu í skólastarfi; (d) að ekki verður talið málefnalegt að foreldrar fái í hendur persónugreinanlegar upplýsingar um starfsfólk skóla sem safnað er með þeim hætti sem hér um ræðir; og (e) að almennt má telja skólanefnd og sveitarstjórn nægja að fá í hendur ópersónugreinanlegar upplýsingar varðandi störf starfsfólks í grunnskólum til að sinna eftirlitshlutverki sínu, a.m.k. um aðra en æðstu stjórnendur skóla sem heyra beint undir sveitarstjórn.

Persónuvernd telur birtingu persónugreinanlegra upplýsinga um kvartanda úr umræddum skýrsludrögum og síðar skýrslu fyrir æðstu stjórnendum innan Valsárskóla, þ.e. skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, hafa getað samrýmst lögum nr. 77/2000 í ljósi þess hlutverks þeirra að hafa með höndum faglega forystu í skólastarfi. Með vísan til framangreindra atriða telur Persónuvernd hins vegar að birting upplýsinganna fyrir öðrum aðilum hafi ekki, eins og hér stóð á, samrýmst lögum nr. 77/2000.

#### *Úrskurðarorð:*

Birting fyrir öðrum en skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Valsárskóla á persónugreinanlegum upplýsingum um A í skýrsludrögum og síðar skýrslu Reynis-ráðgjafastofu um niðurstöður úttektar, sem stofan gerði á starfi skólans í þágu Svalbarðsstrandarhrepps, var óheimil.“

#### **3.2.5. Úrskurður um fingrafaraskönnun á Keflavíkurflugvelli – mál 2008/446**

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir fingrafaraskönnun við starfsmannainnganga á Keflavíkurflugvelli. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 23. febrúar, segir m.a.:



## „Niðurstæða

### 1.

#### *Gildissvið*

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

### 2.

#### *Ábyrgðaraðilar að vinnslu persónuupplýsinga*

Hinn 1. janúar 2009 tóku gildi lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutfélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Í 4. gr. þeirra laga kemur fram að frá síðustu áramótum er það hlutverk og tilgangur Keflavíkurflugvallar ohf., sem þá tók við af Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar (sbr. lög nr. 36/2006 sem lög nr. 76/2008 felldu úr gildi), að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 telst sá vera ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem ákveður tilgang vinnslunnar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í ljósi framangreinds hlutverks Keflavíkurflugvallar ohf. verður hann að teljast ábyrgðaraðili að umræddri vinnslu persónuupplýsinga. Sú vinnsla fer fram til að fara að ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 12/2007 sem hefur að geyma aðgangsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll. Í ljósi þess, sem og þeirra bréfaskipta, sem átt hafa sér stað við Flugmálastjórn Íslands, telur Persónuvernd hana einnig vera ábyrgðaraðila að umræddri vinnslu.

### 3.

#### *Lögmæti, meðalhóf og öryggi*

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Að auki verður að vera fullnægt öllum kröfum 7. gr. sömu laga um m.a. sanngirni og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, vídeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu (3. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. um heilsuhagi, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, nægir ekki að heimild sé til vinnslunnar í 8. gr. laga nr. 77/2000 heldur þarf einnig að vera heimild til vinnslunnar í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um fingraför geta verið viðkvæmar, en það getur m.a. birst í fingraförum hvort viðkomandi einstaklingur sé með hvítblæði. Fyrir liggur hins vegar að þær upplýsingar, sem skráðar eru um fingraför vegna aðgangsstýringar á Keflavíkurflugvelli, duga ekki til þess að búa til heildstæða mynd af fingraförum. Með öðrum orðum, þá eru aðeins lesnir tilteknir punktar úr fingraförum einstaklings, þeim umbreytt í talnarunu eftir ákveðinni reiknireglu og talnarunan tengd við kennitölu einstaklingsins í því tölvukerfi sem notað er til aðgangsstýringar. Í ljósi þess telur Persónuvernd ekki um ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Ætla má að öflun slíkra upplýsinga í umræddu skyni myndi orka tvímælis.

Í reglugerð nr. 125/2006 um innleiðingu reglugerða á sviði flugverndar, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 1138/2004 um sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum, sbr. og 70. og 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, hvílir sú skylda á Flugmálastjórn Íslands og Keflavíkurflugvelli ohf. að hafa eftirlit með aðgangi að tilteknum svæðum á flugvöllum. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er heimilt að vinna með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Samkvæmt 6. tölul. sömu málsgreinar er vinnsla auk þess heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður, sem upplýsingum er miðlað til, fer með.

Persónuvernd telur, í ljósi ákvæða reglugerðar nr. 125/2006, að framangreind ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000 veiti heimild til vinnslu persónuupplýsinga sem nauðsynleg er til að fara að kröfum um aðgangseftirlit og takmarkanir á aðgangi að flugvallarsvæðum. Slík vinnsla, þ. á m. vinnsla upplýsinga um fingraför starfsmanna Keflavíkurflugvallar ohf. og flugfélaga, verður hins vegar að samrýmast áður nefndum kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000. Þegar litið er til þess sem fyrr greinir um að ekki séu skráðar það ítarlegar upplýsingar að þær megi nýta til að búa til heildstæða mynd af fingraförum verður ekki séð að brotið sé gegn þessum kröfum. Í ljósi þess og alls framangreinds telur Persónuvernd umrædda vinnslu fingrafaraupplýsinga samrýmast lögum.

Hins vegar skal tekið fram að í ljósi framangreindra ákvæða 7. gr. laga nr. 77/2000 verður að eyða fingrafaraupplýsingum einstaklings úr umræddu tölvukerfi þegar ekki er lengur þörf á að varðveita þær vegna aðgangsstýringar. Í ljósi sömu ákvæða ber heldur ekki að afhenda óviðkomandi upplýsingarnar, t.d. lögreglu, sbr. þó 135. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem fram kemur að hún getur krafist úrskurðar dómara um afhendingu tiltekinna gagna. Þar sem í umræddu tölvukerfi eru ekki varðveittar heildstæðar upplýsingar um fingraför má hins vegar telja ólíklegt að lögregla óski úrskurðar um afhendinga fingrafaraupplýsinga úr kerfinu. Þá verður ráðið af gögnum málsins að örðugt sé að sækja þær upplýsingar sem skráðar eru í tölvukerfið um fingraför.

#### *Úrskurðarorð:*

Vinnsla upplýsinga um fingraför starfsmanna Keflavíkurflugvallar ohf. og flugfélaga, í því skyni að viðhafa eftirlit með aðgangi að svæðum innan flugvallarins, sem ekki eru opin öðrum, samrýmist lögum. Eyða ber upplýsingum þegar ekki er lengur þörf á að varðveita þær vegna aðgangsstýringar og óviðkomandi skal ekki veittur aðgangur að þeim.“

#### **3.2.6. Úrskurður um fingrafaraskönnun á Keflavíkurflugvelli II – mál 2008/254**

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir fingrafaraskönnun við starfsmannainnganga á Keflavíkurflugvelli. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 23. febrúar, segir m.a.:

*„Niðurstaða*

*1.*

*Gildissvið*

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

### *Ábyrgðaraðilar að vinnslu persónuupplýsinga*

Hinn 1. janúar 2009 tóku gildi lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutfélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Í 4. gr. þeirra laga kemur fram að frá síðustu áramótum er það hlutverk og tilgangur Keflavíkurflugvallar ohf., sem þá tók við af Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar (sbr. lög nr. 36/2006 sem lög nr. 76/2008 felldu úr gildi), að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 telst sá vera ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem ákveður tilgang vinnslunnar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í ljósi framangreinds hlutverks Keflavíkurflugvallar ohf. verður hann að teljast ábyrgðaraðili að umræddri vinnslu persónuupplýsinga. Sú vinnsla fer fram til að fara að ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 12/2007 sem hefur að geyma aðgangsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll. Í ljósi þess, sem og þeirra bréfaskipta, sem átt hafa sér stað við Flugmálastjórn Íslands, telur Persónuvernd hana einnig vera ábyrgðaraðila að umræddri vinnslu.

## 3.

### *Lögmæti, meðalhóf og öryggi*

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Að auki verður að vera fullnægt öllum kröfum 7. gr. sömu laga um m.a. sanngirni og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu (3. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. um heilsuhagi, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, nægir ekki að heimild sé til vinnslunnar í 8. gr. laga nr. 77/2000 heldur þarf einnig að vera heimild til vinnslunnar í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um fingraför geta verið viðkvæmar, en það getur m.a. birst í fingraförum hvort viðkomandi einstaklingur sé með hvítblæði. Fyrir liggur hins vegar að þær upplýsingar, sem skráðar eru um fingraför vegna aðgangsstýringar á Keflavíkurflugvelli, duga ekki til þess að búa til heildstæða mynd af fingraförum. Með öðrum orðum, þá eru aðeins lesnir tilteknir punktar úr fingraförum einstaklings, þeim umbreytt í talnarunu eftir ákveðinni reiknireglu og talnarunan tengd við kennitölu einstaklingsins í því tölvukerfi sem notað er til aðgangsstýringar. Í ljósi þess telur Persónuvernd ekki um ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Ætla má að öflun slíkra upplýsinga í umræddu skyni myndi orka tvímælis.

Í reglugerð nr. 125/2006 um innleiðingu reglugerða á sviði flugverndar, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 1138/2004 um sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmustu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum, sbr. og 70. og 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, hvílir sú skylda á Flugmálastjórn Íslands og Keflavíkurflugvelli ohf. að hafa eftirlit með aðgangi að tilteknum svæðum á flugvöllum. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er heimilt að vinna með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Samkvæmt 6. tölul. sömu málsgreinar er vinnsla auk þess heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður, sem upplýsingum er miðlað til, fer með.

Persónuvernd telur, í ljósi ákvæða reglugerðar nr. 125/2006, að framangreind ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000 veiti heimild til vinnslu persónuupplýsinga sem nauðsynleg er til að fara að kröfum um aðgangseftirlit og takmarkanir á aðgangi að flugvallarsvæðum. Slík vinnsla, þ. á m. vinnsla upplýsinga um fingraför starfsmanna Keflavíkurflugvallar ohf. og flugfélaga, verður hins vegar að samrýmast áður nefndum kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000. Þegar litið er til þess sem fyrr greinir um að ekki séu skráðar það ítarlegar upplýsingar að þær megi nýta til að búa til heildstæða mynd af fingraförum

verður ekki séð að brotið sé gegn þessum kröfum. Í ljósi þess og alls framangreinds telur Persónuvernd umrædda vinnslu fingrafaraupplýsinga samrýmast lögum.

Hins vegar skal tekið fram að í ljósi framangreindra ákvæða 7. gr. laga nr. 77/2000 verður að eyða fingrafaraupplýsingum einstaklings úr umræddu tölvukerfi þegar ekki er lengur þörf á að varðveita þær vegna aðgangsstýringar. Í ljósi sömu ákvæða ber heldur ekki að afhenda óviðkomandi upplýsingarnar, t.d. lögreglu, sbr. þó 135. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar fram sem kemur að hún getur krafist úrskurðar dómara um afhendingu tiltekinna gagna. Þar sem í umræddu tölvukerfi eru ekki varðveittar heildstæðar upplýsingar um fingraför má hins vegar telja ólíklegt að lögregla óski úrskurðar um afhendinga fingrafaraupplýsinga úr kerfinu. Þá verður ráðið af gögnum málsins að örðugt sé að sækja þær upplýsingar sem skráðar eru í tölvukerfið um fingraför.

#### *Úrskurðarorð:*

Vinnsla upplýsinga um fingraför starfsmanna Keflavíkurflugvallar ohf. og flugfélaga, í því skyni að viðhafa eftirlit með aðgangi að svæðum innan flugvallarins, sem ekki eru opin öðrum, samrýmist lögum. Eyða ber upplýsingum þegar ekki er lengur þörf á að varðveita þær vegna aðgangsstýringar og óviðkomandi skal ekki veittur aðgangur að þeim.“

#### **3.2.7. Úrskurður vegna öryggisbrests hjá heilsugæslustöð – mál 2008/607**

Persónuvernd úrskurðaði í máli sem varðar öryggisbrest hjá heilsugæslustöð, en þar misfórst öryggisafritataka með þeim afleiðingum að sjúkraskrár glötuðust. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 23. febrúar, segir m.a.:

#### *„Forsendur og niðurstaða*

##### *1.*

#### *Valdsvið Persónuverndar*

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

##### *2.*

#### *Forsendur*

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf að auki að vera fullnægt einhverju sérskilyrðanna fyrir slíkri vinnslu í 9. gr. sömu laga. Sá sem getur haft heimild með stoð í framangreindum ákvæðum er sá sem telst vera ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga.

Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, sem sækir stoð í 6. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga (en áður 16. og 18. gr. læknalaga nr. 53/1988), segir að yfirlæknir á deild eða ódeildarskipti heilbrigðisstofnun beri ábyrgð á vörslu og meðferð sjúkraskráa meðan sjúklingur dvelji þar. Forstöðumenn beri ábyrgð á skjalavörslu sjúkrastofnana. Í ljósi þessa ákvæðis verður að líta svo á að Heilsugæslustöðin, Dalvík, sé ábyrgð-

araðili að þeirra vinnslu persónuupplýsinga sem felst í færslu, varðveislu og notkun sjúkraskráa á heilsugæslustöðinni

Meðal þeirra ákvæða 8. gr. laga nr. 77/2000, sem koma til greina um vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrá, er 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 þar sem mælt er fyrir um heimild til vinnslu sem nauðsynleg er til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Um þá lagaskyldu vísast til 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 227/1991, sbr. 6. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997, en samkvæmt ákvæði reglugerðarinnar er öllum læknum, sem taka einstaklinga til greiningar og meðferðar, skylt að halda sjúkraskrá um hvern einstakling.

Meðal þeirra ákvæða 9. gr. laga nr. 77/2000, sem koma til greina, eru 2. tölul. 1. mgr. um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga á grundvelli sérstakrar lagaheimildar, sbr. framangreind ákvæði reglugerðar nr. 227/1991 og laga nr. 74/1997, og 8. tölul. 1. mgr. um heimild til slíkrar vinnslu þegar hún er nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða venjubundinnar stjórnslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu.

Af framangreindum ákvæðum telur Persónuvernd ljóst að í lögum nr. 77/2000 sé að finna heimild til vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrá, auk þess sem skylt er að halda slíkar skrár samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 227/1991, sbr. 6. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997.

Við vinnslu upplýsinganna ber að fara að öllum ákvæðum laga nr. 77/2000. Í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. þeirra laga er að finna þá grundvallarreglu að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess m.a. gætt að hún samrýmist vönduðum vinnsluháttum. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laganna ber og að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þá segir í 2. mgr. 11. gr. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Auk þess ber að líta til 1. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997 þar sem segir að sjúkraskrár skuli geymdar á tryggum stað.

Þegar litið er til framangreindra ákvæða, einkum fyrir mæla 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 um að vernda beri persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, telur Persónuvernd ljóst að Heilsugæslustöðinni, Dalvík, hafi borið að taka öryggisafrit af sjúkraskrá, sem þar voru færðar, og varðveita þau á öruggum stað. Þá telur Persónuvernd að heilsugæslustöðinni hafi einnig borið að athuga það reglulega hvort öryggisafrit hefðu að geyma nauðsynlegar upplýsingar. Telur Persónuvernd að slíkt verði að athuga nægilega oft til að tryggja að öryggisafrit, sem hefur að geyma slíkar upplýsingar, sé ávallt á vísum stað.

Ljóst er að þetta var ekki gert. Vinnsla persónuupplýsinga í sjúkraskrá kvartanda á Heilsugæslustöðinni, Dalvík, samrýmdist því ekki, að þessu leyti, áður nefndum ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997.

Ekki liggur fyrir hversu oft hefur verið kannað hvaða upplýsingar öryggisafrit hafa að geyma frá því að sjúkraskráupplýsingar á Heilsugæslustöðinni, Dalvík, glötuðust. Samkvæmt 3.–5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 3. gr. reglna Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, ber að skjalfesta hvernig öryggis persónuupplýsinga er gætt og verður að telja að í slíkri skjalfestingu verði m.a. að fjalla um öryggisafritun gagna, þ. á m. hversu oft gæði öryggisafrita eru könnuð. Skjalfesting upplýsingaöryggis felur nánar í sér að samin er öryggisstefna, sem hefur að geyma almenna lýsingu á helstu kröfum og áherslum varðandi upplýsingaöryggi; að gert er áhættumat, sem hefur að geyma greiningu á þeim ógnum sem stöðja að vinnslu persónuupplýsinga; og að skráðar eru öryggisráðstafanir, sem byggjast eiga á þeim forsendum sem fram koma í áhættumati.

Af gögnum málsins verður ráðið að ekki hafi verið skjalfest með framangreindum hætti hvernig gæta skuli upplýsingaöryggis hjá Heilsugæslustöðinni, Dalvík. Auk þess sem skjalfesta verður upplýsingaöryggi verður að gera sérstakan samning við þann sem hefur stöðu vinnsluáðila, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000. Með vinnsluáðila er átt við þann sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af gögnum málsins verður ráðið að nú veiti EJS hf.

þjónustu í tengslum við sjúkraskrár á Heilsugæslustöðinni, Dalvík, sem feli í sér aðkomu að vinnslu persónuupplýsinga. Ekki liggur fyrir að gerður hafi verið undirritaður samningur við EJS hf. Í slíkum samningi verður m.a. að koma fram að vinnsluaðila sé aðeins heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000. Þá ber að líta svo á að samningurinn verði að tiltaka hvaða persónuupplýsingar eigi undir hann, en í því felst að taka verður sérstaklega fram að hann lúti að þjónustu vegna sjúkraskráa.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 getur Persónuvernd mælt fyrir um ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu persónuupplýsinga. Samkvæmt því getur Persónuvernd m.a. mælt fyrir um að beitt skuli viðeigandi öryggisráðstöfunum til að vernda slíkar upplýsingar. Persónuvernd hyggst kanna hvernig öryggisafritun gagna er háttáð hjá Heilsugæslustöðinni, Dalvík, hvort hún sé fullnægjandi og hvort tilefni sé til fyrirmæla í því sambandi með stoð í framangreindu ákvæði. Í ljósi þess, og með vísan til 38. gr. laga nr. 77/2000 um að Persónuvernd geti kallað eftir gögnum frá þeim sem vinna með persónuupplýsingar, mælist stofnunin til þess að Heilsugæslustöðin, Dalvík, sendi henni lýsingu á fyrirkomulagi upplýsingaöryggis, sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sem og undirritaðan vinnslusamning við EJS hf., sem samrýmist fyrirmælum 13. gr. sömu laga, fyrir 17. apríl nk.

#### *Úrskurðarorð:*

Þar sem Heilsugæslustöðin, Dalvík, tók ekki öryggisafrit af sjúkraskrá M samrýmdist vinnsla sjúkraskráupplýsinga um hann ekki 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997.

Persónuvernd mun kanna hvernig háttáð sé töku öryggisafrita af sjúkraskrá á Heilsugæslustöðinni, Dalvík. Heilsugæslustöðin skal senda Persónuvernd lýsingu á fyrirkomulagi upplýsingaöryggis, sem og undirritaðan vinnslusamning við EJS hf., fyrir 17. apríl nk.“

#### **3.2.8. Úrskurður um heimild fjármálastofnunar til að biðja um kennitölu – mál 2008/780**

Úrskurðað var í máli vegna kvörtunar manns, sem hugðist greiða gróseðla í Landsbankanum, en var krafinn um kennitölu. Fjárhæð þeirra viðskipta sem maðurinn hugðist eiga, kr. 90.000, var lægri en gert er ráð fyrir í lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Því taldi Persónuvernd bankann ekki hafa haft heimild til þessa. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 23. febrúar, segir m.a.:

*„Forsendur og niðurstaða*

*1.*

*Gildissvið laga nr. 77/2000*

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Krafa Landsbanka Íslands/NBI hf. um kennitölu kvartanda fól í sér að unnið yrði með persónuupplýsingar um hann í framangreindum skilningi. Fellur mál þetta því undir valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

## 2.

### *Lögmæti vinnslunnar*

Svo að notkun kennitölu sé heimil verður að vera fullnægt kröfum 1. másl. 10. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir: „Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu.“

Þegar um ræðir kröfu fjármálastofnana til þess að viðskiptavinir gefi upp kennitölu verður, við túlkun þessa ákvæðis, að líta til ákvæða laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Samkvæmt 4. og 5. gr. þeirra laga ber fjármálastofnunum, sbr. a-lið 2. gr. laganna, að sannreyna hverjir viðskiptamenn séu í ákveðnum tilvikum. Samkvæmt 4. gr. er fjármálastofnunum það skylt við upphaf viðvarandi samningssambands (a-liður), vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni (b-liður), vegna gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri (c-liður), þegar grunur leikur á um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka (d-liður) og þegar vafi leikur á því að fyrirbyggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða nægilega áreiðanlegar (e-liður).

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. skulu einstaklingar framvísa gildum persónuskilríkjum, sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af þeim, til að unnt sé, í framangreindum tilvikum, að sannreyna hverjir þeir séu. Í 6. mgr. 1. gr. er fjármálastofnunum gert skylt að varðveita afrit af persónuskilríkjum og öðrum gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim, í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað. Telja verður að í þessu felist að afla geti þurft kennitölu viðskiptamanns og varðveita hana. Þegar viðskiptin falla ekki undir eitthvert framangreindra ákvæða 4. gr. laga nr. 77/2000 er slíkt hins vegar ekki lögs skylt. Það kann þó engu að síður að vera heimilt með vísan til 10. gr. laga nr. 77/2000.

Ekki aðeins verður skilyrðum 10. gr. laga nr. 77/2000 þá að vera fullnægt heldur einnig öðrum ákvæðum sömu laga, þ. á m. grunnkröfum 7. gr. laganna. Þar er m.a. mælt fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, vðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Í því tilviki, sem hér um ræðir, var fjárhæð þeirra viðskipta sem viðskiptamaður hugðist eiga, þ.e. 90.000 kr., til muna lægri en gert er ráð fyrir í b-lið 4. gr. laga nr. 64/2006, auk þess sem ekkert þeirra tilvika, sem talin eru upp í a-lið og c–e-liðum ákvæðisins átti við. Viðskiptin sjálf, þ.e. greiðsla á ýmsum reikningum, voru að auki þess eðlis að ekki verður séð að önnur atvik hafi gefið sérstakt tilfni til þess að fara fram á kennitölu kvartanda. Telur Persónuvernd því að krafa Landsbanka Íslands/NBI hf. þar að lútandi hafi ekki átt stoð í 10. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og framangreindar kröfur 7. gr. laga nr. 77/2000.

### *Úrskurðarorð:*

Landsbanka Íslands/NBI hf. var ekki rétt að krefja B um kennitölu sína þegar hann hugðist greiða gríóseðla í útibúi bankans í Holtagörðum 5. nóvember 2008.“

### **3.2.9. Birting upplýsinga um hlutabréfaeign einstaklinga – mál 2009/1**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn um það hvaða reglur gilda um birtingu upplýsinga um hlutabréfaeign einstaklinga og því hvort safna megi slíkum upplýsingum og birta á opinberum vettvangi. Einnig svaraði Persónuvernd því hvort munur væri á birtingu upplýsinga um eign einstaklinga í almennum hlutafélögum sem eru í Kauphöll Íslands og þeirra eigna sem eru í öðrum einkahlutafélögum. Í svari Persónuverndar frá 10. mars segir:

Persónuvernd starfar eftir og framfylgir lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 37. gr. þeirra laga. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna gilda þau um rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. sömu greinar.

Birting upplýsinga um hlutabréfaeign einstaklinga myndi fela í sér vinnslu persónuupplýsinga sem félli undir lög nr. 77/2000. Svo að vinnsla slíkra upplýsinga sé heimil samkvæmt þeim lögum verður hún að falla undir einhverja af heimildum 8. gr. laganna (sbr. þó ákvæði 5. gr. laganna sem fjallað verður um í 3. kafla svars þessa).

## 2.

*Skylda til birtingar upplýsinga um hlutabréfaeign*

Á meðal framangreindra heimilda 8. gr. laga nr. 77/2000 til vinnslu persónuupplýsinga er að hún sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sbr. 2. tölul. 1. mgr.

Um skyldu til birtingar upplýsinga um hlutabréfaeign er fjallað í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þar segir að birta eigi opinberlega upplýsingar um m.a. hlutabréfaeign meðlima í nefnd þeirri sem hafa á með höndum umrædda rannsókn. Nánar tiltekið er um að ræða hlutabréf í þeim fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. taka til. Þá kemur fram að um er að ræða upplýsingar um hlutabréfaeign á síðustu fimm árum og upphæðir sem nema yfir fimm milljónum króna. Sé um að ræða eignarhlut umfram þá fjárhæð í fyrirtæki, sem átt hefur hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum, ber einnig að upplýsa um hann.

Í 3. gr. laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara, sem rannsakar grun um refsiverða háttsemi í tengslum við fall bankanna, er að finna sams konar ákvæði og í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008. Gildir það m.a. um það tímabil, sem upplýsingar taka til, og þær upphæðir sem hlutabréfaeign nemur.

Í X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sem hefur að geyma reglur um svonefnda yfirtökuskyldu, er að finna ákvæði sem hafa í för með sér að birta verður opinberlega upplýsingar um hlutafjáreign einstaklinga.

Yfirtökuskylda hvílir á þeim, annaðhvort einum aðila eða aðilum í samstarfi, sem ná ná yfirráðum í hlutafélagi. Hún felur í sér að þeir skulu þá gera öðrum hluthöfum tilboð um kaup á hlutum þeirra í félaginu. Mælt er fyrir um þetta í 1. mgr. 100. gr. laganna, en þar kemur fram að yfirtökuskyldan stofnast þegar viðkomandi aðili eða aðilar eignast samanlagt a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu, hafa á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu eða hafa öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar félagsins.

Samkvæmt 102. gr. laga nr. 108/2007 skal sá sem yfirtökuskyldan hvílir á tilkynna viðkomandi, skipulegum verðbréfamarkaði (kauphöll) ákvörðun um tilboð án tafar, en verðbréfamarkaðurinn skal birta tilkynninguna opinberlega. Í því felst um leið að skylt er að gera það opinbert hver gerði tilboðið, en það merkir að upplýsingar um hlutafjáreign hans eru gerðar opinberar almenningi. Gildir það um einstaklinga jafnt sem lögaðila.

Þegar skylt er að birta upplýsingar um hlutafjáreign samkvæmt framangreindu fellur birting upplýsinganna jafnframt undir áður nefnt ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt því ákvæði er aðeins til handa þeim sem þurfa að fullnægja tiltekinni lagaskyldu. Þeir sem lagaskyldan hvílir ekki á gætu hins vegar birt slíkar opinberar upplýsingar um hlutafjáreign, sem hér um ræðir, með stöð í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. þar sem segir að vinnsla



persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Með öðrum orðum, þá ætti hver sem vill að geta birt umræddar upplýsingar, t.d. á vefsíðu sinni.

Ofanefndar reglur um tilkynningar um tilboð vegna yfirtökuskyldu gilda aðeins þegar um ræðir félag skráð í kauphöll, sbr. 99. gr. laga nr. 108/2007. Að öðru leyti verður ekki séð að við beitingu framangreindra reglna beri að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða eign í félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands eður ei.

### 3.

#### *Ákvæði um þagnarskyldu*

##### *Heimild til birtingar upplýsinga um hlutabréfaeign*

Þó svo að lög kveði ekki á um heimild til birtingar upplýsinga um hlutafjäreign er ekki þar með sagt að hún sé óheimil. Hún getur þó verið það, s.s. ef hún felur í sér brot gegn þagnarskyldu. Í því sambandi má nefna 4. gr. fyrrnefndra laga nr. 142/2008. Í 3. mgr. 4. gr. þeirra laga er mælt fyrir um þagnarskyldu þeirra sem sitja í rannsóknarnefnd samkvæmt ákvæðum laganna og þeim sem vinna á vegum hennar að rannsókn á aðdraganda og orsökum falls bankanna.

Frá þessari þagnarskyldu eru undantekningar, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna. Þar segir að rannsóknarnefndin geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Henni skuli þó því aðeins vera heimilt að birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að verulegir almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á. Ef birting upplýsinga um hlutafjäreign fellur ekki undir þessa undanþágu frá þagnarskyldu er nefndinni birting upplýsinganna óheimil.

Kauphallir og þeir sem taka að sér verk í þágu þeirra mega heldur ekki birta upplýsingar um hlutafjäreign ef með því er brotin þagnarskylda samkvæmt 13. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir. Þá eru allir þeir sem starfa fyrir aðila, sem falla undir lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, s.s. banka og sparisjóði, bundnir þagnarskyldu um viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna sinna, sbr. 1. mgr. 58. gr. laganna. Sá sem tekur við upplýsingum um slík málefni viðskiptamanna er bundinn sömu þagnarskyldu og skal áminntur um hana af þeim sem veitir upplýsingarnar, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Ef þagnarskylda samkvæmt framangreindu hamlar ekki birtingu upplýsinga um hlutafjäreign er hún heimil að því gefnu að hún falli undir einhverja af heimildum 8. gr. laga nr. 77/2000. Ætla má að fyrrnefnt ákvæði 7. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar um heimild til vinnslu á grundvelli lögmætra hagsmuna, sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða, eigi þar oftast við. Það ákvæði ætti ávallt við ef upplýsingarnar hefðu þegar verið birtar á grundvelli áðurnefndar undanþágu frá þagnarskyldu rannsóknarnefndar samkvæmt lögum nr. 142/2008. Öðrum væri því birting upplýsinganna heimil, t.d. á vefsíðu sinni.

Eftir því sem við á verður við túlkun á ákvæðum 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og annarra ákvæða sömu laga, að líta til 5. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði má, að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar, víkja frá ákvæðum þeirra í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta.

Tekið er fram í 5. gr. laga nr. 77/2000 að þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins tiltekin ákvæði laganna. Ákvæði 8. gr. eru ekki þar á meðal og þarf því ekki að líta til þeirra þegar svo háttar til.

Að líkindum myndi það ekki samrýmast lögum að birta upplýsingar um hlutabréfaeign allra landsmanna, t.d. í skrá sem birt væri á vefsíðu. Skoða verður hverju sinni, í ljósi fyrrgreindra ákvæða, hvort birting slíkra upplýsinga sé heimil í einstökum tilvikum.

EKKI verður séð að við beitingu framangreindra reglna beri að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða eign í félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands eður ei, sbr. þó að áðurnefndar reglur laga nr. 110/2007 gilda ekki þegar um ræðir hluti í félögum sem ekki eru skráð í kauphöll.

Af framanröktu verður ráðið að öllum sé frjálst að birta upplýsingar um hlutabréfaeign einstaklinga þegar þær hafa verið gerðar opinberar að boði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, 3. gr. laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara og 102. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Hið sama á við þegar rannsóknarnefnd samkvæmt lögum nr. 142/2007 hefur gert upplýsingar opinberar með vísan til 2. mgr. 4. gr. laganna um undanþágu frá þagnarskyldu nefndarinnar. Þegar þagnarskylduregla 1. mgr. 4. gr. sömu greinar á við, sem og sambærileg ákvæði annarra laga, s.s. 13. gr. laga nr. 110/2007 og 1. mgr. 58. gr. laga nr. 110/2007, er þeim sem þagnarskyldan hvílir á óheimilt að birta upplýsingar um hlutabréfaeign einstaklinga.

Að öðru leyti verður að líta til almennra ákvæða um vinnslu persónuupplýsinga og heimilda til hennar í lögum nr. 77/2000. Birting upplýsinga um hlutabréfaeign einstaklinga gæti, eftir atvikum, verið heimil með stöð í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. þeirra laga um heimild til vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en hagsmunir hins skráða. Eftir því sem við á verður að túlka það ákvæði með hliðsjón af 5. gr. laganna sem rýmkar rétt til að vinna með persónuupplýsingar þegar sérstök sjónarmið um tjáningarfrelsi eiga við. Eins og fram kemur í 5. gr. rýmka heimildir til birtingar mjög þegar eingöngu er unnið með persónuupplýsingar í þágu m.a. fréttamennsku.

Ekki verður séð að við beitingu framangreindra reglna skipti máli hvort um ræðir félög skráð í kauphöll eður ei, sbr. þó að áðurnefndar reglur laga nr. 108/2007 og 110/2007 eiga aðeins við þegar um ræðir hluti í félögum sem þannig eru skráð.

Að lokum skal áréttað að ekki verður séð að lög heimili birtingu upplýsinga um hlutabréfaeign allra landsmanna, t.d. á vefsíðu, heldur verður að meta það í hverju, einstöku tilviki hvort birting slíkra upplýsinga sé heimil.“

### ***3.2.10. Aðgangur að niðurstöðum samanburðarmats sálfræðings á umsækjendum um starf þyrluflugmanns – mál 2009/253***

Persónuvernd vísaði frá máli varðandi aðgang að gögnum sem unnin voru í tengslum við ákvörðun um ráðningu í starf hjá Landhelgisgæslunni. Ákvörðunin byggði m.a. á þeirri lagaskilareglu að ákvæði persónuverndarlaga víki fyrir ákvæðum stjórnslulaga, þegar aðili máls óskar aðgangs að gögnum þess. Í bréfi Persónuverndar, dags. 26. mars, segir:

„Persónuvernd vísar til bréfs yðar, dags. 25. febrúar 2009, varðandi mál þyrluflugmanns sem sótti um starf hjá Landhelgisgæslunni en fékk ekki. Eins og fram kemur í bréfinu höfðaði hann mál af því tilefni og óskar eftir því að í dómi verði lögð fram gögn um samanburðarmat sálfræðings á umsækjendum um starfið, bæði um hann sjálfan, sem og aðra umsækjendur. Um þetta segir í bréfinu:

„Landhelgisgæslan óskar eftir álitum Persónuverndar um hvort rétt sé að Landhelgisgæslan veiti [...] þyrluflugmanni upplýsingar úr samanburðarmati sálfræðings um hann sjálfan þrátt fyrir að [...] sálfræðingur sé því mótfallinn. Landhelgisgæslan hefur bent [...] á þann möguleika að leita beint til sálfræðingsins og telur það vera réttu leiðina. Landhelgisgæslan spyr jafnframt hvort Landhelgisgæslunni sé heimilt að afhenda samanburðarmatið varðandi aðra umsækjendur og hversu langt má ganga í þeim efnum.“

Persónuvernd hefur það hlutverk að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. þeirra laga takmarka þau ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í stjórnslulögum nr. 37/1993. Í því felst að lögum nr. 77/2000 er ekki ætlað að hafa áhrif á rétt manna til aðgangs að gögnum samkvæmt 15. gr. laga nr. 37/1993 í stjórnslumáli sem þeir hafa átt aðild að.

Ákvörðun stjórnvalds um ráðningu í starf telst vera stjórnvaldsákvörðun eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. í greinargerð með því frumvarpi sem varð að stjórnvöldum. Hér reynir því á það álitaefni hvort umræddur þyrluflugmaður eigi rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt 15. gr. þeirra laga. Stjórn Persónuverndar fjallaði um mál þetta í ljósi þess ákvæðis á fundi sínum hinn 24. mars 2009. Taldi hún það ekki falla undir starfssvið stofnunarinnar að fjalla um hvort umræddur réttur samkvæmt stjórnvöldum væri til staðar heldur Landhelgisgæslu Íslands.

Ákveði Landhelgisgæslan að verða ekki við beiðni um aðgang að gögnum má kæra þá ákvörðun hennar til dómsmálaráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. stjórnvöldum um að synjun eða takmörkun á aðgangi málsaðila að gögnum máls verði kærð til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til, sbr. og 1. mgr. 2. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands þess efnis að dómsmálaráðherra fari með yfirstjórn hennar.

Framangreint felur í sér að telji stjórnvald að einstaklingur eigi ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt 15. gr. stjórnvöldum ber því að tilkynna honum um það og rökstyðja afstöðu sína þar að lútandi, sbr. 1. mgr. 19. gr. stjórnvöldum, sbr. V. kafla sömu laga. Fær hann þá 14 daga frest til að kæra synjun eða takmörkun til æðra stjórnvalds, sbr. 2. mgr. 19. gr. stjórnvöldum.

Þegar reynir á rétt samkvæmt 15. gr. stjórnvöldum til aðgangs að gögnum telur Persónuvernd, í ljósi framangreinds ákvæðis 2. mgr. 44. gr. laga nr. 77/2000, að ákvæði þeirra laga um rétt hins skráða til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig sjálfan, sbr. 18. og 19. gr., víki fyrir ákvæðum 15. gr. stjórnvöldum.

Af því leiðir jafnframt að það fellur ekki í hlut Persónuverndar að fjalla um slík mál. Telur Persónuvernd því, eins og á stendur, ekki tilefni til umfjöllunar um það hvort veita eigi framangreindum þyrluflugmanni umræddan aðgang að gögnum um niðurstöður sálfræðimats á honum sjálfum.

Hvað varðar aðgang að gögnum um niðurstöður mats á öðrum umsækjendum telur Persónuvernd að líta verði til þess að mál varðandi ráðningu í það starf, sem hér um ræðir, er til meðferðar fyrir dómi. Það fellur í hlut dómara að úrskurða um það hvort tiltekið skjal skuli lagt fram við meðferð dómsmáls, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telur Persónuvernd því, eins og á stendur, það ekki falla undir stofnunina heldur viðkomandi dómara að fjalla um hvort framangreindum þyrluflugmanni eða lögmanni hans skuli afhent skjöl um niðurstöður umrædds sálfræðimats.“

### **3.2.11. Úrskurður um miðlun upplýsinga úr lyfjagagnagrunni Landlæknis – mál 2008/943**

Maður kvartaði yfir því að landlæknir hafði miðlað upplýsingum um hann úr lyfjagagnagrunni embættisins. Upplýsingunum var miðlað til heilsugæslustöðvar sem maðurinn hafði leitað til. Persónuvernd taldi þessa miðlunóheimila, enda gerðulög um gagnagrunninn ekki ráð fyrir því að hann mætti nota við ákvarðanirum læknismeðferð með sama hætti og nota má sjúkraskrár. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 28. apríl, segir m.a.:

#### *„Niðurstæða*

##### *1.*

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að auki að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um lyfjanotkun eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna.

Auk þess sem heimild verður að vera til vinnslu í 8. og 9. gr. verður öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 að vera fullnægt eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. að þess skuli gætt við meðferð slíkra upplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lög-mætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Einnig verður við vinnslu persónuupplýsinga að vera fullnægt þeim skilyrðum sérlaga sem um hana gilda. Um lyfjagagnagrunn Landlæknisembættisins gilda sérstök ákvæði í 27. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. lög nr. 89/2003. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. starfrækir embættið gagnagrunninn í þeim tilgangi að hafa almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf og vegna eftirlits með ávana- og fíknilyfjum. Aðgang að lyfjagagnagrunninum hafa Lyfjastofnun og sjúkratryggingastofnunin, sbr. 3. mgr. sömu greinar, sbr. lög nr. 112/2008, og Landlæknisembættið, sbr. 4. mgr. Þegar skilyrðum þeirra ákvæða fyrir aðgangi er fullnægt verður um leið að telja 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 eiga við, en þar er kveðið á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds. Hið sama á við 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga um að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar þegar til þess standi sérstök lagaheimild.

Samkvæmt c-lið 4. mgr. 27. gr. lyfjalaga hefur Landlæknisembættið aðgang að gagnagrunninum þegar ástæða er til að ætla að einstaklingur hafi fengið ávísað meira af ávana- og fíknilyfjum en eðlilegt getur talist á tilteknu tímabili. Af gögnum málsins verður ráðið að embættið hafi talið þetta ákvæði eiga við þegar það fletti upp upplýsingum um kvartanda í lyfjagagnagrunninum að beiðni læknis. Til úrlausnar er hins vegar hvort embættið hafi mátt veita viðkomandi lækni upplýsingar um hann. Fyrir liggur að það var gert munnlega. Þá er ljóst af gögnum málsins að það var gert án þess að kvartandi hefði samþykkt umrædda upplýsingaöflun læknisins.

Þegar læknir fær ósk frá sjúklingi um að ávísa til hans ávanabindandi lyfi skal hann hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklingsins, þ. á m. upplýsingum um lyfjanotkun hans, til þess að geta tekið réttar ákvarðanir um meðferð hans.

Lyfjagagnagrunnurinn, sem umþrættar upplýsingar voru veittar úr, telst ekki sjúkraskrá. Eins og áður segir er gagnagrunnurinn starfræktur í þeim *tilgangi* að hafa *almennt eftirlit* með ávísunum lækna á lyf og vegna eftirlits með ávana- og fíknilyfjum, sbr. 1. mgr. 27. gr. lyfjalaga. Í 3. og 4. mgr. 27. gr. sömu laga eru lögfestar reglur um aðgang að gagnagrunninum. Þar er ekki að finna heimild læknis til að óska símleiðis eftir upplýsingum úr gagnagrunninum til að byggja ákvarðanir sínar um meðferð sjúklings á, enda eru sjúkraskrár beinlínis ætlaðar til þeirra nota.

Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. lyfjalaga hefur landlæknir sjálfur aðeins rétt til aðgangs að lyfjagagnagrunninum í þágu *stjórnsýslumála sem hann tekur upp við að sinna lögbundnu eftirliti sínu*, sbr. a–d-lið 4. mgr. 27. gr. laganna. Miðlun upplýsinganna fellur ekki undir neitt af þessum ákvæðum 4. mgr. 27. gr. laganna. Eins og mál þetta er vaxið verður ekki séð að heimild hafi verið til þess að gildandi lögum að miðla hinum umþrættu upplýsingum um lyfjanotkun kvartanda úr lyfjagagnagrunninum í síma til læknis í Heilsugæslunni Hamraborg 24. júlí 2006 í tilefni af því að kærandi var til læknis meðferðar og taka þurfti ákvörðun um lyfjagjöf til hans.

Þar sem hér hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að miðlun upplýsinga um lyfjanotkun úr lyfjagagnagrunninum hafi verið óheimil í umrætt sinn er ekki ástæða til að fjalla um hvort viðhlítandi öryggis hafi verið gætt við meðferð og miðlun upplýsinga um lyfjanotkun samkvæmt ósk sem fram kom í símtali skv. 11. gr. laga nr. 77/2000.

### Úrskurðarorð:

Miðlun Landlæknisembættisins á upplýsingum úr lyfjagagnagrunni um M til heimilislæknis, sem hann hafði leitað til á Heilsugæslunni Hamraborg hinn 24. júlí 2006, var óheimil.“

#### 3.2.12. Úrskurður um fræðsluskyldu í tengslum við vinnustaðaskýrslu – mál 2009/172

Persónuvernd úrskurðaði að tilteknir sálfræðingar hefðu ekki veitt fullnægjandi fræðslu við gerð svokallaðrar vinnustaðaskýrslu. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 10. júní, segir m.a.:

#### „Forsendur og niðurstaða

##### 1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Af framangreindu er ljóst að efni máls þessa, skráning upplýsinga um líðan einstaklings, er vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur úrlausn máls þessa þar með undir valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

##### 2.

Skyldur samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvíla á ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga. Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. C átti frumkvæði að gerð umræddrar skýrslu. Með vísan til þess ber að telja C ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð skýrslunnar. Ljóst má telja að sálfræðingarnir, sem unnu skýrsluna, hafi farið með ákvörðunarvald um það hvernig staðið var að vinnslunni. Telur Persónuvernd þá því einnig hafa haft stöðu ábyrgðaraðila í þessu sambandi.

Í máli þessu er um það deilt hvort veitt hafi verið fræðsla í samræmi við ákvæði 20. gr. laganna. Þar segir að þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða sjálfum skuli ábyrgðaraðili veita honum fræðslu um ýmis atriði, m.a. atriði sem hinn skráði þarf að vita um til að geta gætt hagsmuna sinna. Það á t.d. við um það hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki. Við túlkun á ákvæði 20. gr. laga nr. 77/2000 ber að líta til þess að ákvæðið byggist á 10. gr. persónuverndartilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/46/EB. Er þar sérstaklega tilgreint að við mat á því hvort og að hvaða marki skuli veita hinum skráða fræðslu skuli taka mið „af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við söfnunina, til að tryggja hinum skráða að vinnslan fari fram á sanngjarnan hátt gagnvart honum“.

Við ritun skýrslunnar var m.a. byggt á persónuupplýsingum sem kvartandi veitti um sig sjálfa. Við mat á því hversu miklar kröfur megi gera til fræðslu sem veita átti kvartanda, skv. 20. gr. laga nr. 77/2000, verður að líta til þeirra kringumstæðna sem ríktu þegar þeim upplýsingum, sem liggja skýrslunni til grundvallar, var safnað. Af hálfu kvartanda hefur því verið haldið fram að hún hafi litið svo á að viðtöl hennar við sálfræðingana hafi að miklu leyti verið trúnaðarsamtöl sem m.a. hefðu farið fram til að líðsinna henni. Í skýrslunni er hins vegar m.a. fjallað um þau atriði sem talið var að taka þyrfti til afstöðu um hana, þ. á m. um framtíð hennar í starfi. Í skýrslunni voru gerðar tillögur sem gátu fyrirsjáanlega haft bein áhrif á líf hennar og hagsmuni, en ekki einungis fjallað um málsatvik og greiningu á vandamálum sem upp höfðu komið. Var því eðlilegt að gera ríkar kröfur til fræðslu um þau atriði sem talin eru upp í 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. um atriði sem voru kvartanda nauðsynleg til að hún gæti gætt hagsmuna sinna í tengslum við vinnsluna og til að vinnslan færi fram á sanngjarnan hátt gagnvart henni.

Af hálfu framangreindra sálfræðinga hefur komið fram að kvartanda hafi verið veitt fræðsla. Þá hefur komið fram af hálfu lögmanns C að umbjóðandi hans hafi ávallt staðið í þeirri trú að sálfræðingarnir hafi séð um að veita fræðslu. Það að veita nauðsynlega fræðslu er lagaskylda sem hvílir á ábyrgðaraðila. Hann ber sönnunarbyrði um að hann hafi uppfyllt hana. Af hálfu ábyrgðaraðila hefur engin fræðslufirlýsing verið lögð fram eða sambærileg sönnun um veitta fræðslu. Verður þar af leiðandi ekki á því byggt að lögboðin fræðsla hafi verið veitt.

#### *Úrskurðarorð:*

C og sálfræðingarnir A og B veittu K ekki fræðslu í samræmi við 20. gr. laga nr. 77/2000 í tengslum við gerð vinnustaðaskýrslu.“

### **3.2.13. Skráning upplýsinga um HIV-smitaða í gagnagrunn í Svíþjóð til nota við lækni meðferð og gæðaeftirlit á Landspítala – mál 2009/335**

Persónuvernd afgreiddi erindi um fyrirhugaða skráningu Landspítalans á upplýsingum um HIV-smitaða í gagnagrunninn InfCare á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi í Svíþjóð. Var afstaða tekin á grundvelli þeirrar forsendu að fullnægjandi öryggis yrði gætt við vinnslu upplýsinganna og farið að tilteknum lagakröfum. Í bréfi Persónuverndar til Landspítala, dags. 7. maí, segir m.a.:

#### *„Niðurstaða Persónuverndar*

##### *1.*

Gildisvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af þessu leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

##### *2.*

Af bréfi Landspítala, dags. 27. mars 2009, verður ráðið að umræddur gagnagrunnur í Svíþjóð, þ.e. InfCare, sé sjúkkraskrárgagnagrunnur. Um sjúkkraskrár er fjallað í lögum nr. 55/2009 um sjúkkraskrár og er ljóst að varðveislun verður að samrýmast þeim lögum. Hið sama gildir um flutning gagnanna til Svíþjóðar. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 er heimilt að flytja persónuupplýsingar til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd. Í 2. mgr. 29. gr. er tekið fram að ríki, sem framfylgja tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, teljast veita slíka vernd. Svíþjóð er á meðal þeirra ríkja og hamlu lög nr. 77/2000 því ekki umræddum flutningi gagna þangað. Ekki verður séð að önnur lög, þ. á m. lög nr. 55/2009, hamli flutningnum heldur.

Við varðveislun upplýsinga í gagnagrunninum verður að gæta að öryggi þeirra. Um öryggisráðstafanir skal fara eftir sænskum lögum, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 3. mgr. 16. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB sem liggur lögnum til grundvallar. Lúta þau ákvæði að réttarsambandi ábyrgðaraðila og vinnsluadila. Með ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga, í þessu tilviki Landspítala, er átt við þann sem ákveður hvers vegna og hvernig unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, og með vinnsluadila, í þessu tilviki Karólínska sjúkrahúsið, er átt við þann sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. sömu greinar.

Ábyrgðaraðili skal ávallt gera sérstakan samning við vinnsluadila sem afmarkar réttindi og skyldur vinnsluadilans, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000 og 16. gr. tilskipunarinnar. Í framangreindum ákvæðum þessara greina er mælt fyrir um að hafi vinnsluadilinn staðfestu í öðru aðildarríki, í þessu tilviki Sví-

þjóð, skuli í slíkum samningi mælt fyrir um að við þá vinnslu, sem vinnsluaðilinn hefur með höndum, skuli um upplýsingaöryggi fara að lögum í ríki vinnsluaðilans.

Ákvæði í samningi Landspítala og Karólínska sjúkrahússins eru í samræmi við framangreint, sbr. kaflann „Background and description of project“. Tekið skal fram að Persónuvernd telur ekki að þessi kafli samningsins – né heldur framangreind ákvæði 13. gr. laga nr. 77/2000 og 16. gr. tilskipunar 95/46/EB – leiði til þess að sérákvæði laga nr. 55/2009 um öryggi sjúkraskráa, sbr. nánar 3. kafla hér á eftir, gildi ekki um umræddar upplýsingar, enda lúta þau ekki aðeins að öryggisráðstöfunum sem slíkum heldur einnig trúnaðarskyldu og réttindum til aðgangs.

### 3.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2009 er einungis heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, heimilt að færa upplýsingar í sjúkraskrá. Í 3. mgr. 5. gr. segir að við sérhverja færslu í sjúkraskrá skuli koma fram nafn þess sem skráir, starfsheiti hans og tímasetning færslu. Viðbót, leiðrétting, breyting eða eyðing, sem gerð er á færslu sjúkraskrárupplýsinga, skuli ætíð vera rekjanleg. Ábyrgðar- og umsjónaraðilar sjúkraskráa skulu hafa virkt eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laganna. Með ábyrgðaraðila sjúkraskráa er átt við þá heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar, sbr. 12. tölul. 3. gr. laganna. Með umsjónararaðila sjúkraskráa er átt við lækni, eða annan heilbrigðisstarfsmann sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinganna samrýmist lögnum, sbr. 13. tölul. 3. gr.

Í 12. gr. laganna er kveðið á um að aðgangur að sjúkraskrá sé óheimill nema til hans standi lagaheimild. Slíka heimild er að finna í 1. mgr. 13. gr. laganna fyrir heilbrigðisstarfsmenn. Þar segir að heilbrigðisstarfsmenn, sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskrárupplýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar, skuli hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklingsins með þeim takmörkunum sem leiði af ákvæðum laganna og reglum samkvæmt þeim. Umsjónaraðili sjúkraskráa geti veitt öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrá hans að því marki sem nauðsynlegt sé vegna starfa þeirra í þágu sjúklingsins.

Mælt er fyrir um takmarkanir að upplýsingum, sem sjúklingur sjálfur telur sérstaklega viðkvæmar, í 2. mgr. 12. gr. laganna. Segir þar að hann skuli að jafnaði takmarkaður við starfsmenn sem starfa innan þeirrar einingar eða deildar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns þar sem meðferð er veitt, en aðgangur annarra heilbrigðisstarfsmanna sé óheimill nema með samþykki sjúklings.

Þá segir að um þurfi að vera að ræða starfsmenn sem nauðsynlega þurfa upplýsingarnar vegna meðferðar sjúklingsins. Í 4. mgr. 12. gr. segir að sjúklingur eða umboðsmaður hans geti lagt bann við því að tiltekinn starfsmaður eða starfsmenn, þ.m.t. nemar í starfsnámi, hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Með umboðsmanni sjúklings er átt við forráðamann hans eða þann sem sjúklingur hefur veitt skriflegt umboð til að taka ákvarðanir varðandi sjúkraskrá sína eða heimild til aðgangs að henni, sbr. 16. tölul. 3. gr. laganna.

### 4.

Persónuvernd telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að Landspítali skrái upplýsingar um HIV-smitaða í gagnagrunninn InfCare á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi í Svíþjóð, enda verði fullnægjandi öryggis gætt við vinnslu upplýsinganna og farið að þeim lagakröfum sem að framan eru raktar. Minnt er á skyldu til að tilkynna um vinnslu persónuupplýsinga til Persónuverndar á þar til bærni formi, sbr. 31. og 32. gr. laga nr. 77/2000, sbr. reglur Persónuverndar um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Er Landspítala leiðbeint um að gera það varðandi skráningu upplýsinga í framangreindan gagnagrunn, þ.e. með því að fylla út rafrænt eyðublað á heimasíðu

Persónuverndar sem sent er beint þaðan. Tilkynningin birtist því næst í þar til gerðri skrá á heimasíðu stofnunarinnar sem haldin er í samræmi við 17. gr. laga nr. 77/2000.“

### **3.2.14. Svar við fyrirspurn um öflun sakavottorða og upplýsinga um ökuréttindi og ökuferil – mál 2009/438**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Reykjavíkurborgar varðandi öflun sakaskráupplýsinga o.fl. um umsækjendur um störf. Í svari Persónuverndar, dags. 9. júní, segir:

„I.

#### *Innkomið erindi*

Persónuvernd barst fyrirspurn framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar 5. maí 2009. Þar kemur fram að fyrirhugað sé að ráða í vinnu nokkra 17 ára einstaklinga og er spurt hvort heimilt sé eða skylt að fara fram á sakavottorð þeirra sem ráðnir verða sem yfirmenn þeirra (flokksstjórar). Þar segir

„Nú vorum við að velta fyrir okkur hvort að við mættum/ættum skv. æskulýðslögum að fara fram á sakavottorð frá þeim einstaklingum sem koma til með að vera ráðnir sumarflokkstjórar yfir hópi sem í eru 17 ára einstaklingar sbr. starfsskilyrði í æskulýðsstarfi (10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007). [...]

Ef mat ykkar er að okkur sé heimilt/skylt að biðja um sakavottorð hafið þið þá skoðun á því hvornig er eðlilegast að sakavottorð sé fengið, þ.e. hvort við biðjum viðkomandi einstaklinga um að afla þess sjálfir og sýna okkur, eða hvort eðlilegt væri að við fengjum undirritað umboð til að sækja vottorðið fyrir þeirra hönd. Einnig velti ég fyrir mér hvort við ættum að eyða vottorðinu þegar þess hefur verið aflað, skila til viðkomandi einstaklings eða varðveita það með starfsmannagögnum.“

Einnig er spurt um heimildir til öflunar upplýsinga um ökuréttindi og ökuferil. Um það segir:

„Á sviðinu hjá okkur er hópur fólks sem keyrir bíla frá sviðinu en einnig er fjöldi fólks með aksturssamninga og keyrir á sínum eigin bílum í erindum fyrir sviðið. Ég myndi vilja fá staðfestingu á að viðkomandi aðilar væru með gild ökuréttindi í dag sem er hægt í gegnum sýslumannsembættið en ég velti fyrir mér hvort réttlætlanlegt væri að biðja um upplýsingar um ökuferilsskrá/punktastöðu sömu aðila.“

II.

#### *Svar Persónuverndar*

1.

#### *Öflun sakavottorða*

Í XXXVI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er að finna ákvæði um sakaskrá ríkisins. Samkvæmt 225. gr. laganna hefur Ríkissaksóknari færslu skrárinnar með höndum. Mælt er fyrir um það í 2. mgr. 227. gr. að hver og einn eigi rétt á að fá afhent sakavottorð eða upplýsingar um eigin sakaferil úr sakaskrá. Aðrir eigi því aðeins rétt á að fá aðgang að slíkum upplýsingum að sá sem hlut á að máli hafi fyrst veitt ótvírætt samþykki sitt til þess. Í 8. gr. reglugerðar um sakaskrá nr. 569/1999 er fjallað um útgáfu vottorða til hins skráða sjálfs. Í 10. gr. segir að auk þess sem ríkissaksóknari gefi þau út til eigin afnota skuli vottorð gefin út til dómstóla, dómsmálaráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis, lögreglu, Fangelsismálastofnunar og Útlendingaæftirlitsins. Þá gefi ríkissaksóknari þau út í vissum tilvikum til erlendra yfirvalda.

Vegna tilvísunar yðar til æskulýðslaga nr. 70/2007 er eftirfarandi tekið fram: Samkvæmt 2. gr. laganna gilda þau um starfsemi félaga og félagasamtaka sem sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli; æskulýðsstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga og í skólum, að svo miklu leyti sem



við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki um; og aðra starfsemi þar sem einkum er sinnt ófélagsbundnu æskufólki í skipulögðu æskulýðsstarfi.

Ef sú starfsemi sem fyrirhuguð er fellur undir þessa upptalningu þá ber að hlíta þessum lögum en í 3. mgr. 10. gr. þeirra segir að þeir sem starfa hjá aðilum, sem lögin taka til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, megi ekki hafa hlotið refsidóm fyrir tiltekin brot, þ. á m. gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um kynferðisbrot. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. eiga yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða, þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um starf á þeirra vegum, hafi hlotið dóm fyrir umrædd brot. Gert er að skilyrði að viðkomandi einstaklingur samþykki öflun upplýsinganna.

Sambærileg ákvæði er að finna í 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar eiga yfirmenn sams konar stofnana og tilgreindar eru í 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga rétt til öflunar upplýsinga úr sakaskrá um það hvort starfsumsækjendur hafi hlotið dóm fyrir brot á ákvæðum áður nefnds kafla almennra hegningarlaga, enda sé fengið samþykki umsækjandans.

Af framangreindu leiðir að miðlun upplýsinga um umsækjanda frá Ríkissaksóknara til framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar er heimil ef til þess stendur samþykki hans. Þarf slíkt samþykki að vera forbundið, sbr. 7. tölulið 2. gr. laga nr. 77/2000. Þá er heimilt að umsækjandi leggi sjálfur fram sakavottorð.

## 2.

### *Upplýsingar úr ökuferils- og ökuskírteinaskrá*

Um skrár um ökuréttindi er fjallað í 88. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997. Þar segir að Ríkislögreglustjóri skuli halda skrá um útgefin ökuskírteini og að samgönguráðherra setji nánari reglur um hvaða upplýsingar skuli færðar í ökuskírteinaskrá. Ekki er sérstakt ákvæði varðandi miðlun úr skránni. Um ökuferilsskrá er fjallað í reglugerð nr. 929/2006 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Embætti Ríkislögreglustjórans heldur landsskrá en lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, færa upplýsingar í þessa skrá. Segir að hún sé hluti af tölvutækri málaskrá lögreglu. Ekki er sérregla um miðlun upplýsinga. Í reglugerð um málaskrá lögreglu, nr. 322/2001, er hins vegar að finna ákvæði þar að lútandi. Í 6. gr. hennar er fjallað um miðlun upplýsinga innan lögreglu og til ákærvaldsins og Fangelsismálastofnunar. Þá segir að persónuupplýsingum verði aðeins miðlað til annarra stjórnvalda:

1. samkvæmt samþykki hins skráða eða
2. samkvæmt lagaheimild eða
3. samkvæmt heimild Persónuverndar eða
4. ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu.

Af þessu leiðir að miðlun upplýsinga um umsækjanda úr Ökuskírteina- og ökuferilsskrá til framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar er heimil ef til þess stendur samþykki hans. Þarf slíkt samþykki að vera forbundið, sbr. 7. tölulið 2. gr. laga nr. 77/2000. Þá er heimilt að umsækjandi leggi sjálfur fram umrædd gögn.“

### **3.2.15. Ákvörðun um notkun sjúkraskrárupplýsinga; frávísun – mál 2008/819**

Persónuvernd vísaði frá máli manns sem kvartaði yfir notkun sjúkraskrárupplýsinga í ágreiningsmáli milli hans og LSH. Frávísun byggðist á því að málið var til umfjöllunar hjá héraðsdómi. Í ákvörðun hennar, dags. 9. júní, sagði m.a.:

„Ákvörðun

1.

*Forsendur*

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

Þær upplýsingar, sem hér um ræðir, lúta að heilsuhögum. Slíkar upplýsingar eru viðkvæmar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Svo að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. laganna. Þá verður að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 8. og 9. gr. laganna.

Fyrir liggur að Landspítalinn hefur lagt umrædd gögn fram í ágreiningsmáli sem nú er í meðförum dómstóla. Í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Þá segir í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. að vinna megi með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Með vísan til þess að umrædd vinnsla persónuupplýsinga fór fram í tengslum við rekstur máls sem rekið er fyrir dómstóli, og að ekki liggur fyrir hvort hann muni taka efnislega afstöðu til þess hvort meðferð umræddra gagna sé lögmæt, þykja ekki vera, að svo stöddu, efni til að aðhafast frekar í málinu. Þegar fallin er dómur í málinu mun Persónuvernd eftir atvikum taka mál þetta til frekari afgreiðslu, verði þess óskað.

2.

*Niðurstaða*

Með vísan til framangreinds hefur stjórn Persónuverndar ákveðið að ekki skuli, eins og á stendur, aðhafst frekar af tilefni kvörtunar [...], dags. 19. desember 2008.“

**3.2.16. Ákvörðun um að fella niður mál um miðlun á vinnustaðaskýrslu – mál 2009/266**

Persónuvernd ákvað að fella niður mál er laut að miðlun vinnuveitanda á vinnustaðaskýrslu til Kennarasambands Íslands á grundvelli óljósra málavaxta o.fl. Í ákvörðun Persónuverndar, dags. 10. júní, segir m.a.:

„*Niðurstaða*

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að auki að vera fullnægt einhverju þeirra viðbótarskilyrða sem greinir í 9. gr. sömu laga.

Þær upplýsingar sem teljast vera viðkvæmar í skilningi laganna eru taldar upp í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna, en þar undir falla upplýsingar um heilsuhagi. Í þeirri skýrslu sem mál þetta varðar eru upplýsingar um samskiptavanda og ástand sem hafði skapast við kennslu hjá C. Í skýrslunni er að finna frásagnir kvartanda og annars starfsmanns, auk frásagna tveggja annarra starfsmanna, af umræddum samskiptum. Í frásögnum annarra en kvartanda kemur m.a. fram gagnrýni á störf hennar. Í lok skýrslunnar er að finna túlkun sálfræðinganna á atburðum í ljósi frásagnanna, sem og þá ályktun

þeirra að nauðsynlegt sé að stjórnendur gefi kvartanda skýr skilaboð um framtíð hennar í starfi. Geta má þess að í dómi héraðsdóms, sem kveðinn var upp 3. nóvember 2008, í máli milli kvartanda og C, er fjallað um efni þessarar skýrslu og segir að hún, og önnur skýrsla, verði ekki túlkaðar sem staðfesting á veikindum. Með vísun til alls framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að skýrslan hafi ekki að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Miðlun persónuupplýsinga sem ekki teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 þarf að eiga sér stoð í 8. gr. laganna. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla heimil hafi hinn skráði samþykkt hana. Getur slíkt samþykki bæði verið veitt með formlegri yfirlýsingu eða í verki, með athöfn eða athafnaleysi. Við mat á því hvort kvartandi hafi veitt slíkt samþykki ber að líta til að hún leitaði liðsinnis Kennarasambandsins, m.a. við að fá skýrsluna í hendur. Er ljóst að forsenda þess að umbeðin aðstoð yrði veitt var í mörgum tilvikum sú að Kennarasambandið sæi skýrsluna. Fyrir liggur og að kvartandi lagði umrædda skýrslu fram í því máli sem hún höfðaði gegn C. Við mat á lögmæti vinnslu ber einnig að líta til þess hvort unnið hafi verið í samræmi við grunnkröfur 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er m.a. að finna skilyrði um að meðferð slíkra upplýsinga skuli hagað með sanngjörnum og málefnalegum hætti. Af svörum Kennarasambandsins má ráða að vinnslan hafi átt sér málefnalegan tilgang og verið ætluð til þess að gera sambandinu kleift að veita kvartanda umbeðna aðstoð. Þar á meðal í tengslum við umsókn hennar um styrk og að veita henni ráðgjöf og lögmannaástoð.

Þrátt fyrir framangreint verður ekki litið framhjá því að samkvæmt orðalagi 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er skilyrði að samþykki hins skráða sé ótvírætt. Með því er átt við að fyllilega þarf að vera skýrt til hvaða vinnslu það tekur. Skiptir einnig máli á hvaða tímamarki þetta á sér stað og síðan hvernig staðið er að vinnslu. Í máli þessu eru atvik hins vegar óljós, einkum um þessi tvö atriði, en langt er um liðið frá því að atvikin gerðust. Greini menn á um málsatvik með þeim hætti sem hér er eru því rík takmörk sett að hvaða marki Persónuvernd getur, með þeim úrræðum sem henni eru búin að lögum, leyst úr málum. Af þeirri ástæðu, og að virtum þeim hagsmunum sem eru af frekari umfjöllun um mál þetta, þykja ekki efni til frekari meðferðar þess. Verður málið því fellt niður.“

### **3.2.17. Rannsóknarnefnd umferðarslysa heimilt að birta skýrslu – mál 2009/272**

Persónuvernd tók afstöðu til kvörtunar yfir opinberri birtingu á skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa um tiltekið banaslys, en þar voru hvorki birt nöfn né aðrar slíkar upplýsingar. Kvörtunin barst frá einstaklingi nákomnum þeim sem lést í slysinu. Í svari Persónuverndar, dags. 9. júní, segir m.a.:

„Við mat á því hvort umrædd vinnsla persónuupplýsinga sé lögmæt verður að líta til laga nr. 24/2005 um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Í 2. mgr. 12. gr. þeirra laga kemur fram að þegar nefndin hefur lokið rannsókn sinni á slysi getur hún samið sérstaka skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar telji hún tilefni til. Segir að í skýrslunni skuli gerð grein fyrir orsökum eða sennilegum orsökum slyssins, auk þess sem þar skuli gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera megi til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum eða draga úr afleiðingum þeirra. Skuli skýrslan gerð opinber svo fljótt sem verða megi.

Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. skal nefndin fella úr slíkum skýrslum, sem hér um ræðir, beina tilvísun til trúnaðargagna sem hún aflar í tengslum við rannsókn máls og gagna sem aflað hefur verið hjá lögreglu, nema að því leyti sem óhjákvæmilegt er talið vegna greiningar á orsökum umferðarslyss. Nöfn skulu jafnframt afmáð úr skýrslu nefndarinnar.

Ef farið er að framangreindum ákvæðum í tengslum við gerð og birtingu skýrslu um umferðarslys verður almennt litið svo á að sú meðferð persónuupplýsinga, sem í því felst, sé heimil með stoð í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 þar sem segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil til að fullnægja lagaskyldu. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar getur vinnslan átt sér stoð í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna, en þar er mælt fyrir um að heimilt sé að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar ef til þess stendur sérstök lagaheimild.

Í því tilviki, sem hér um ræðir, voru birtar upplýsingar um að sá sem lést í banaslysi hafði ekki neytt áfengis eða vímuefna. Ekki verður fullyrt að slíkar upplýsingar séu viðkvæmar og að því hafi þurft heimild til birtingar þeirra í 9. gr. laga nr. 77/2000. Af erindi kvartanda verður ráðið að hann telji umræddar upplýsingar teknar upp úr trúnaðargögnum og að því brjóti birting þeirra gegn 5. mgr. 12. gr. laga nr. 24/2005. Persónuvernd telur ekki unnt að fullyrða að upplýsingarnar hafi verið birtar með slíkum hætti að brjóti gegn ákvæðinu.“

Einnig segir í svari Persónuverndar:

„Í ljósi framangreinds, einkum þess að samkvæmt 5. mgr. 12. gr. laga nr. 24/2005 er nefndinni skylt að gera skýrslur sínar opinberar, telur Persónuvernd að telja megi umrædda meðferð persónuupplýsinga hafa verið nauðsynlega til að fullnægja skyldum sem hvíla á rannsóknarnefnd umferðarslysa samkvæmt þeim lögum. Hafi vinnslan því átt sér stöð í framangreindu ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla upplýsinganna varð jafnframt að samrýmast lögum nr. 77/2000 að öðru leyti. Af gögnum málsins verður ekki séð að hún hafi farið í bága við ákvæði þeirra laga.

Persónuvernd telur engu að síður rétt að benda sérstaklega á 4. mgr. 12. gr. laga nr. 24/2005 þar sem segir að við skýrslugerð skuli rannsóknarnefnd umferðarslysa gefa þeim sem sérlega ríkra hagsmuna hafa að gæta að mati nefndarinnar kost á að tjá sig um drög að skýrslu nefndarinnar. Ætla má að hér undir geti fallið ástvinir einstaklings sem látist hefur í umferðarslysi. Það að þeim sé veitt færi á að tjá sig um drög að skýrslu getur einnig talist til góðra stjórnsýsluhátta, sem og að þeim sé greint frá þeirri fyrirætlan að birta skýrsluna. Túlkun á því hvort farið sé að slíkum kröfum heyrir undir umboðsmann Alþingis, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997 um embætti hans.“

### **3.2.18. Miðlun upplýsinga um ölvunarakstur – mál 2009/264**

Persónuvernd tók afstöðu til miðlunar á upplýsingum um niðurstöður blóðrannsóknna á öikumönnum frá Ríkislögreglustjóra til Umferðarstofu. Hún taldi skorta lagastöð fyrir veitingu leyfis fyrirslíkri miðlun. Í ákvörðun hennar, dags. 15. júní, segir m.a.:

*„Forsendur og niðurstæða*

*1.*

*Gildissvið*

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

*2.*

*Lagaumhverfi*

Svo að miðla megi persónuupplýsingum úr skrá m lögreglu til annarra stjórnvalda þarf að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, sbr. m.a. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000. Þau skilyrði 2. mgr. 6. gr., sem hér reynir á, eru hvort til staðar sé lagaheimild, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 6. gr., eða að Persónuvernd heimili miðlunina, sbr. 3. tölul. sömu málsgreinar.

Eins og bent er á í bréfi Ríkislögreglustjóraembættisins eru upplýsingar um það hvort einstaklingur hafi verið ölvaður við akstur viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. annars vegar b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 þess efnis að upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað séu viðkvæmar; og hins vegar c-lið sama tölulíðar þess efnis að hið sama eigi við um upplýsingar um m.a. áfengisnotkun.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga verður ávallt að fullnægja einhverju af skilyrðum 9. gr. laga nr. 77/2000. Annars vegar hefur 9. gr. að geyma tiltekna heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem taldar eru upp í 1. mgr., s.s. að vinnsla byggist á sérstakri lagaheimild, sbr. 2. tölul. þeirrar málsgreinar. Hins vegar er um að ræða leyfi sem Persónuvernd getur veitt þegar vinnslan getur ekki átt stoð í 1. mgr., sbr. 3. mgr. Slíkt leyfi er háð því skilyrði að af vinnslunni sé brýnir almannahagsmunir.

Lagaheimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga verður að fullnægja ströngum kröfum eins og fram kemur í athugasemdum við 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000. Í h-lið 1. mgr. 112. gr. umferðarlaga er mælt fyrir um það hlutverk Umferðarstofu að annast skráningu slysa. Þegar um ræðir persónuupplýsingar, sem ekki eru viðkvæmar, má telja að í þessu ákvæði geti falist heimild til miðlunar upplýsinga frá lögreglu til Umferðarstofu í tengslum við þá skráningu, sbr. og 2. tölul. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001. Öðru máli gegnir hins vegar um viðkvæmar persónuupplýsingar, en skráning slíkra upplýsinga heyrir ekki undir lögboðið hlutverk Umferðarstofu. Þá verður ekki ekki fullyrt að miðlun slíkra upplýsinga geti átt undir aðrar heimildir 1. mgr. 9. gr. en fyrrnefnt ákvæði 2. tölul.

Reynir þá á hvort veita megi leyfi til miðlunar umræddra upplýsinga með stoð í 3. mgr. 9. gr., en slíkt leyfi myndi einnig byggjast á áðurnefndu ákvæði 3. tölul. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001.

Við beitingu 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 322/2001, verður að líta til þess að Persónuvernd er stjórnvæðustofnun sem fyrst og fremst hefur með höndum eftirlit með framkvæmd laga og úrlausn ágreiningsmála. Löggjafinn hefur þó framselt stofnuninni vald til þess að heimila, í undantekningartilvikum, vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem annars væri bönnuð. Við beitingu þess valds ber Persónuvernd að halda sig innan þeirra marka sem leiða af stjórnarskrá og mannréttindasamningum sem Ísland hefur fullgilt, s.s. mannréttindasáttmála Evrópu og Evrópusamningi frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, einkum 6. gr. þess samnings.

Í samræmi við þetta hefur Persónuvernd túlkað valdheimildir sínar fremur þröngt. Með vísan til þess hefur stofnunin talið 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 geta verið grundvöll fyrir veitingu leyfis til vinnslu persónuupplýsinga að því gefnu að vinnslan sé vegna afmarkaðs verkefnis sem tekur enda að tilteknum tíma liðnum. Öðru máli gegnir um viðvarandi vinnslu. Veiting leyfis til slíkrar vinnslu jafnast á við setningu stjórnvaldsreglna og verður þá að gæta sérstaklega að þeim kröfum sem gerður eru til lagastofna fyrir slíkum reglum.

### 3.

#### *Niðurstaða*

Stjórn Persónuverndar ræddi mál þetta á fundi sínum hinn 9. júní 2009 og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri til að dreifa lagastofn fyrir því að stofnunin veitti umbeðið leyfi til miðlunar upplýsinga frá Ríkislögreglustjóraembættinu um niðurstöður blóðrannsóknna á öikumönnum í umferðaróhöppum til Umferðarstofu. Ekki eru hins vegar gerðar athugasemdir við afhendingu upplýsinga þar að lútandi sem eru með öllu ópersónugreinanlegar.“

#### **3.2.19. Nafnlausar ábendingar til Fiskistofu – mál 2009/449**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn frá Fiskistofu um móttöku og vinnslu nafnlausra ábendinga beint af heimasíðu stofunnar. Í svari hennar, dags. 15. júlí, segir m.a.:

„I.

*Fyrirspurn Fiskistofu*

Persónuvernd vísar til tölvubréfs Fiskistofu frá 11. maí 2009. Þar segir:

„Fiskistofa annast framkvæmd laga og reglna um stjórn fiskveiða og hefur eftirlit með þeim, sbr. lög um Fiskistofu nr. 36/1992, með síðari breytingum, sbr. og 18. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 8. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Þá annast Fiskistofa tiltekið eftirlit samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sbr. 4. og 4. gr. a. í þeim lögum, sbr. og lög nr. 36/1992.

Fiskistofa vinnur nú að endurskoðun á vefsiðum stofnunarinnar og er m.a. að skoða þann möguleika að þar verði hægt að koma á framfæri ábendingum (undir nafni eða nafnlaust) um meint brot gegn reglum sem Fiskistofa hefur eftirlit með, sbr. ofan nefnd lög. Ef af verður má gera ráð fyrir að þetta verði með svipuðu sniði og sjá má á heimasíðum Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Áður en lengra er haldið vill Fiskistofa þó óska eftir álit Persónuverndar og/eða leiðbeiningu um hvers þurfi að gæta í þessu sambandi m.t.t. laga og reglna á sviði persónuverndar.“

II.

*Svar Persónuverndar*

Það að skrá upplýsingar um einstakling á rafrænt eyðublað stjórnvalds sem leiðir til færslu upplýsinga um hann í málaskrárkerfi stjórnvaldsins telst vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Mörg álitafni varðandi persónuvernd og vandaða stjórnsluhætti tengjast því.

Öll vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf að fullnægja einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 7. t. 8. gr. segir að vinnsla sé heimil ef hún er nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Af því eru lögmætir hagsmunir að fyrirbyggja og upplýsa afbrot en þá hagsmuni verður hins vegar að meta andspænis einkalífshagsmunum hins skráða.

Auk þess sem heimild þarf að vera til vinnslu þarf hún að fullnægja skilyrðum 7. gr. laganna. Tryggja verður að vinnsla sé sanngjörn og málefnaleg. Til þess verður að virða þau réttindi sem hinum skráðu eru veitt samkvæmt almennum persónuverndarreglum. Þær lúta m.a. að upplýsingarétti hins skráða. Þegar stjórnvöld eiga hlut að máli gilda sérákvæði stjórnslu- og eftir atvikum upplýsingalaga sem ganga framur hinum almennu ákvæðum persónuverndarlaga. Persónuvernd hefur ekki eftirlit með framkvæmd þessara sérlaga. Hún bendir þó á að virða ber andmælarétt málsaðila skv. 13. og 18. gr. sömu laga og ákvæði 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um upplýsingarétt aðila máls, sem sett er í þágu sanngjarnar og gagnsærrar stjórnslu.

Framangreind ákvæði 15. gr. stjórnslulaga hafa verið túlkuð á þann veg að þau setji því takmörk að því sé haldið leyndu gagnvart aðila máls hver hafi komið ábendingu varðandi hann á framfæri við stjórnvöld. Hér má einnig nefna túlkun umboðsmanns Alþingis, sbr. m.a. álit hans frá 5. mars 2009 í máli nr. 4934/2007. Þar er fjallað um lögmæti vinnureglu stjórnvalds um nafnleynd gagnvart þeim sem komið hefði ábendingu á framfæri í tilteknum málaflokki. Taldi umboðsmaður nafnleynd geta komið til greina með stöð í 17. gr. stjórnslulaga þar sem mælt er fyrir um að stjórnvald geti gert undanþágu frá framangreindum ákvæðum 15. gr. laganna um upplýsingarétt aðila máls þegar sérstaklega stendur á, enda þyki hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr gögnum eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Hins vegar taldi umboðsmaður þetta ákvæði ekki fela í sér heimild stjórnvalds til að ákveða að gæta nafnleyndar um tilkynnanda í öllum málum heldur yrði, nema e.t.v. í algerum undantekningartilvikum, að meta hvert tilvik í ljósi þeirra hagsmuna sem þar vægjust á.

Ekki verður fram hjá því lítið að mögulegt er að menn sendi nafnlausar ábendingar til þess eins að koma höggi á aðra. Slíkar ábendingar geta – jafnvel þótt þær eigi ekki við rök að styðjast – haft í

för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem bent er á, auk þess sem upplýsingaréttur og andmæla-  
réttur kann að vera brotinn á málsaðila.

Ekki er hægt að útiloka að nafnlausar ábendingar til stjórnvalda geti við ákveðnar aðstæður  
átt rétt á sér svo sem þegar sendandi er ekki í aðstöðu til að koma fram undir nafni. Þó er, í ljósi  
almennra sjónarmiða um einkalífsrétt, gagnsæi, sanngirni og vandaða stjórnslu, eðlilegt að slíkt  
heyri til algerra undantekninga. Vafa er undirorpið að hægt sé að taka upp almenna framkvæmd á  
ákveðnum sviðum stjórnslunnar um nafnleysi tilkynnanda nema að það styðjist við sérstaka laga-  
heimild. Sem dæmi um slíka lagaheimild má benda á 19. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Skal hver  
segja á sér deili sem sendir tilkynningu til barnaverndarnefndar en ósk um nafnleynd virt ef alveg sér-  
stakar ástæður mæla með því.

Í ljósi alls sem að framan er rakið, og þeirrar hættu sem því getur fylgt fyrir grundvallarréttindi  
skráðra einstaklinga ef komið verður upp kerfi sem auðvelt er að misnota, er Fiskistofu leiðbeint um  
að rækja hlutverk sitt með öðrum aðferðum en þeim að setja á heimasíðu sína skilaboð sem hvetja  
menn til að eiga við hana nafnlaus samskipti.

Um frekari rök og sjónarmið má vísa til álitis ráðgjafarhóps Evrópusambandsins um túlkun reglna  
um persónuvernd, sbr. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB. Álitid er nr. 1/2006 um „whistle blowers“, en  
þar er minnt á mikilvægi þess að virða persónuverndarreglur í tengslum við nafnlausar ábendingar  
innan fyrirtækja.“

### **3.2.20. Vinnsla upplýsinga um gesti skemmtistaða; skönnun skilríkja o.fl. – mál 2009/472**

Persónuverndar svaraði erindi frá Terr Security ehf. um heimild til söfnunar, miðlunar og vinnslu  
persónuupplýsinga um einstaklinga. Í svari hennar, dags. 13. ágúst, segir m.a.:

„I.  
Tildrög máls  
1.  
Bréfaskipti

Með tölvubréfi, dags. 19. maí 2009, óskaði Terr Security ehf. eftir „skriflegu leyfi Persónuverndar  
og/eða athugasemdum“ vegna notkunar ID-Scan eða Clubscan búnaðar hér á landi. Kom fram að  
tilgangurinn væri að koma í veg fyrir framvísun falsaðra skilríkja, eða skilríkja í eigu annarra, við inn-  
göngu á skemmtistaði hér á landi.

Með bréfi, dags. 25. maí 2009, óskaði Persónuvernd eftir frekari skýringum um framkvæmd  
vinnslunnar, m.a. hvort og þá hvaða nauðsyn Terr Security teldi standa til vinnslunnar; hvort og þá  
hversu mikinn aðgang dyraverðir skemmtistaða, sem myndu eiga viðskipti við Terr Security, myndu  
hafa að skráðum persónuupplýsingum; og hvernig Terr Security hygðist uppfylla öryggiskröfur, sbr.  
11. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá var spurt um sam-  
keyrslumöguleika upplýsinganna og hvort fyrirhugað væri að nota upplýsingarnar í beinu markaðs-  
setningarskyni.

Í svarbréfi Terr Security, dags. 5. júní 2009, kom fram að vinnslan væri nauðsynleg til að bæta  
öryggi gesta á skemmtistöðum og starfsmanna þar. Einnig til að auðvelda lögreglu að upplýsa mál  
sem kynnu að koma upp á skemmtistöðum. Upplýsingarnar yrðu geymdar á einum miðlægum  
gagnagrunni hjá Terr Security en vélbúnaður vistaður hjá Skyggni. Allur hugbúnaður yrði með við-  
urkenndum öryggisstöðlum frá Microsoft. Þá kom fram að Terr Security hefur í hyggju að skanna  
fingraför einstaklinga sem koma á skemmtistaði til að viðhafa tvöfalt öryggi. Þá hyggst fyrirtækið  
búa til bannlista eða s.k. svarta lista sem fyrirhugað væri að samkeyra. Loks áskildi Terr Security sér  
rétt til þess að sækja um að nota upplýsingarnar í beinu markaðssetningarskyni á síðari stigum.

## 2.

### *Sjónarmið ríkislögreglustjóra*

Persónuvernd ákvað að kynna erindi Terr Security fyrir ríkislögreglustjóra. Var það gert með bréfi, dags. 18. júní 2009. Var erindið ítrekað með bréfi, dags. 27. júlí s.á. Bréf ríkislögreglustjóra barst með tölvubréfi sama dag. Bréfið var dagsett 2. júlí 2009, en það hafði áður misfarist í pósti. Í bréfinu segir m.a.:

„Hlutverk dyravarda, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, er að hafa eftirlit með því að farið sé að reglum um afgreiðslutíma veitinga- og skemmtistaða og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir einnig halda uppi röð og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa þeim af skemmtun sem brjóta gegn settum reglum og/eða eru valdir að óspektum.

Embætti ríkislögreglustjóra leggst ekki gegn notkun búnaðarins, þ.e.a.s í þeim tilgangi að koma í veg fyrir notkun falsaðra skilríkja eða skilríkja í eigu annarra, en telur að með notkun á s.k bannlista, eins og Terr security hyggur á, sé farið út fyrir þau valdmörk sem dyravörðum og öðrum eftirlitsmönnum eru ætluð, sbr. 19. gr. ofangreindrar reglugerðar.

Einnig er það mat embættisins að enginn lögmætur eða málefnalegur tilgangur sé fólginur í skönnun á fingraförum einstaklinga, af hálfu Terr security, þá sérstaklega í ljósi þess hve viðkvæmar persónuupplýsingar um er að ræða.

Í ljósi ofangreinds og með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum telur embætti ríkislögreglustjóra að eðli þeirra persónuupplýsinga sem Terr security hyggst afla/safna með notkun búnaðarins og þær upplýsingar sem s.k bannlisti skal innihalda, eigi aðeins að vera í höndum lögreglu eða þar til bærra yfirvalda.“

## II.

### *Ákvörðun Persónuverndar*

#### 1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af þessu leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

#### 2.

Tilgangur laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með áorðnum breytingum, er m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs ásamt því að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Til að svo megi verða ber að tryggja að öll notkun persónuupplýsinga sé með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti, þær fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, sbr. 7. gr. laganna. Er í lögunum nánar kveðið á um réttarstöðu hins skráða, skyldur ábyrgðaraðila og hvaða skilyrði uppfylla þurfi til að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil.

Í 8. gr. laganna er kveðið á um almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga og í 9. gr. um sérstök skilyrði sem uppfylla þarf þegar um er að ræða vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.



Til viðbótar þeim kröfum sem gerðar eru til heimilda að baki vinnslu persónuupplýsinga í 8. gr. og, eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000 verður öllum ákvæðum 7. gr. þeirra laga ávallt að vera fullnægt. Þar er m.a. kveðið á um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, videigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.). Fela þessi ákvæði í sér þá meðalhófsreglu að ekki skal unnið með persónuupplýsingar nema á því sé þörf og að ekki skal unnið með meiri persónuupplýsingar en nauðsyn krefur.

### 3.

Um starfsemi lögreglu gilda ýmsar sérreglur er ýmist ganga frammar framangreindum ákvæðum eða standa þeim til fulltingis. Hlutverk lögreglu er rakið í 1. gr. laga nr. 90/1996, um stofnanir löggæslu og lögreglumenn, með áorðnum breytingum. Skal lögregla m.a. vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála, eða öðrum lögum, sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996. Ríkislögreglustjóri skal halda málaskrá um kærur sem lögreglu berast um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða og halda skrá yfir handtekna menn, sbr. i-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1996, sbr. lög. nr. 15/2000. Skal dómsmálaráðherra setja nánari reglur um þessar skrár.

Ákvæði um skráningu persónuupplýsinga hjá lögreglu er jafnframt að finna í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Segir þar að dómsmálaráðherra skuli setja fyrirmæli í reglugerð um kerfisbundna skráningu og varðveislu lögreglu á upplýsingum um brotaferil einstakra manna eða atriði sem varða einkahagi þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, skal í reglugerð kveðið á um eftirlitshlutverk Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu, ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra og innra eftirlit með þeim ráðstöfunum. Gildir um þessi atriði reglugerð nr. 322/2001, frá 9. apríl 2001, um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

### 4.

Söfnun persónuupplýsinga, þ.m.t. taka fingrafara og mynda af skilríkjum einstaklinga, þarf að eiga sér slíkan tilgang er greinir í 2. tl. 7. gr. laga nr. 77/2000, en þar segir að öll vinnsla persónuupplýsinga skuli fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi. Í öðru lagi þarf að vera uppfyllt ákvæði 3. tl. 7. gr. um að aðeins skuli nota nægilegar og videigandi persónuupplýsingar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Framangreind ákvæði ber að túlka í ljósi ákvæðis 1. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fram kemur að markmið laganna sé m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Framangreind ákvæði verður einnig að skýra í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. breytingalög nr. 97/1995, er mælir fyrir um friðhelgi einkalífs. Þar segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, og að ekki megi gera rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, né gera aðra sambærilega skerðingu á einkalífi manns nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Samkvæmt 3. mgr. má aðeins skerða þann rétt beri bryna nauðsyn til vegna réttinda annarra. Um þann rétt er jafnframt vísað til 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu en sáttmálinn var lögleiddur hér á landi með lögum nr. 62/1994.

### 5.

Í ljósi alls ofangreinds, þ.e. þess að (a) Terr Security ehf. rekur ekki umrædda skemmtistaði og hefur því ekki sérstaka nauðsyn af vinnslu um gesti þeirra, (b) að ekkert liggur fyrir um að félagið hafi nokkurt það samstarf við lögreglu er getur verið grundvöllur persónuupplýsingavinnslu í þágu löggæsluhagsmuna, og (c) að ekki verður séð að vinnslan samrýmist einhverju af ákvæðum 8. gr. og/

eða 9. gr. laga nr. 77/2000, verður ekki fallist á umrædda umsókn félagsins um leyfi til vinnslu persónuupplýsinga um gesti skemmtistaða á Íslandi.

*Ákvörðunarráð:*

Hafnað er umsókn félagsins Terr Security ehf. um leyfi til að nota Clubscan-búnað til vinnslu persónuupplýsinga um gesti skemmtistaða.“

**3.2.21. Miðlun persónuupplýsinga við sölu bankaútibús – mál 2006/686**

Persónuvernd lauk máli af tilefni kvörtunar B yfir miðlun Glitnis banka hf. á persónuupplýsingum um hann til Sparisjóðs Siglufjarðar. Um var að ræða miðlun sem tengdist sölu Glitnis á útibúi sínu á Siglufirði til Sparisjóðsins. Í úrskurði Persónuverndar, dags. 13. ágúst, segir m.a.:

*„Niðurstaða Persónuverndar*

*1.*

*Almennt*

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar undir geta m.a. fallið miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB. Með vísan til framangreinds telst sú aðgerð að miðla persónuupplýsingum um viðskiptamenn fjármálafyrirtækis vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur úrlausn máls þessa þar með undir verkefnasvið Persónuverndar.

*2.*

*Lögmæti vinnslu*

Vinnsla persónuupplýsinga er heimil ef eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er uppfyllt. Hér koma helst til álita ákvæði 3. og 7. töluliðar.

Samkvæmt 3. tölul. telst vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Með lagaskyldu er átt við hvers konar skyldu sem leiðir af lagasetningu, m.a. skyldur samkvæmt reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem eiga sér stöð í lögum. Þá segir í 7. tölul. að heimil sé vinnsla sem er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda beri samkvæmt lögum vegi þyngra.

Við skoðun á því hvort þessum skilyrðum sé fullnægt hefur Persónuvernd í fyrsta lagi litið til niðurstöðu FME, dags. 1. júlí 2009. Þar kemur fram að sala á útibúi sé að þess mati sala á rekstrareiningu sem fellur undir 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002. Við slík viðskipti sé heimilt að yfirfæra þagnarskyldar upplýsingar um viðskiptamenn, skv. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002, án samþykkis viðskiptamanna, sé um að ræða yfirfærslu sem sé tilkomin vegna samruna í skilningi 1. mgr. 106. gr. sömu laga. Þá hefur Persónuvernd í öðru lagi lagt mat á annars vegar hagsmuni af því að leynd ríki yfir upplýsingunum og hins vegar þá hagsmuni sem tengjast miðlun þeirra til sparisjóðsins.

Með vísun til niðurstöðu FME er það niðurstaða Persónuverndar að umrædd miðlun hafi verið nauðsynleg til að Glitnir og Sparisjóður Siglufjarðar gætu gætt lögmætra hagsmuna sinna. Er þar og litið til almennra hagsmuna af því að tryggja áreiðanleika viðskipta. Einnig skiptir máli að samskonar þagnarskylda gildi um starfsmenn beggja fjármálafyrirtækjanna, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002, og að ekkert hefur komið fram um annað en að miðlunin hafi verið nauðsynleg og átt sér lögmætan og málefnalegan tilgang og að ekki hafi verið miðlað meiri upplýsingum um viðskiptavinum útibúsins en nauðsynlegt var til efnda á umræddum samningi.

Með vísun til framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að um lögmæta vinnslu í skilningi laga nr. 77/2000 hafi verið að ræða.

#### *Úrskurðarorð:*

Miðlun viðskiptamannaupplýsinga Glitnis um B til Sparisjóðs Siglufjarðar í tilefni af sölu á útibúi Glitnis á Siglufirði til sparisjóðsins hinn 24. júní 2006 var heimil.“

#### **3.2.22. Heimild vinnuveitanda til að skoða tölvugögn starfsmanns – mál 2009/410**

Persónuvernd svaraði almennri fyrirspurn um heimildir vinnuveitanda til að skoða tölvunotkun starfsmanna. Í svari hennar, dags. 13. júlí, segir m.a.:

#### *„Svar Persónuverndar*

##### *1.*

Persónuvernd hefur m.a. það hlutverk að úrskurða í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Af því leiðir að stofnunin tekur ekki, í almennu svari eins og þessu, bindandi afstöðu til þess hvort vinnsla persónuupplýsinga samrýmist lögum í einstökum tilvikum. Kynni hún ella að verða vanhæf við afgreiðslu ágreiningsmáls sem upp kann að koma og henni ber að leysa úr, s.s. af tilefni kvörtunar frá skráðum einstaklingi.

##### *2.*

Þau lög, sem Persónuvernd starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með persónuupplýsingum er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Með vinnslu er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. sömu greinar.

Einnig er í 2. gr. laga nr. 77/2000, þ.e. í 6. tölul., að finna skilgreiningu á hugtakinu rafræn vöktun. Segir þar að til rafrænnar vöktunar teljist vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega, felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almanna-færi eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.

Í notkun búnaðar, sem veitir vinnuveitanda færi á að fylgjast með tölvunotkun einstakra starfsmanna, felst vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Notkun slíks búnaðar getur einnig falið í sér rafræna vöktun.

Vinnsla persónuupplýsinga verður ávallt að fullnægja einhverju þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í 8. gr. laga nr. 77/2000, en þar segir m.a. að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra, sbr. 7. tölul. 1. mgr. Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun á vinnustað gæti einkum stuðst við þetta ákvæði.

Einnig verður að vera fullnægt öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er m.a. mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum

og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Sérstakt ákvæði um rafræna vöktun er að finna í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að rafræn vöktun sé háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis, þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sé jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Vinnustaði má telja til slíks svæðis.

Með heimild í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 hefur Persónuvernd sett reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun þar sem ákvæði laganna um slíka vöktun eru útfærð nánar. Í 4. gr. reglnanna segir að rafræn vöktun verði að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis eða eignavörslu. Þá segir í 5. gr. að við alla rafræna vöktun skuli gæta þess að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn beri til miðað við þann tilgang sem að sé stefnt. Skuli gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skuli því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

Í 9. gr. reglnanna er að finna sérstök ákvæði um vöktun með tölvupóst- og netnotkun. Tölvubúnaður, sem gerir tölvustjórnanda á vinnustað kleift að yfirtaka tölvu starfsmanna, getur falið í sér slíka vöktun þegar hann er notaður í því skyni. Einnig er um slíka vöktun að ræða þegar skoðað er hvaða skrár starfsmenn hafa vistað á drifum sínum, enda komi fram að viðkomandi starfsmenn hafi sótt skrárnar af Netinu. En þegar ekki er um slíkt að ræða er engu að síður hægt að hafa ákvæði 9. gr. til hliðsjónar. Þar segir:

„Óheimilt er að skoða einkatölvupóst nema brýna nauðsyn beri til s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks.

Heimilt er að skoða upplýsingar um netvafur, tengingar og gagnamagn starfsmanns eða nemanda liggja fyrir rökstuddur grunur um að hann hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum vinnuveitanda eða skólayfirvalda. Sé tilefni skoðunar grunur um refsiverðan verknað skal óska atbeina lögreglu.

Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun. Þetta á þó ekki við sé þess enginn kostur s.s. vegna alvarlegra veikinda starfsmanns. Geti starfsmaður ekki verið viðstaddur skoðunina sjálfur skal veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemenda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. Óheimilt er að skoða upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok, nema að uppfylltum sömu skilyrðum og greinir í 1.–3. mgr. eða annað leiði af lögum.“

Með hliðsjón af framangreindum ákvæðum, sbr. og fyrirmæli 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um að unnið skuli með persónuupplýsingar í samræmi við vandaða vinnsluhætti, má telja eðlilegt að á vinnustað sé ekki skoðað hvaða skrár starfsmenn vista á starfsmannadrifum nema þeim sé greint frá því fyrirfram og veittur kostur á að vera viðstaddir skoðun nema þess gefist enginn kostur. Í því felst nánar tiltekið að ef mjög brýnir hagsmunir eru af því að skoða hvaða skrár starfsmenn vista, s.s. vegna hættu á alvarlegum öryggisveilum í tölvukerfi, og þeim hagsmunum er stefnt í hættu ef þess er beðið þangað til starfsmaður getur verið viðstaddur, má telja að vinnuveitanda sé heimilt að framkvæma nauðsynlega skoðun. Ef brýnir hagsmunir skadast ekki þó svo að beðið sé eftir að starfsmaður geti verið viðstaddur má aftur á móti telja eðlilegt að bíða þess að hann komi á vettvang. Ávallt má telja rétt að haft sé samband við viðkomandi starfsmann og honum greint frá fyrirhugaðri skoðun eða slíkt reynt eins og kostur er.

Ef skoðun lýtur að innihaldi skráa, sem ekki eru vinnutengdar, verður að gera strangari kröfur en ella til þess að starfsmanni sé gerð grein fyrir skoðuninni og veittur kostur á að vera viðstaddur. Verð-

ur að gera ráð fyrir að oft eigi þá við sambærileg sjónarmið og 1. mgr. 9. gr. áðurnefndra reglna nr. 837/2006 byggist á, þ.e. sú regla að óheimilt sé að skoða einkatölvupóst nema brýna nauðsyn beri til, s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs, tæknilegs atviks.

Í ljósi áðurnefndra ákvæða 7. gr. laga nr. 77/2000, m.a. um sanngirni og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga, getur það orkað tvímælis að á vinnustað sé nýttur búnaður sem gerir það kleift að skoða allt sem starfsmaður gerir án vitneskju hans, sem og að tæknimenn fái lesaðgang að öllum skjölum starfsmanna óháð því hvort þau séu starfstengd eður ei. Þegar vinnsla samrýmist ekki grunnkröfum 7. gr. getur samþykki, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, ekki orðið grundvöllur fyrir lögmati hennar.“

### **3.2.23. Eyðublöð fjármálastofnana fyrir stofnun bankareikninga – mál 2009/503**

Persónuvernd fjallaði um mál vegna kvartana yfir eyðublaði sem fylla þarf út við stofnun reikninga hjá S24 á Netinu. Persónuvernd beindi ábendingu til Fjármálaeftirlitsins um að breyta tilmælum nr. 2/2008 og gera skýrara að þar sé um leiðbeiningar að ræða en ekki skuldbindandi reglur. Persónuvernd beindi einnig tilmælum til S24 um að breyta eyðublaðinu svo að það samrýmdist betur ákvæðum laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í bréfi Persónuverndar til FME, dags 13. ágúst, segir m.a.:

„Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta vegna kvörtunar R, dags. 2. júní 2009, yfir vinnslu persónuupplýsinga í kjölfar stofnunar reiknings hjá S24 og vegna leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins um upplýsingaöflun við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

Að fenginni framangreindri kvörtun óskaði Persónuvernd eftir skýringum viðkomandi ábyrgðaraðila. Í svörum þeirra var m.a. vísað til tilmæla FME nr. 2/2008. Var málið þá borið undir eftirlitið. Persónuvernd óskaði skýringa á misræmi, annars vegar á gr. 2.3.2. í tilmælunum og hins vegar á 5. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá var sérstaklega spurt um d.–f. liði greinar 2.3.2.1.

Persónuvernd barst svar með bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 20. júlí sl. Þar er gefin sú skýring að FME sé heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í bréfinu segir m.a.: „Leiðbeinandi tilmæli hafa ekki lagastof í hefðbundnum skilningi og eru því ekki skuldbindandi á sama hátt og ákvæði reglugerða og reglna sem settar eru með sérstakri heimild í lögum.“ Tekur FME fram að tilmælin hafi að geyma leiðbeiningar um það hvernig aðilar, sem falla undir a.–e. liði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006, skuli framfylgja ákvæðum laganna.

Þrátt fyrir framangreint má ráða að meðal eftirlitsskyldra aðila sé sá skilningur að tilmælin hafi að geyma bindandi stjórnvaldsfyrirmæli. Orðalag tilmæla nr. 2/2008 er og þannig. Til dæmis er fyrirsögn 2.3.2. í tilmælum FME eftirfarandi: „Upplýsingar sem afla skal“. Auk þess segir undir lið 2.3.2.1.: „Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að eftirfarandi upplýsinga sé einnig aflað frá einstaklingum: [upptalning persónuupplýsinga í 11 liðum].“

Af tilefni framangreinds vill Persónuvernd beina því til FME að taka til skoðunar að breyta orðalagi tilmælanna þannig að skýrara verði að um leiðbeiningar er að ræða en ekki skuldbindandi reglur í skilningi 3. tl. 8. gr. laga nr. 77/2000.“

Í bréfi Persónuverndar til S24, dags. 13. ágúst, segir m.a.:

„Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta vegna kvörtunar R, dags. 2. júní 2009, undan því að hafa verið beðin um of ítarlegar persónuupplýsingar þegar hún þurfti að fylla út eyðublað S24 með vísan til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006.

Í tölvubréfi yðar, dags. 2. júní 2009, kom fram að notkun þessa eyðublaðs byggði á verklagsreglu sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) hefðu gefið út fyrir aðildarfélög sín. S24 bæri og

skylda til þess að láta viðskiptavini fylla eyðublaðið út í samræmi við lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjármálaeftirlitið fylgdist náið með því að þessu væri framfylgt. Loks tölduð þér mega endurskoða hvaða upplýsingar fólk sé beðið um að veita skv. eyðublaðinu.

Í bæklingi SBV um helstu atriði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, kemur fram að við stofnun nýs reiknings sé aðilum skylt að veita upplýsingar um fullt nafn, fæðingardag, heimilisfang og eftir atvikum dvalarstað og kennitölu. Auk þess sé fjármálfyrirtækjum skylt að spyrja viðskiptavini um hvort fyrirhuguð viðskipti fari fram fyrir hönd annars en hans sjálfs, hver sé tilgangur viðskipta og um hvað þau snúist auk þess hver sé uppruni þeirra fjármuna sem um ræðir. Í tilviki kvartanda var óskað ítarlegra persónuupplýsinga um hjúskaparstöðu, nafn, kennitölu og starf maka, nöfn og kennitölur barna, atvinnu kvartanda og vinnuveitanda hans.

Persónuvernd sendi Samtökum fjármálfyrirtækja (áður SBV) bréf, dags. 15. júní 2009, og spurði hvaða reglur SFF hefði stuðst við þegar verklagsreglurnar voru samdar. Í svarbréfi SFF kemur fram að aðildarfyrirtæki samtakanna hafi komið sér saman um að umræddar verklagsreglur fælu í sér lágmarksviðmið. Þær hafi verið byggðar á þeim reglum sem þá voru til og var vísað til tilmæla FME nr. 2/2008.

Með bréfi, dags. 2. júlí 2009, var kvörtun R borin undir Fjármálaeftirlitið (FME) og óskað svara um hvers vegna FME teldi þörf á svo ítarlegri upplýsingasöfnun. Bent var á grein 2.3.2. í tilmælum þess og að samkvæmt lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, eða ákvæðum tilskipunar nr. 2005/60/EB, sé ekki mælt fyrir um öflun svo ítarlegra persónuupplýsinga. FME svaraði og benti á að aðeins sé um leiðbeinandi reglur að ræða. Að fengnum svörum FME ákvað stjórn Persónuverndar, á fundi sínum þann 13. ágúst 2009, að beina þeim tilmælum til eftirlitsins að taka til skoðunar að breyta orðalagi tilmællanna þannig að skýrara verði að um leiðbeiningar sé að ræða en ekki skuldbindandi reglur í skilningi 3. tl. 8. gr. laga nr. 77/2000. Hjálagt fylgir afrit af bréfi Persónuverndar til FME, dags. 13. ágúst sl.

Á sama fundi var þáttur S24 einnig ræddur. Sem ábyrgðaraðila vinnslu persónuupplýsinga um viðskiptamenn sína ber S24 að leggja sjálfstætt mat á það hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar til að uppfylla skilyrði laga og reglna sem gilda á þessu sviði. Með vísan til efnis tilmæla FME þótti hins vegar hafa verið afsakanlega villu að ræða hjá S24 við notkun umrædds eyðublaðs og því þóttu ekki efnis til frekari aðgerða af tilefni umræddrar kvörtunar að öðru leyti en því að beina því til yðar að gera breytingar á umræddu eyðublaði, í samræmi við ákvæði laga nr. 64/2006.“

### **3.2.24. Nafnlausar ábendingar til stjórnvalda – mál 2009/642**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn varðandi heimildir stjórnvalda til að veita kost á nafnlausum ábendingum um ætluð lögbrot. Í svari hennar, dags. 18. ágúst, segir:

„Persónuvernd vísar til tölvubréfs yðar frá 7. ágúst 2009. Þar er vikið að svari Persónuverndar, dags. 15. júlí s.á., við fyrirspurn Fiskistofu sem fram kom í tölvubréfi hinn 11. maí s.á. Fyrirspurnin laut að því hvort Fiskistofa mætti veita kost á að senda nafnlausar ábendingar um ætluð lögbrot inn á vef stofnunarinnar. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að það væri vafa undirorpið að hægt væri að taka upp almenna framkvæmd um nafnleysi tilkynnenda á ákveðnum sviðum stjórnsýslunnar nema það styddist við sérstaka lagaheimild.

Í tölvubréfi yðar er spurt hvort hið sama eigi við um allar nafnlausar ábendingar, t.d. ábendingar á heimasíðu Vinnuálastofnunar. Segir á heimasíðunni að sá sem sendir inn ábendingu geti verið viss um að ekki sé hægt að rekja frá hverjum hún kemur.

#### *I.*

Í framangreindu svari Persónuverndar til Fiskistofu segir nánar að það að skrá upplýsingar um einstakling á rafrænt eyðublað stjórnvalds teljist vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Öll vinnsla almennra persónuupplýsinga

þurfi að fullnægja einhverju skilyrðanna í 8. gr. laganna. Í svarinu er vísað til 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. þar sem segir að vinnsla sé heimil ef hún sé nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Segir í svarinu að af því séu lögmætir hagsmunir að fyrirbyggja og upplýsa afbrot, en þá hagsmuni verði að meta andspænis einkalífshagsmunum hins skráða.

Að auki má geta þess að upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður um refsiverðan verknad eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Upplýsingar um meint brot gegn lögum og reglum geta falið í sér slíkar upplýsingar. Nægir þá ekki að fullnægt sé einhverju skilyrðanna í 8. gr. svo að vinnsla sé heimil heldur verður einnig að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrða 9. gr. laganna fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Þegar um ræðir vinnslu upplýsinga á vegum stjórnvalda um ætluð lögbrot getur einkum átt við 7. tölul. 1. mgr. 9. gr., en þar segir að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja.

Í framhaldi af umfjöllun um skilyrði fyrir vinnslu persónuupplýsinga segir m.a. í framangreindu svari Persónuverndar:

„Auk þess sem heimild þarf að vera til vinnslu þarf hún að fullnægja skilyrðum 7. gr. laganna. Tryggja verður að vinnsla sé sanngjörn og málefnaleg. Til þess verður að virða þau réttindi sem hinum skráðu eru veitt samkvæmt almennum persónuverndarreglum. Þær lúta m.a. að upplýsingarétti hins skráða. Þegar stjórnvöld eiga hlut að máli gilda sérákvæði stjórnvöld og eftir atvikum upplýsingalaga sem ganga frammar hinum almennu ákvæðum persónuverndarlaga. Persónuvernd hefur ekki eftirlit með framkvæmd þessara sérlaga. Hún bendir þó á að virða ber andmælarétt málsaðila skv. 13. og 18. gr. sömu laga og ákvæði 15. gr. stjórnvöldslulaga nr. 37/1993 um upplýsingarétt aðila máls, sem sett er í þágu sanngjarnar og gagnsærrar stjórnvöldslu.

Framangreind ákvæði 15. gr. stjórnvöldslulaga hafa verið túlkuð á þann veg að þau setji því takmörk að því sé haldið leyndu gagnvart aðila máls hver hafi komið ábendingu varðandi hann á framfæri við stjórnvöld. Hér má einnig nefna túlkun umboðsmanns Alþingis, sbr. m.a. álit hans frá 5. mars 2009 í máli nr. 4934/2007. Þar er fjallað um lögmæti vinnureglu stjórnvalds um nafnleynd gagnvart þeim sem komið hefði ábendingu á framfæri í tilteknum málaflokki. Taldi umboðsmaður nafnleynd geta komið til greina með stoð í 17. gr. stjórnvöldslulaga þar sem mælt er fyrir um að stjórnvald geti gert undanþágu frá framangreindum ákvæðum 15. gr. laganna um upplýsingarétt aðila máls þegar sérstaklega stendur á, enda þyki hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr gögnum eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Hins vegar taldi umboðsmaður þetta ákvæði ekki fela í sér heimild stjórnvalds til að ákveða að gæta nafnleyndar um tilkynnanda í öllum málum heldur yrði, nema e.t.v. í algerum undantekningartilvikum, að meta hvert tilvik í ljósi þeirra hagsmuna sem þar vægjust á.“

Einnig segir í svari Persónuverndar að ekki sé hægt að útiloka að nafnlausar ábendingar til stjórnvalda geti við ákveðnar aðstæður átt rétt á sér, s.s. þegar sendandi er ekki í aðstöðu til að koma fram undir nafni. Þó sé, í ljósi almennra sjónarmiða um einkalífssrétt, gagnsæi, sanngirni og vandaða stjórnvöldslu, eðlilegt að slíkt heyri til algerra undantekninga. Vafa sé undirorpið að hægt sé að taka upp almenna framkvæmd á ákveðnum sviðum stjórnvöldslunnar um nafnleysi tilkynnenda nema að það stýðjist við sérstaka lagaheimild. Sem dæmi um slíka lagaheimild er í svari Persónuverndar bent á 19. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar segir að hver skuli segja á sér deili sem sendir tilkynningu til barnaverndarnefndar en ósk um nafnleynd virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Um frekari rök og sjónarmið er í svari Persónuverndar vísað til álits útgefins af ráðgjafarhópi Evrópusambandsins um túlkun reglna um Persónuvernd, sbr. 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB. Álitid er nr. 1/2006 og fjallar um mikilvægi þess að virða persónuverndarreglur í tengslum við nafnleynd tilkynnenda (e. „whistle blowers“) um ætluð lögbrot innan fyrirtækja. Kemur m.a. fram það sjónarmið að þó svo að tilkynnandi fái að njóta nafnleyndar gagnvart hinum kærða eigi

hann almennt ekki að njóta nafnleyndar gagnvart þeim sem tekur kærana til meðferðar. Um nánari umfjöllun um álitid víasat til ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2006, bls. 73–75.

Í ljósi framangreinds, og þeirrar hættu sem því getur fylgt fyrir grundvallarréttindi skráðra einstaklinga ef komid verður upp kerfi sem auðvelt er að misnota, leiðbeindi Persónuvernd Fiskistofu um að rækja hlutverk sitt með öðrum aðferðum en þeim að setja á heimasíðu sína skilaboð sem hvetja menn til að eiga við hana nafnlaus samskipti.

## 2.

Framangreint svar Persónuverndar laut að því hvort Fiskistofa mætti veita kost á því á heimasíðu sinni að sendar yrðu inn nafnlausar ábendingar um ætluð lögbrot. Svairð laut ekki með beinum hætti að nafnlausum ábendingum á heimasíðum annarra stofnana. Hins vegar má telja ljóst að þar eigi einnig við sambærileg sjónarmið nema sérstök rök standi til annars, einkum að lög heimili sérstaklega nafnlausar ábendingar.“

### **3.2.25. Viðkvæmar persónuupplýsingar á heimasíðum. Bréf til dómsmálaráðherra – mál 2009/596**

Persónuvernd kom á framfæri við dómsmálaráðherra ábendingu um skipun nefndar til þess að rannsaka hvort fýsilegt sé að setja í lög úrræði fyrir dómstóla þar sem reynir á lögmæti birtingar persónuupplýsinga á Netinu. Í bréfi Persónuverndar til ráðherra, dags. 17. september, segir m.a.:

„Meðal þess sem reynt hefur á í framkvæmd Persónuverndar er lögmæti birtingar persónuupplýsinga á Netinu. Eins og fjallað er um hér að neðan getur meðferð mála þar að lútandi verið vandkvæðum háð. Með vísan til 3., 4. og 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hefur stjórn Persónuverndar ákveðið að vekja athygli hæstvirts dómsmálaráðherra á tilteknum atriðum í því sambandi og leggja til úrræði sem beita má þegar efni er birt með ólögmætum hætti.

Við birtingu persónuupplýsinga á Netinu getur reynt á 5. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar segir:

„Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.“

Valdheimildir Persónuverndar, sbr. 40. gr. laga nr. 77/2000, ná ekki til vinnslu sem eingöngu fer fram í þágu fréttamennsku og bókmennta eða lista. Þótt um annars konar vinnslu sé að ræða kunna atvik að vera þannig að þessum heimildum verður ekki beitt. Mál kunna að vera þannig að nauðsyn sé á rannsókn sem aðeins lögregla getur haft með höndum. Sem dæmi má taka að ekki liggi fyrir hver færði upplýsingar á Netid sem ólögmætt er að birta og sérstakra rannsóknarúrræða lögreglu er þörf til að upplýsa um það. Þá getur það valdið erfiðleikum við að framfylgja lögum ef vefsíða er vistuð á netþjóni erlendis þannig að hýsingaraðili sé ekki bundinn af íslenskum lögum. Jafnvel þótt fyrir liggi hverjir hér á landi hafa fært inn efni og, eftir atvikum, gerst brotlegir við lög getur því reynt örðugt í framkvæmd að koma því til leiðar að ólögmætt efni verði fjarlægt af Netinu.

Sem dæmi um hvernig reynt getur á þetta má nefna heimasíðuna ringulreid.org. Umræða skapadist um að á spjallþráðum, sem þar var að finna, væru birtar upplýsingar um einstaklinga sem mjög óviðeigandi væri að birta. Þá væru birtar þar myndir af unglíngum undir 18 ára aldri sem gætu falið í sér brot gegn ákvæðum 210. gr. hegningarlaga um refsíngu vegna barnakláms. Svo fór að fjarskiptafyrirtækin Síminn hf. og Vodafone hf. lokuðu fyrir aðgang að síðunni vegna efnis hennar eftir að



ýmis samtök, þ. á m. Barnaheill og Heimili og skóli, auk Barnaverndarstofu og lögregluembætta, höfðu farið fram á það.

Í tilvikum sem þessum getur verið rík þörf á að tiltekið efni sé tekið úr umferð þar sem með birtingu þess sé t.d. brotið gegn lögum nr. 77/2000, framangreindu ákvæði 210. gr. hegningarlaga eða 229. laganna þar sem mælt er fyrir um refsingu við því að skýra opinberlega frá einkamálefnum annars manns án þess að fyrir því séu nægar ástæður.

Einnig getur hins vegar reynt á álítaefni varðandi það hvort vega skuli þyngra rétturinn til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, eða rétturinn til tjáningarfrelsis, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Það samrýmist betur við réttaröryggi að mælt sé fyrir um slíkt réttarúrræði í lögum og dómstólum falið að skera úr um hvenær skilyrði laga eru uppfyllt til að nota þau, heldur en að fjarskiptafyrirtæki eða aðrir taki ákvarðanir um mál er varða slík grundvallarréttindi.

Lagaákvæði um dómsmeðferð mætti útfæra með þeim hætti að í lög væri sett heimild fyrir dómstóla til þess að úrskurða að kröfu lögreglu eða þess sem misgert er við að fjarskiptafyrirtæki hér á landi skuli loka fyrir aðgang viðskiptavina að tiltekinni síðu þar sem ólögmaett efni kemur fram. Í lögum um slíka heimild dómstóla mætti mæla fyrir um almenn skilyrði sem fullnægja bæri til að úrræðið væri tækt. Þannig væri þess gætt að úrræðið stæði aðeins opið þegar sjónarmið um einkalífsvernd vega án nokkurs vafa miklum mun þyngra en sjónarmið um tjáningarfrelsi. Slíkt ákvæði myndi því fullnægja kröfum 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar um takmarkanir við tjáningarfrelsi þar sem fram kemur að þær skulu settar í þágu allsherjarreglu og til verndar réttinda og mannorðs annarra.

Með vísan til þessa leyfir Persónuvernd sér hér með að leggja til við hæstvartan ráðherra að skipuð verði nefnd til þess að rannsaka hvort fýsilegt sé að setja í lög slíkt úrræði fyrir dómstóla sem lýst er hér að framan. Nákvæmlega hversu þröngt eða vítt slíkt úrræði á að vera er endanlega komið undir pólitísku mati löggjafans innan ramma ákvæða 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.“

### **3.2.26. IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónusta. Um rel8-kerfið – mál 2009/318, 2009/707, 2009/800, 2009/924 og 2009/1079**

Persónuvernd svaraði erindi um leyfisskyldu vegna vinnslu upplýsinga um vensl einstaklinga og fyrirtækja. Erindið laut að samkeyrslu upplýsinga um kennitölur einstaklinga við fyrirtækjaskrá til að finna og sýna venslin. Tilgangurinn var sá að útbúa „verkfæri til áhættugreininga og rannsókna fyrir eftirlitsstofnanir, lögreglu, skattýfirvöld, fjármagnsstofnanir og aðra sem þurfa upplýsingar af þessu tagi [...]“.

Í svari Persónuverndar, dags. 18. september 2009, segir m.a.:

„1.

Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta af tilefni umsóknar IT Ráðgjafar og hugbúnaðarþjónustunnar ehf., dags. 3. september 2009, um heimild til vinnslu upplýsinga um vensl einstaklinga og fyrirtækja. Samkvæmt umsókn er um að ræða kerfi sem gengur undir nafninu rel8. Því mun ætlað að vera verkfæri til áhættugreininga og rannsókna fyrir eftirlitsstofnanir, lögreglu, skattýfirvöld, fjármagnsstofnanir og aðra sem þurfa upplýsingar af þessu tagi. Í umsókn sagði að fyrirhugað væri að afla daglega upplýsinga frá Ríkisskattstjóra eftir rafrænum leiðum. Í tölvubréfi, sem barst frá IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónustunni hinn 9. september 2009, kom fram að fyrirhugað væri að veita almenningsi aðgang að kerfinu.

Persónuvernd óskaði nánari skýringa með bréfi, dags. 10. september 2009, þ. á m. hvort umrædd vinnsla færi fram á vegum IT Ráðgjafar og hugbúnaðarþjónustunnar eða hvort hún færi í raun fram á vegum Ríkisskattstjóra, lögreglu eða annars aðila sem notar kerfið. IT ráðgjöf og hugbúnaðarþjónustan svaraði með tölvubréfi hinn 16. september 2009 þar sem segir m.a. að verkefnið sé á vegum hennar.

Með bréfi, dags. 15. september 2009, óskaði Persónuvernd enn skýringa, þ. á m. um hvaða teg-

undir eða flokka upplýsinga væri fyrirhugað að vinna og hvernig birtingarform upplýsinganna yrði fyrir notendur.

IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónustan svaraði með tölvubréfi hinn 17. september 2009. Þar segir að gögn muni ekki innhalda upplýsingar um annað en það sem skylt er að skrá í fyrirtækjaskrá, þ.e. upplýsingar um stjórnarsetu og trúnaðarstörf, ekki eignarhluta. Engar fjárhagsupplýsingar verði skráðar. Í viðhengi með tölvubréfinu er mynd sem sýnir hvernig upplýsingar um einstaklinga geta tengst upplýsingum um tiltekið fyrirtæki.

## 2.

Af svari IT Ráðgjafar og hugbúnaðarþjónustunnar frá 17. september 2009 verður ráðið að hún hyggst vinna með upplýsingar um vensl einstaklinga og hlutafélaga. Nánar tiltekið er um að ræða upplýsingar um trúnaðarstörf manna fyrir félög, stjórnunartengsl o.þ.h.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf vinnslan að falla undir eitthvert af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi þess hvernig tilgangi vinnslunnar er lýst í umsókn verður einkum talið að hún geti átt stöð í 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. þess efnis að vinna megi með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna, sem og 7. tölul. sömu málsgreinar þess efnis að vinna megi með slíkar upplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Í ákvæðnum tilvikum þarf leyfi Persónuverndar til að vinna með persónuupplýsingar, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 4. gr. reglna nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Gildir það m.a. um vinnslu persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga án samþykkis þeirra í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 4. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. framangreindra reglna, sbr. einnig 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000. Með upplýsingum um fjárhagsmálefni manna er almennt átt við upplýsingar um eignir þeirra og skuldir.

Þær upplýsingar, sem IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónustan fyrirhugar að vinna með, lúta að stjórnarsetu og trúnaðarstörfum manna fyrir félög. Þessar upplýsingar falla ekki undir skilgreiningu 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 á viðkvæmum persónuupplýsingum. Auk þess eiga önnur ákvæði um leyfisskyldu en þau sem tilgreind eru hér að framan ekki við um vinnsluna. Í ljósi fyrrgreinda heimildarákvæða 8. gr., að teknu tilliti til markmiðsákvæðis 1. gr. laga nr. 77/2000, sem og að virtri 26. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 um heimildir til endurnota opinberra upplýsinga, telur Persónuvernd ekki tilefni til að gera athugasemdir við umrædda vinnslu eins og henni er lýst í umsókn og bréfaskiptum vegna máls þessa.

Tekið skal fram að samkvæmt 8. gr. laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá er það Ríkisskattstjóri sem er bær til að taka ákvörðun um aðgang að upplýsingum í skránni. Persónuvernd tekur því ekki afstöðu til þess hvort IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónustan eigi rétt til aðgangs að skránni í þágu umræddrar vinnslu. Einnig er tekið fram að hér er ekki tekin afstaða til lögmætis þess ef upplýsingar, sem tengdar hafa verið saman fyrir tilstilli umrædds upplýsingakerfis, verða síðar samkeyrðar við aðrar upplýsingar. Lögmæti slíkra samkeyrslna verður að meta hverju sinni í ljósi vinnsluheimilda 8. gr. laga nr. 77/2000 og, eftir atvikum, 9. gr. ef um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar.

IT Ráðgjöf og hugbúnaðarþjónustan hefur spurt um rétt til að veita almenningsi aðgang að upplýsingum sem til verða við samkeyrslur umræddra upplýsinga. Persónuvernd telur 8. gr. laga nr. 17/2003 einnig eiga við þar, enda eru upplýsingarnar fengnar úr fyrirtækjaskrá. Það heyrir því undir Ríkisskattstjóra að taka ákvörðun þar að lútandi, t.d. með setningu skilmála þegar gögn úr fyrirtækjaskrá eru afhent.

## 3.

Með vísan til alls ofangreinds verður ekki séð að umrædd vinnsla persónuupplýsinga, eins og henni er lýst í umsókn IT Ráðgjafar og hugbúnaðarþjónustunnar og bréfaskiptum, falli undir reglur um

leyfisskyldu. Með vísan til m.a. 5. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við vinnsluna eins og henni hefur verið lýst.“

### **3.2.27. Eftirlitsmyndavélar í leigubifreiðum – mál 2009/815**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn um eftirlitsbúnað í leigubifreiðum. Í svarinu var litið til þess hvernig farþegum yrði veitt fræðsla um eftirlitið og varðveislutíma hagað. Í svari Persónuverndar, dags. 2. október, segir m.a.:

„1.

*Aðvörunar- og fræðsluskylda*

*Tilgangur og meðalhóf*

Í 24. gr. laga nr. 77/2000 er sérregla um viðvaranir um rafræna vöktun. Ákvæðið tekur til rafrænnar vöktunar á vinnustöðum og almannaferi. Þegar vöktun fer hins vegar fram á svæðum sem nátengdari eru einkalífi manna eru alla jafna fyrir hendi nánari tengsl við hinn skráða sem gera frekari fræðslu mögulega. Leigubifreiðar hafa almennt ekki verið taldar til þannig svæða. Þar nægir því alla jafna að veita almenna aðvörun samkvæmt 24. gr. Í þessu sambandi má geta álits, dags. 16. apríl 2009, mál 2009-112-0174, frá systurstofnun Persónuverndar í Danmörku, Datatilsynet (om videoovervågning i taxaer). Í því er höfuðáhersla lögð á aðvörun og fræðslu til hins skráða, þ.e. rétt farþega til fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga um sig. Segir að sá réttur gildi fullum fetum þegar kemur að rafrænni vinnslu persónuupplýsinga, t.d. við rafræna vöktun og töku stafrænna ljósmynda. Datatilsynet bendir sérstaklega á að reglur um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila gildi samhliða skyldu ábyrgðaraðila til að gera hinum skráða viðvart um vöktun, t.d. með skiltum eða auglýsingum.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 77/2000 er skylt að gera aðvart um rafræna vöktun þannig að sérhverjum manni sem fer um vaktað svæði eigi að geta verið kunnugt um hana. Hafa hin almennu ákvæði laganna um fræðslu, s.s. í 20. og 21. gr., verið talin falla illa að þessari tegund vinnslu persónuupplýsinga. Þegar rafræn vöktun fer fram verða oft engin bein tengsl milli ábyrgðaraðila og hins skráða og í raun verður ábyrgðaraðila jafnvel aldrei kunnugt um nafn eða heimili hins skráða. Geti ákvæði 20. og 21. gr. um einstaklingsbundna fræðslu því átt illa við. Að því marki, og í þeim tilvikum sem fræðslu samkvæmt þeim ákvæðum verður hins vegar við komið, gilda þau þó fullum fetum.

Í 4. gr. laga nr. 77/2000 er til áréttingar einnig tekið fram að vöktun á svæði þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði sé háð því að til hennar standi sérstök þörf. Hér er t.d. átt við vinnustaði þar sem sérstakrar aðgæslu er þörf. Telja má leigubifreiðar falla hér undir nema eitthvað alveg sérstakt komi til. Þá þarf öll vöktun, þ. á m. sú sem fer fram í leigubifreiðum, að uppfylla skilyrði 7. gr., þ. á m. um sanngirni, meðalhóf og málefnalegan tilgang.

Í 24. gr. laga nr. 77/2000 er ekki sérstaklega mælt fyrir um útlit eða gerð viðvarana að öðru leyti en því að þær skulu vera „áberandi“ og að fram skuli koma hver sé ábyrgðaraðili vöktunarinnar. Er eðlilegt að aðvaranir um rafræna vöktun séu settar upp í þægilegri fjarlægð fyrir farþega. Þær mega innihalda táknmyndir.

Í 2. tl. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um miðlun persónuupplýsinga sem safnast við rafræna vöktun. Þar segir að ekki megi afhenda öðrum slíkar upplýsingar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Heimilt er þó að afhenda lögreglu efní með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu.

2.

*Samantekt*

- a. Lögmæti eftirlitsbúnaðar í leigubifreiðum er háð því að notkun hans eigi sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg, s.s. vegna öryggis farþega og bílstjóra.
- b. Ekki má varðveita persónuupplýsingar lengur en nauðsyn krefur til að ná þeim tilgangi.
- c. Að því varðar hugsanlega miðlun upplýsinga gildir 2. tl. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

- d. Veita þarf farþegum fullnægjandi fræðslu um myndatöku og aðra vöktun í bifreiðunum. Þegar aðeins er veitt fræðsla með merkingum skulu þær vera skýrar og staðsettar þannig að farþegar sjái þær auðveldlega. Nota má tákmyndir.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við uppsetningu umrædds búnaðar í leigubifreiðum.“

### **3.2.28. Miðlun upplýsinga úr nemendaskrá Háskóla Íslands til Vinnuálastofnunar – mál 2009/215**

Persónuvernd svaraði erindi um miðlun Háskóla Íslands á upplýsingum um skráða nemendur til Vinnuálastofnunar. Hún taldi aðeftir breytingu sem gerð var á lögum um atvinnuleysistryggingar væri Háskóla Íslands heimilt að veita Vinnuálastofnun skrá yfir þá sem sækja lánshæft nám við skólann. Aðeins megi nota upplýsingarnar einu sinni í umræddum tilgangi og skuli þeim eytt aðnotkun lokinni. Í svari Persónuverndar, dags. 5. október, segir, m.a.:

„Persónuvernd vísar til bréfs Nemendaskrár Háskóla Íslands, dags. 22. júlí 2009, varðandi það hvort verða megi við beiðni Vinnuálastofnunar um upplýsingar um nemendur skólans. Óskað hafði verið álits stofnunarinnar á þessu með bréfi, dags. 16. febrúar 2009. Persónuvernd svaraði með bréfi, dags. 26. mars s.á., og benti á að upptalning 9. gr. laga nr. 54/2006 á aðilum, sem afhenda eiga Vinnuálastofnun upplýsingar, tilgreindi ekki menntastofnanir. Taldi Persónuvernd því að á Vinnuálastofnun hvíldi ekki skylda til afhendingar upplýsinganna. Gæti afhendingin ekki talist heimil í ljósi 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í framangreindu bréfi Vinnuálastofnunar, dags. 22. júlí 2009, er vísað til breytinga sem síðan hafa verið gerðar á 9. gr. laga nr. 54/2006, sbr. lög nr. 37/2009, og spurt hvaða áhrif þær hafi á heimildir til umræddrar vinnslu persónuupplýsinga. Fram kemur að ef heimilt verði talið að afhenda umræddar upplýsingar verði þær afhentar á diskum með þeim skilyrðum að þær verði aðeins notaðar í umræddum tilgangi, í þetta eina sinn og eytt að notkun lokinni.

Í 4. mgr. 9. gr. segir nú að m.a. skólar á háskólastigi skuli láta Vinnuálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna. Í athugasemdum í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 37/2009, segir um forsendur lagabreytingarinnar:

„Í ljósi þess að einstaklingar sem stunda nám, sbr. c-lið 3. gr. laganna, teljast ekki tryggðir samkvæmt lögnum á sama tímabili og þeir stunda nám sitt enda sé námið ekki hluti vinnu- markaðsaðgerða samkvæmt ákvörðun Vinnuálastofnunar, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna, er lagt til að skólum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi og skólum á háskólastigi verði gert skylt að láta Vinnuálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við eftirlit með framkvæmd laganna með sama hætti og öðrum þeim aðilum sem þegar eru taldir upp í lögnum. Er þetta einkum lagt til í því skyni að undirstrika tilgang Atvinnuleysistryggingasjóðs sem og mikilvægi þess að jafnræði ríki meðal nemenda í skólum landsins að þessu leyti.

Megintilgangur Atvinnuleysistryggingasjóðs er einkum að tryggja einstaklingum, sem hafa tímabundið misst starf sitt, framfærslu þann tíma sem það tekur að finna nýtt starf enda áhersla lögð á að hinn tryggði sé í virkri atvinnuleit meðan hann nýtur greiðslna úr sjóðnum. Það hefur hins vegar ekki verið talið hlutverk sjóðsins að tryggja framfærslu þeirra sem stunda hefðbundið nám á framhaldsskólastigi eða í háskóla enda öðrum kerfum ætlað það hlutverk, svo sem Lánasjóði íslenskra námsmanna, með hliðsjón af því að þeir sem leggja stund á nám teljast ekki vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.“

Í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu. Þá segir í 6. tölul. sömu málsgreinar að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds, sem sá sem upplýsingum er miðlað til,

fer með. Í ljósi þessara ákvæða, 4. mgr. 9. gr. laga nr. 54/2006 og framangreindra skýringa við það ákvæði telur Persónuvernd að Háskóla Íslands sé heimilt að afhenda Vinnuálastofnun skrá með upplýsingum um þá sem sækja lánshæft nám við skólann.

Við þá afhendingu og eftirfarandi vinnslu Vinnuálastofnunar verður að fara að grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a. að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (1. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Með vísan til þessa ber ekki að afhenda aðrar upplýsingar um nemendur skólans en þær sem Vinnuálastofnun eru nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu. Ætla má að kennitölur nemenda, sem stunda lánshæft nám, nægi í umræddu skyni. Upplýsingum ber að eyða hjá Vinnuálastofnun þegar samkeyrsla hefur farið fram. Í ljósi 11. gr. laga nr. 77/2000 um öryggi persónuupplýsinga ber að afhenda Vinnuálastofnun skrá með umræddum upplýsingum með öruggum hætti, s.s. á innsluðum geisladiski.“

### **3.2.29. Réttur viðskiptamanna fjármálafyrirtækja til vitneskju – mál 2009/872**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn viðskiptaráðherra um hvort lagabreytinga væri þörf ef tryggja ætti rétt viðskiptamanna fjármálafyrirtækja til vitneskju um hvaða starfsmenn fyrirtækjanna hafi haft aðgang að upplýsingum um fjármál þeirra. Tílefni fyrirspurnarinnar var frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki. Í svari Persónuverndar við fyrirspurn viðskiptaráðherra, dags. 13. október, segir m.a.:

„Persónuvernd barst erindi yðar, herra ráðherra, með bréfi, dags. 1. október sl., þar sem þér spyrjið hvort Persónuvernd telji lagabreytinga þörf ef tryggja eigi rétt viðskiptamanna fjármálafyrirtækja til upplýsinga um hvaða starfsmenn fyrirtækjanna hafi haft aðgang að upplýsingum um fjármál þeirra. Í bréfi yðar kemur fram að tílefni fyrirspurnarinnar sé það að í ráðuneyti yðar sé nú unnið að frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki.

Um upplýsingarétt hins skráða er almennt kveðið í 18. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar segir:

„Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. *hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;*
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.“

Í framkvæmd hefur Persónuvernd lagt þann skilning í 3. tl. ákvæðisins að með því sé átt við það þegar persónuupplýsingar flytjast frá einum ábyrgðaraðila til annars, en ekki það þegar þær færast milli starfsmanna eins og sama ábyrgðaraðila. Í samræmi við þessa túlkun hefur stjórn Persónuverndar, á fundi sínum fyrr í dag, ákveðið að setja ekki – gegn andmælum Landsbankans – skilmála í starfsleyfi fjármálafyrirtækja vegna Lokanaskrár um svo ríkan upplýsingarétt hins skráða. Var það mat stjórnar að slíkur réttur væri umfram þau réttindi sem ákvæði 18. gr. laga nr. 77/2000 veitir hinum skráða. Sem annað dæmi um framkvæmd Persónuverndar má geta máls nr. 2004/144. Þar var fjallað um kvörtun viðskiptamanns Íslandsbanka yfir því að bankinn hafnaði kröfu hans um að fá lista yfir

nöfn þeirra starfsmanna bankans sem skoðað hafi fjárhagsupplýsingar um hann, hvenær og í hvaða útibúi bankans. Það var niðurstaða Persónuverndar í málinu að bankanum væri ekki skylt að verða við kröfu kvartandans enda bæri ekki að túlka ákvæði 3. tl. 18. gr. svo að átt sé við það þegar upplýsingar berast milli einstakra starfsmanna sama ábyrgðaraðila.

Af ofangreindu leiðir, að ef ótvírætt á að lögfesta rétt viðskiptamanns fjármálafyrirtækja til að fá að vita hvaða starfsmenn fyrirtækjanna hafi skoðað fjárhagsupplýsingar um sig, þarf að gera það sérstaklega, enda leiði slíkt ekki af gildandi lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Í slíku lagaákvæði þyrfti jafnframt að taka afstöðu til þess hvort takmarka ætti upplýsingarétt hins skráða í sérstökum tilvikum og þá hvaða.“

### **3.2.30. Birting upplýsinga um skattálagningu – mál 2009/648**

Persónuvernd svaraði almennri fyrirspurn um birtingu upplýsinga um tekjur fólks. Í fyrirspurninni sagði m.a.:

„Nú eru að birtast upplýsingar um tekjur fólks í hinum ýmsu blöðum. Launþegi hefur í flestum tilfellum gert trúnaðarsamning um laun sín við vinnuveitanda. Hvaða heimildir hafa þessi blöð til að birta þetta. Er hægt að tilkynna sig inn til skattstjóra þar sem birting upplýsinga samkv. kennitölu er bönnuð.“

Persónuvernd leit á fyrirspurnina sem almenna fyrirspurn og fór yfir helstu reglur sem líta verður til í umræddu sambandi. Í svári hennar, dags. 19. október, segir m.a.:

„Sú birting upplýsinga, sem hér um ræðir, felur í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. laganna. Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður hún alla jafna að falla undir eitthvert af skilyrðum 8. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er m.a. heimilt að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu (3. tölul.) eða til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra (7. tölul.).

Þegar persónuupplýsingar eru eingöngu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, sbr. 5. gr. laga nr. 77/2000, er vinnslan undanþegin mörgum ákvæðum laganna og þarf hún þá m.a. ekki að styðjast við heimild í 8. gr. Þá verður hins vegar, eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga, að fara að grunnkröfum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna. Samkvæmt 1. tölul. skal þess gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti. Þá segir í 4. tölul. að persónuupplýsingar skuli vera áreiðanlegar.

Í 98. gr. laga um tekjuskatt, eins og henni var breytt með lögum nr. 129/2004, segir:

„Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggja frammi. Hafi skattaðili annað reikningsár en almanaksárið skal skattstjóri í stað auglýsingar skv. 3. málsl. senda honum tilkynningu um álagninguna með ábyrgðarbréfi og birta álagninguna í næstu útgáfu á álagningar- og skattskrá. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda. Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur

frammi. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.“

Af framangreindu er ljóst að skattstjóra ber lögum samkvæmt að birta tilteknar upplýsingar um álagða skatta, sbr. og áður nefnt ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Ekki er mælt fyrir um rétt manna til að krefjast þess að upplýsingar um skatta, sem á þá eru lagðir, skuli undanþegnar þessari birtingu. Í 2. mgr. 98. gr. laga um tekjuskatt kemur fram að fjölmiðlum, sem öðrum, er heimilt að birta upplýsingar um álagða skatta sem fram koma í skattskrá þegar álagningu og kærumeðferð er lokið.

Ekki er mælt fyrir um sams konar heimild fyrir birtingu upplýsinga úr álagningarskrá, sbr. 1. mgr. 98. gr. Við mat á því hvort engu að síður geti verið heimilt að birta slíkar upplýsingar reynir einkum á fyrrgreint ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Séu upplýsingar einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku þarf vinnslan hins vegar ekki að byggjast á heimild í 8. gr. eins og fyrr er lýst. Aftur á móti gæti þá reynt á hvort við birtinguna væri farið að framangreindum grunnkröfum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna um sanngirni og áreiðanleika. Í því sambandi getur skipt máli að ekki er um að ræða endanlegar upplýsingar.“

### **3.2.31. Ákvörðun Persónuverndar um að vísa frá beiðni um tafarlausa stöðvun vinnslu – 2009/968**

Persónuvernd tók ákvörðun varðandi kröfu um að hún myndi tafarlaust stöðva skoðun Fjármálaeftirlitsins (FME) á tölvupóstum einstaklings sem starfaði hjá fyrirtæki sem FME hefði til athugunar. Sú athugun fór fram skv. 122. gr., sbr. 120. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fram kom að tilefni kvörtunarinnar var að viðkomandi hefði ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur umrædda skoðun. Í bréfi Persónuverndar, dags. 2. nóvember, segir m.a.:

„Samkvæmt 40. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga getur Persónuvernd mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnun. Í athugasemdum með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000 er tekið fram að ljóst sé að einstaklingi sem telur á sér brotið nægi ekki að skorið sé úr um lögmati vinnslu ef ábyrgðaraðili heldur áfram að vinna með upplýsingar þrátt fyrir að Persónuvernd telji háttsemi hans brjóta í bága við lög. Því þurfi að veita Persónuvernd heimild til að stöðva vinnsluna. Heimildin er hins vegar háð því að fyrir liggji niðurstaða um að vinnsla persónuupplýsinga sé ekki í samræmi við lög. Því er ekki um bráðabirgðaúræði að ræða. *Einstaklingur sem vill láta stöðva upplýsingavinnslu sem Persónuvernd hefur ekki fjallað um efnislega verður að fara fram á lögban með vísan til ákvæða laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögban o.fl.*

Að öðru leyti þykir mega taka eftirfarandi fram. Erindi yðar lýtur að því að yður hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur umrædda skoðun. Reglur þar að lútandi tengjast lögum um fræðslu til hins skráða um vinnslu og aðvaranir, sbr. 18. til 21. gr. laga nr. 77/2000. Í fyrri málslið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 segir hins vegar að vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer í þágu tiltekinnna málaflokka sé undanþegin nokkrum ákvæðum laganna, þ. á m. þeim er lúta að fræðslu til hins skráða.

Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoýggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu.“

Löggjafinn hefur metið vinnslu persónuupplýsinga í þágu mála sem varða almannaoýggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu þess eðlis að sérsjónarmið eigi að gilda um þau. Það er ekki rökstutt sérstaklega í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 77/2000 en ljóst

er að ætlunin með ákvæðinu er að verja rannsóknarhagsmuni; hagsmuni af því að geta ljóstrað upp um mál, koma í veg fyrir afbrot og draga úr aðsteðjandi hættu fyrir öryggi ríkisins.

Við túlkun ákvæðisins er litið til 3. gr. tilskipunar 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Þar er tekið fram að tilskipunin taki ekki til vinnslu vegna starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga Evrópubandalagsins, svo sem starfsemi sem kveðið er á um í V. og VI. bálki stofnsáttmálans um Evrópusambandið, og alls ekki til vinnslu sem varðar almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins (þar á meðal efnahagslega farsæld ríkisins ef vinnslan tengist öryggismálum ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga. Undanþágu-ákvæði fyrri málsliðar 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gildir þó aðeins um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í þágu þessa tilgangs, en ekki um annars konar upplýsingavinnslu af hálfu lögreglu eða annarra aðila sem jafnframt annast öryggis- og refsivörslu. Hún gildir því ekki um mál sem eingöngu hafa einkaréttarlegar lögfylgjur, en þá kunna ákvæði um upplýsingarétt hins skráða að eiga við.

Þann 30. október 2009 sendi Persónuvernd fyrirspurn til FME og óskaði upplýsinga um það hvort FME liti á umrædda vinnslu sem starfsemi ríkisins á sviði refsilaga. Í svarbréfi FME, dags. 30. október 2009, kemur fram að FME telur umrædda skoðun á tölvupósti yðar vera lið í starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu, enda sé verið að rannsaka hugsanlegt brot sem geti varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 145. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

Auk framangreinds vill Persónuvernd benda á að gildissvið laga nr. 77/2000 gagnvart öðrum lögum er afmarkað í 44. gr. þeirra. Ef lögín undanþiggja tiltekna vinnslu gildissviði laganna í heild eða að hluta, er ljóst að valdheimildir Persónuverndar ná ekki yfir vinnsluna, sbr. t.d. ákvæði 40. gr. um stöðvun vinnslu.

Með vísun til alls framangreinds er ekki unnt að fallast á beiðni yðar um tafarlausa stöðvun á skoðun Fjármálaeftirlitsins á umræddum tölvupóstbréfum.“

### **3.2.32. Almenn fyrirspurn um eftirlitsmyndavélar lögreglu – mál 2009/625**

Persónuvernd fékk almenna fyrirspurn um eftirlitsmyndavélar lögreglu. Persónuvernd veitti almennar ábendingarvarðandi lagaumhverfi og gildandi reglur. Í svarbréfi Persónuverndar frá 29. júlí segir m.a.:

„Í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33/1944, er öllum tryggður réttur til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í því felst að hver einstaklingur skal njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi, s.s. að njóta fjölskyldulífs og trúnaðarsamskipta við aðra eins og fram kemur í greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpi til stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um rafræna vöktun. Í 1. gr. laganna kemur m.a. fram að það sé markmið þeirra að stuðla að því að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Um rafræna vöktun, þ.m.t. sjónvarpsvöktun, er fjallað í 4. gr. laganna og segir í 1. mgr. ákvæðisins að hún sé ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Þá er í málsgreininni þrengt skilyrði þess að vakta svæði með rafrænum hætti sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði og er tiltekið að skilyrði slíkrar vöktunar sé *sérstök þörf* vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Í 3. mgr. 4. gr. er svo áréttað að sjónvarpsvöktun skuli að öðru leyti lúta m.a. ákvæðum 7. gr. laga nr. 77/2000 en hún kveður á um að vinnsla persónuupplýsinga skuli vera sanngjörn og málefnaleg og í samræmi við góða vinnsluhætti (1. tölul.), í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnið með upplýsingarnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.), upplýsingarnar sem unnið er með eigi að vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsyn krefur vegna vinnslunnar (3. tölul.), þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. tölul.) og ekki persónugreinanlegar lengur en nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (5. tölul.). Ákvæðið gerir einnig kröfu um að meðalhófs sé gætt, í þeim tilfellum sem gengið er á friðhelgi einkalífs, með tilliti



til grundvallarréttinda þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og þarf því að meta umfang og aðferðir sem beita á út frá því, s.s. hvort hægt væri að ná settum tilgangi með vægari úrræðum.

Persónuvernd hefur sett sérstakar reglur um rafræna vöktun nr. 837/2006, á grundvelli 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Í 4. gr. reglnanna kemur fram að rafræn vöktun verði að fara fram í yfirlýst- um, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis eða eignavörslu. Í 5. gr. reglnanna er fjallað um meðalhóf en þar kemur fram að við alla rafræna vöktun skuli þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn beri til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort við- hafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

Almennt er talið að lögregla hafi heimild til að setja upp eftirlitsmyndavélar á almannafæri ef hún fer að þeim skilyrðum pul. og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Nauðsynlegt er að tilgangurinn sé málefnalegur og *gera þarf glögglega viðvart um það þegar löggæsla fer fram með rafrænni vöktun á almannafæri, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.* Lög nr. 77/2000 ganga einnig út frá því að rafræn vöktun geti verið heimil í vissum tilvikum, s.s. á vinnustað eða á almannafæri, sbr. 24. gr., auk þess sem beinlínis segir í 2. mgr. 8. gr. að rafræn vökt- un þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði sé heimil sé hennar sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Loks má minnst á ákvæði reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lög- reglu, sem sett er með stoð í 3. mgr. 45. gr. pul., en þar er m.a. að finna ákvæði um rétt aðila til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu. Samkvæmt 8. gr. á hinn skráði rétt á að fá frá lögreglu vitneskju um hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með, tilgang vinnslunnar, og hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann. Í 9. gr. er hins vegar mælt fyrir um ákvednar takmarkanir á upplýsingaréttinum. Rétturinn telst t.d. ekki vera til staðar ef óhjákvæmilegt er að upplýsingar fari leynt vegna lögreglustarfa eða ef nauðsynlegt er að vernda hinn skráða sjálfan eða réttindi eða frelsi annarra.“

### **3.2.33. Almenn svar varðandi birtingu sjúkratilfellis í Læknablaðinu – mál 2009/890**

Persónuvernd var spurð hvort leyfi hennar þyrfti til að birta upplýsingar um eitt sjúkratilfelli í Læknablaðinu. Um var að ræða grein þar sem unnt var að bera kennsl á hlutadeigandi sjúkling. Persónuvernd sagði svo ekki vera ef aflað yrði samþykkis sjúklingsins eða gerðar breytingar á grein- inni þannig að ekki yrði jafn auðvelt að þekkja sjúklinginn. Í svari Persónuverndar, dags. 27. október, segirm.a.:

„Þau lög, sem Persónuverndar starfar eftir og framfylgir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýs- ingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. lag- anna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. sömu greinar.

Þó svo að við umrædda birtingu upplýsinga sé ekki fyrirhugað að birta persónuauðkenni við- komandi sjúklings verður að ætla að þeir sem til þekkja kunni að geta lesið það út hver hann sé. Af því leiðir að telja verður upplýsingarnar persónugreinanlegar og að því sé um að ræða vinnslu pers- ónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000. Eins og vinnslunni er lýst verður ekki séð að hún falli undir reglur sem áskilja leyfi Persónuverndar. Hins vegar verður vinnslan að samrýmast ákvæð- um laganna.

Upplýsingar um heilsuhagi einstaklinga eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Svo að vinnsla þeirra sé heimil þarf að vera fullnægt einhverju skilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. laganna. Að auki þarf að vera fullnægt ein-

hverju hinna almennu skilyrða fyrir vinnslu persónuupplýsinga, viðkvæmra sem annarra, sem mælt er fyrir um í 8. gr.

Vinna má með viðkvæmar persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Svo að samþykkið teljist gilt þarf það að samrýmast 7. tölul. 2. gr. laganna þar sem samþykki er skilgreint svo:

„Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.“

Auk þess sem heimild þarf að vera til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 þarf að vera fullnægt öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laganna. Þar er m.a. mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu fengnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.), að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Þáttur í því að fara að framangreindum reglum getur m.a. verið að birta ekki persónuauðkenni einstaklings þegar slíkt getur ekki talist málefnalegt og nauðsynlegt til að ná fram yfirlýstum tilgangi með vinnslu persónuupplýsinga.“

### **3.2.34. Almenn fyrirspurn um birtingu dóma á Netinu – mál 2009/926**

Persónuvernd svaraði almennri fyrirspurn um heimildir til að setja héraðsdóma í refsimálum á Netinu. Í svari hennar frá 30. október 2009 segir m.a.:

„Um birtingu dóma er fjallað í 16. og 17. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í 3. mgr. 16. gr. er mælt fyrir um að ef dómur er birtur skuli, ef sérstök ástæða er til, afmá úr honum atriði sem eðlilegt er að fari leynt með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna. Í f-lið 17. gr. segir að Dómstólaráð, sem hefur með höndum ýmsa umsýslu vegna héraðsdómstóla, setji nánari reglur um birtingu dóma, t.d. á vefsíðum. Í slíkum reglum skuli m.a. mælt fyrir um hvaða upplýsingar skuli ekki birtar.

Dómstólaráð hefur sett reglur um birtingu héraðsdóma á heimasíðu héraðsdómstólanna sem fram koma í tilkynningu ráðsins nr. 2/2009. Í 1. gr. reglnanna segir að dómur skuli birtur á sameiginlegri vefsíðu dómstólanna með þeim undantekningum og takmörkunum sem kveðið er á um í reglunum.

Í 1. og 2. mgr. 3. gr. reglnanna er fjallað um hvenær gæta skuli nafnleyndar við birtingu dóma í sakamálum. Þar segir:

„Ef ákærði er sýknaður í máli eða birting á nafni hans getur talist andstæð hagsmunum brotaþola skal nafnleyndar gætt um ákærða. Ef ákært er fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) skal gæta nafnleyndar um brotaþola og aðra sem geta persónugreint hann. Skal þess þá jafnframt gætt að má út úr dómi aðrar upplýsingar sem gera kleift að persónugreina viðkomandi, svo sem heimilisföng og staðanöfn.

Gæta skal nafnleyndar í sakamáli gagnvart vitni þegar fjallað er um viðkvæm persónuleg mál-fni þess sem eðlilegt er að leynt fari.“

Í 4. gr. reglnanna er fjallað um hvaða atriði skuli afmá úr dómsúrlausnum. Þar segir m.a. að afmá skuli úr dómum í sakamálum atriði sem eðlilegt er að fari leynt með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna í samræmi við áður nefnt ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um meðferð sakamála. Áður en dóm-

ari sendi dóm til birtingar meti hann hvort afmá beri atriði úr dómsúrlausninni og beri hann ábyrgð á því að birting samrýmist framangreindu ákvæði 2. mgr. 16. gr. laganna. Gæta skuli þess að það sem eftir standi leiði ekki til þess að lesa megi þær upplýsingar úr dómnum sem ekki eiga að koma fram.

Tekið er fram í 1. gr. að ef birting dóms sé sérstaklega íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi sé rétt að taka úr dómi frekari upplýsingar en þær sem ekki skal birta samkvæmt reglunum.

Af framangreindu leiðir að heimilt getur verið að birta dóma í sakamállum á Netinu með þeim hætti að nöfn sakborninga komi fram. Í ákveðnum tilvikum skal það hins vegar ekki gert, bæði tilvikum sem sérstaklega eru talin upp í umræddum reglum dómstólaráðs, sem og í öðrum tilvikum þar sem birting á nöfnum verður ekki talin eðlileg í ljósi aðstæðna.

Telji einstaklingur að í dómi séu birtar upplýsingar um hann, sem ekki ætti að birta, getur hann leitað til viðkomandi dómstóls og beðið um að fyrirkomulagi við birtingu dóms verði breytt.“

### **3.2.35. Notkun ríkisskattstjóra á myndum úr eftirlitsmyndavélum á bensínstöðvum – mál 2009/1001**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn um eftirlitsaðgerðir ríkisskattstjóra samkvæmt lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald. Málið laut að heimild ríkisskattstjóra til þess að fá myndir úr eftirlitsmyndavélum á eldsneytisstöðvum olúfélaganna til þess að nota í þágu opinbers eftirlits með notkun á litaðri olú, sbr. lög nr. 87/2004. Í svari Persónuverndar, dags. 20. nóvember, segir m.a.:

„1.

Um notkun persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun gildir ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar kemur fram að þrátt fyrir að almenn skilyrði 1. mgr. 9. gr., um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga séu ekki uppfyllt megi, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, nota það hljóð- og myndefni sem til verður ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynlegt og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.

Í 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 837/2006 er nánar fjallað um heimild til afhendingar vöktunarefnis. Það ákvæði nær ekki bara til efnis með viðkvæmum persónuupplýsingum ólíkt framangreindu ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Umrætt ákvæði reglnanna hljóðar svo:

„Persónuupplýsingar sem til verða við rafræna vöktun má aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangsins. Þær má ekki vinna með eða afhenda öðrum nema með samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Þó er heimilt að afhenda lögreglu upplýsingar um slys eða meintan refsiverðan verknað.“

2.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, ber ríkisskattstjóra að annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 87/2004. Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 87/2004 segir að eftirlitsmönnum sé heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskyld ökutæki, þ. á m. að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis.

Eftirlitsmönnum er einnig heimilt að taka sýni úr eldsneytisgeymi ökutækis og birgðageymum, að beiðni ríkisskattstjóra. Í 3. mgr. 18. gr. segir að ríkisskattstjóri hafi eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr. laganna og er heimilt að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Ennfremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að starfsstöðvum og birgðastöðvum. Loks segir í 4. mgr. 18. gr. að hafi ríkisskattstjóri grun um skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald skuli hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins.

### 3.

Af framangreindum ákvæðum skattalöggjafarinnar má ráða að ríkisskattstjóri fer með ákveðna yfirstjórn sem æðri handhafi stjórnsluvalds þegar kemur að eftirliti sem kveðið er á um í skattalöggjöfinni. Í 9. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 er talið upp hverjir séu handhafar lögregluvalds og er ríkisskattstjóri ekki þeirra á meðal og er því ekki unnt að beita 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um afhendingu myndefnis ef um refsiverðan verknæð er að ræða. Að mati Persónuverndar hefur ríkisskattstjóri því ekki sömu heimild og lögregla til vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga í þágu rannsóknar máls. Verður því ekki séð að hann hafi að gildandi lögum heimild til aðgangs að því myndefni sem safnast í þeim eftirlitsmyndavélum sem eigendur hafa sett upp á eldsneytisstöðvum olúfúlaganna.“

#### **3.2.36. Vátryggingafélög. Öflun upplýsinga um heilsufar ættingja – mál 2009/871**

Persónuvernd svaraði almennri fyrirspurn um heimildir vátryggingafélags til öflunar upplýsinga um heilsufar ættingja umsækjenda um sjúkdómatryggingu. Í svari Persónuverndar, dags. 20. nóvember, segir m.a.:

„Sjúkdómatryggingar teljast til svonefndra persónutrygginga, en um þær er fjallað í II. hluta laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, þ.e. 61.–140. gr. laganna. Í 82. gr. er fjallað um öflun heilsufarsupplýsinga vegna persónutrygginga. Þar segir eftir þær breytingar sem gerðar voru á greininni með lögum nr. 156/2007:

„Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita vátryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem vátryggingartaki eða vátryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvornig sjúkdómur hefur greinst. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal staðfesta að þær upplýsingar sem hann veitir um sjúkdóma foreldra eða systkina sinna séu veittar með þeirra samþykki, enda sé með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað aflað slíks samþykkis. Afli vátryggingafélag upplýsinga um sjúkdóma vátryggingartaka eða vátryggðs frá öðrum en honum skal, áður en þeirra er aflað, liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki hans. Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar.

Synji félagið að veita persónutryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.

Félagið skal halda saman upplýsingum um fjölda þeirra sem er synjað um töku tryggingar eða er gert að greiða hærri iðgjöld vegna áhættumats sem byggist á lagagrein þessari.“

Af framangreindu leiðir að samkvæmt 82. gr. laga nr. 20/2004 hafa líftryggingafélög heimild til að óska eftir upplýsingum frá umsækjanda um líftryggingu um heilsufar foreldra hans og systkina. Ákvæði 1. mgr. 82. gr. gerir ráð fyrir að umsækjandi leiti sjálfur samþykki foreldra og systkina fyrir veitingu upplýsinganna. Ekki er gert að skilyrði í ákvæðinu að samþykkið sé skriflegt. Ef upp rís ágreiningur um hvort samþykki hafi verið veitt er hins vegar ljóst að sönnun um það getur reynst örðug ef ekki liggur fyrir skrifleg samþykkisyfirlýsing.

Upplýsingaöflun samkvæmt 82. gr. laga nr. 20/2004 verður að samrýmast ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ. á m. grunnreglum 1. mgr. 7. gr. lagaanna. Þar segir m.a. að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Af framangreindu leiðir að váttryggingafélag á ekki að fara fram á frekari upplýsingar en nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Þegar umsækjandi sækir um líftryggingu getur það m.a. falið í sér að váttryggingafélag skuli ekki óska upplýsinga um hver nánustu ættingja hans hafi fengið tiltekinn sjúkdóm. Þess í stað skuli það látið nægja að fara fram á upplýsingar um hvort einhver úr hópi foreldra hans og systkina hafi fengið sjúkdóminn. Þá á ekki að afla heilsufarsupplýsinga sem ekki hafa gildi við mat á áhættu þegar umsókn um líftryggingu er afgreidd.“

### **3.2.37. Auðkenning þjónustusýna hjá Frumurannsóknastofu Leitarstöðvar KÍ – mál 2005/463**

Persónuvernd svaraði erindi Krabbameinsfélags Íslands varðandi auðkenningu svokallaðra þjónustusýna. Hún leit til breytingar á lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn með lögum nr. 48/2009, en með þeim lögum var gerður greinarmunur á vísindasýnum og þjónustusýnum, þ.e. sýnum sem aflað er í vísindalegum tilgangi annars vegar og sýnum sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu hins vegar. Í svari Persónuverndar, dags. 24. nóvember, segir m.a.:

„Persónuvernd vísar til bréfs Krabbameinsfélags Íslands (KÍ), dags. 30. október 2009. Þar er vísað til ákvörðunar Persónuverndar, dags. 10. desember 2007, þess að efnis að lífsýni á Lífsýnasafni Frumurannsóknastofu Leitarstöðvar KÍ skuli varðveita án persónuauðkenna. Þá segir í bréfinu:

„Komið hafði fram í samskiptum fulltrúa Krabbameinsfélagsins og Persónuverndar að það eru ótvíræðir öryggishagsmunir þeirra kvenna sem tekin hafa verið leghálsýni hjá að glerin sé merkt með kennitölu þeirra. Lífsýnasafn Frumurannsóknastofu Leitarstöðvar KÍ er fyrst og fremst tengt þjónustu við þær konur sem hingað koma reglubundið í leghálskrabbameinsleit.

Heilbrigðisráðuneytinu bárust ábendingar frá öðrum rannsóknastofum á landinu um áþekk atriði og var bent á mikilvægi þess að í lögum um lífsýnasöfn væri gerður skýr greinarmunur á sýnum sem safnað er vegna vísindarannsókna eingöngu og þeim sem safnað er vegna þjónustu við sjúklinga. Nefnd var skipuð af ráðuneytinu haustið 2007 og gerði hún drög að frumvarpi sem tók á þessum efnisþáttum og öðrum sem athugasemdir höfðu borist um. Það frumvarp hefur nú verið samþykkt, 21. apríl 2009 á Alþingi [...] og er nú gerður greinarmunur á merkingum lífsýna sem eru þjónustusýni og þeirra sem eru vísindasýni.

Við teljum því að með samþykkt þessara lagabreytinga uppfylli Lífsýnasafn Frumurannsóknastofu Leitarstöðvar KÍ þær kröfur sem gerðar voru til þess af Persónuvernd. Ég leita því staðfestingar á þessari ályktun og vona að málið sé þar með úr sögunni.“

Umrædd ákvörðun Persónuverndar byggðist á 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn þar sem sagði að lífsýni í lífsýnasöfnum skyldu varðveitt án persónuauðkenna. Með lögum nr. 48/2009 var lögum nr. 110/2000 breytt. Er nú gerður greinarmunur á vísindasýnum og þjónustusýnum, þ.e. sýnum sem aflað er í vísindalegum tilgangi annars vegar og sýnum sem tekin eru vegna heilbrigð-

isþjónustu hins vegar, sbr. ákvæði 3. og 4. tölul. 3. gr. laga nr. 110/2000 eins og þau hljóða eftir umrædda lagabreytingu. Í 1. mgr. 8. gr. segir nú að vísindasýni skuli varðveitt án persónuauðkenna. Sams konar regla gildir hins vegar ekki um þjónustusýni og er það vegna hagsmuna sjúklinga, þ.e. að girt verði fyrir rugling sýna eins og fram kemur í athugasemdum í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 48/2009, þ.e. í athugasemdum við 4. gr. um breytingar á 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000.

Með vísan til framangreinds gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við það hvernig lífsýni eru auðkennd á Lífsýnasafni Frumurannsóknastofu Leitarsviðs KÍ.“

### **3.2.38. Vinnumálastofnun skoðaði IP-tölur úr rafrænni tilkynningu – mál 2009/635**

Persónuvernd fjallaði um kvörtun yfir skoðun Vinnumálastofnunar á þeim hluta IP-tölu sem hefur að geyma auðkenni þess lands sem IP-talan stafar frá, þ.e. í rafrænni tilkynningu til stofnunarinnar um atvinnuleysi. Persónuvernd taldi rétt, í ljósi sjónarmiða um sanngjarna vinnslu og vandaða vinnsluhætti, að Vinnumálastofnun gerði þeim sem skrá sig atvinnulausa grein fyrir því að hún safnar og vinnur með upplýsingar um IP-tölur þeirra. Í niðurstöðu Persónuverndar, dags. 16. desember 2009, segir m.a.:

#### *„Niðurstæða Persónuverndar*

##### *1.*

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekings einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

##### *2.*

Erindi það sem hér er til skoðunar lýtur að vinnslu upplýsinga um IP-tölur. Á meðal þeirra upplýsinga, sem IP-tölur hafa að geyma, er í hvaða landi sú tölvu er sem IP-talan stafar frá. Í samskiptum á Netinu er iðulega óhjákvæmilegt að IP-tölur skráist vegna tæknilegs eðlis Netsins. Það að skoða þann hluta IP-tölu, sem hefur að geyma auðkenni tiltekings lands, getur verið sambærilegt því að skoða pósthimpil á umslögum. Af atvikum máls þessa má hins vegar ráða að IP-tölur tilkynnenda séu skráðar með kerfisbundnum hætti og telst því vera um að ræða vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar stjórnvöld afla upplýsinga í tengslum við stjórnvaldseftirlit verður einkum talið að 5. og 6. og, eftir atvikum, 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna geti átt við um upplýsingaöflunina og eftirfarandi vinnslu upplýsinganna. Samkvæmt 3. tölul. er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu, samkvæmt 5. tölul. er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna og samkvæmt 6. tölul. er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds.

Vinnumálastofnun hefur vísað til 13. og 14. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 13. gr. verða launamenn að vera í virkri atvinnuleit til að njóta atvinnuleysistrygginga. Í 14. gr. er skilgreint hvað felist í virkri atvinnuleit. Framkvæmd þessa ákvæðis er á hendi Vinnumálastofnunar, þ. á m. það að leggja mat á hvort umsækjandi sé í virkri atvinnuleit og ákveða rétt manna til bóta þótt þeir hafi farið eða séu staddir erlendis. Umfjöllun um það fellur ekki í hlut Persónuverndar og tekur hún því ekki afstöðu til þess hvernig túlka beri skilyrði laga nr. 54/2006

um virka atvinnuleit. Sé það hins vegar mat Vinnumálastofnunar að hún þurfi vitneskju um ferðir manna til að geta rækt þetta lögboðna hlutverk sitt, og beitt því opinbera valdi sem henni er falið, er ljóst að vinnsla upplýsinga um IP-tölur tilkynnenda getur fallið undir framangreind skilyrði 8. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnsla persónuupplýsinga verður hins vegar einnig að samrýmast öllum skilyrðum 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er m.a. mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.). Í þessum kröfum felst m.a. að aldrei má ganga lengra við öflun upplýsinga um utanferðir einstaklinga á atvinnuleysissskrá en nauðsynlegt er vegna eftirlits Vinnumálastofnunar. Þá felur fyrstnefnda krafan í sér að vinnsla persónuupplýsinga skal vera gagnsæ gagnvart hinum skráða.


Í ljósi þeirrar kröfu, sem og framangreinds skilyrðis um að vinnsla persónuupplýsinga skuli samrýmast vönduðum vinnsluháttum, er eðlilegt að Vinnumálastofnun geri þeim sem skrá sig atvinnulausa með rafrænum hætti grein fyrir því, s.s. með auglýsingu á heimasíðu stofnunarinnar, að IP-tölum þeirra sé safnað og að þær séu nýttar til að komast að því hvort þeir hafi verið staddir erlendis.

#### *Niðurstöðuorð:*

Persónuvernd gerir ekki athugasemd við skoðun Vinnumálastofnunar á þeim hluta IP-tölu sem hefur að geyma auðkenni þess lands sem IP-talan stafar frá, þ.e. í rafrænni tilkynningu til stofnunarinnar um atvinnuleysi. Persónuvernd telur hins vegar rétt, í ljósi ákvæðis 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngjarna vinnslu, og sjónarmiða um vandaða vinnsluhætti, að Vinnumálastofnun geri þeim sem skrá sig atvinnulausa grein fyrir því að hún safni og vinni með upplýsingar um IP-tölur þeirra, m.a. til að kanna ferðir þeirra erlendis. Það má gera með auglýsingu á heimasíðu Vinnumálastofnunar.“







## 4. Erlent samstarf

### 4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Fundur forstjóra persónuverndarstofnana á Norðurlöndunum var haldinn í Stokkhólmi í Svíþjóð daganna 26.–28. maí. Fundinn sótti forstjóri.

Fundur starfsmanna persónuverndarstofnana á Norðurlöndunum var haldinn í Þórshöfn í Færøjum 2.–4. júní. Fundinn sótti Þórunn Pálína Jónsdóttir.

### 4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

19. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 12.–13. mars í Prag í Tékklandi. Fundinn sótti Lárus Sigurður Lárusson. 20. fundur var haldinn 22.–23. október á Kýpur. Hann var ekki sóttur.

Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB hélt fimm fundi á árinu. Forstjóri sótti fundi sem haldnir voru 10.–11. febrúar, 16.–17. júní og 31. nóvember–1. desember. Fundir, sem haldnir voru 7.–8. apríl og 12.–13. október, voru ekki sóttir.

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Edinborg á Skotlandi 23.–24. apríl. Fundurinn var ekki sóttur.

Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA) hélt fjóra fundi í Brussel á árinu. Þórður Sveinsson sótti fund sem haldinn var 23. mars. Fundir, sem haldnir voru 23. júní, 13. október og 17. desember, voru ekki sóttir.

Haldnir voru þrír fundir í Brussel á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS) um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn. Þórður Sveinsson sótti fund sem haldinn var 24. mars en fundir haldnir 24. júní og 18. desember var ekki sóttur.

Vinnuhópur um lögreglumál hélt fjóra fundi í Brussel á árinu, þ.e. 24. mars, 24. júní, 13. október og 17. desember. Þórður Sveinsson sótti fundinn, sem haldinn var 24. mars, en hinir fundirnir voru ekki sóttir.

### 4.3. Alþjóðlegt samstarf

31. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Madrid á Spáni 4.–6. nóvember. Ráðstefnan var ekki sótt.

### 4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) hélt fund í Strassborg 2.–4. september. Fundurinn var ekki sóttur.

## 4.5. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan

### 4.5.1. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana

Vinnufundur löglærðra starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum 2.–4. júní. Fundinn sótti f.h. Persónuverndar Þórunn Pálína Jónsdóttir. Rætt var á fundinum um merkustu viðburði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur löglærðra starfsmanna var haldinn 2008, samskiptaforrit á internetinu, vöktun vinnuveitanda með launþegum, myndavélaeftirlit, rafræna vöktun með GPS tækjum og rafrænar sjúkraskrár.

### 4.5.2. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana

19. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 12.–13. mars í Prag í Tékklandi. Fundinn sótti f.h. Persónuverndar Lárus Sigurður Lárusson. Á fundinum var m.a. rætt um álitaefni sem tengjast meðferð persónuupplýsinga og Netinu; vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun; notkun sönnunargagna í dómsmálum, sem aflað hefur verið á þann hátt að stríðir gegn persónuverndarlöggjöf; vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við notkun lífkenna, s.s. notkun andlitsskanna og vinnslu fingrafaraupplýsinga; auglýsingaherferðir til að kynna börnum og unglingum sjónarmið um örugga meðferð persónuupplýsinga; friðhelgi einkalífs og aðgang að opinberum skjölum; og meðferð fingrafaraupplýsinga.

20. fundur var haldinn 22.–23. október á Kýpur. Hann var ekki sóttur.

### 4.5.3. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi. Á árinu 2009 voru haldnir fimm fundir: 69. fundur, 10.–11. febrúar; 70. fundur, 7.–8. apríl; 71. fundur, 16.–17. júní; 72. fundur, 12.–13. október; og 73. fundur, 31. nóvember–1. desember. Persónuvernd sendi fulltrúa á 69., 71. og 73. fund. Ekki var hins vegar sendur fulltrúi á 70. og 72. fund.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og á fundi hennar sendir Ísland ekki áheyrnarfulltrúa.

Þau álit, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2009, má finna á vefslóðinni [http://ec.europa.eu/justice\\_home/fsj/privacy/workinggroup/wpdocs/2009\\_en.htm](http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/workinggroup/wpdocs/2009_en.htm), en einnig má finna þar ýmis önnur skjöl. Á árinu samþykkti vinnuhópurinn eftirfarandi:

*Álit nr. 1/2009 um einkalíf á sviði rafrænna fjarskipta; endurskoðun tilskipunar nr. 2002/58/EB.* Álit þetta var gefið út hinn 10. febrúar 2009 og snýr að tillögum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um breytingar á tilskipun 2002/58/EB um persónuvernd í fjarskiptum. 29. gr. starfshópurinn hefur áður veitt álit sitt á tillögunum með álitum nr. 8/2006 og 2/2008 en vill með álitinu þessu koma á framfæri ábendingum sínum af tilefni umsagna Evrópuþingsins, framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins um breytingarnar.

Starfshópurinn byrjar á því að ítreka mikilvægi þess að skylda fjarskiptaþyrftir og aðra rafræna þjónustuveitendur til þess að tilkynna um öryggisbrest. Umsagnir Evrópuþingsins, framkvæmda-

stjórnarinnar og ráðherraráðsins voru ekki samhljóma um umfang þeirrar tilkynningarskyldu, þ.e. hvenær slík skylda vaknaði og hverjum bæri að meta það, til hvaða aðila skyldan tæki og á hverjum skylda til að tilkynna um brest ætti að hvíla. Í álitinu er lögð áhersla á að gera ríkar kröfur til þess að tryggja persónuvernd í rafrænum fjarskiptum og er lagt til að sem víðtækust skilyrði verði tekin upp.

Í álitinu er vikið að söfnun þjónustufyrirtækja á upplýsingum um netvafrar notenda slíkrar þjónustu. Í umsögnum Evrópuþingsins, framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins er lagt til að í vissum undantekningartilvikum verði þjónustufyrirtækjum, sem veita netþjónustu, heimilt að safna slíkum upplýsingum í öryggisskyni. Í álitinu er lögð rík áhersla á að slíkar undanþágur þurfi að vera mjög takmarkaðar enda sé hætt við að söfnun upplýsinga sem þessi geti leitt til misnotkunar, s.s. söfnunar upplýsinga um hegðunarmynstur (e. profiling). Einnig er árettuð fyrri afstaða 29. starfshópsins til ip-talna og að ekki sé hægt með reglusetningu að kveða endanlega á um hvort ip-tölur teljist til persónuupplýsinga eður ei. Slíkt er ætíð háð tilvikabundnu mati þótt að ip-tölur í yfirgnæfandi fjölda tilvika séu persónugreinanlegar upplýsingar.

29. gr. vinnuhópurinn fagnar því að Evrópuþingið, framkvæmdastjórnin og ráðherraráðið eru sammála um að bæði sms-skilaboð og mms-skilaboð falli undir hugtakið rafrænn póstur (e. electronic mail) í tengslum við óumbeðin fjarskipti. Þá er ítrekað að orðalag í þessu sambandi má ekki ein-skordaast við tilvik þar sem notandi er þegar tengdur veraldarvef heldur þurfi það einnig að taka til tilvika þar sem óumbeðin fjarskipti bjóða honum að tengjast líkt og nýjasta tækni gerir nú kleift, s.s. með bluetooth-tækninni svokölluðu.

Að endingu gerir starfshópurinn athugasemd við tillögu Evrópuþingsins um fyrirfram stillta netvafra (e. default browser settings). Nánar tiltekið fela tillögur þingsins það í sér að þegar notendur netvafra nota fyrirfram stillingar á vafranum (e. default browser settings) þá feli það í sér að þeir samþykki vinnslu upplýsinga um sig sem leiði af þessum stillingum hjá þjónustusala netvafrans. Starfshópurinn telur ofangreint ekki fullnægja skilyrðum h-liðar 2. gr. tilskipunar 95/46/EB um samþykki og bendir jafnframt á að með þessu væri þjónustuveitendum netvafra gert kleift að afla upplýsinga um hegðun gríðarlegs fjölda einstaklinga á lýðneti.

*Vinnuskjal nr. 1/2009 um flutning persónuupplýsinga milli aðildarríkja Evrópusambandsins í þágu meðferðar einkamála fyrir dómi.* Vinnuskjal þetta var gefið út hinn 11. febrúar 2009 í þeim tilgangi að vera leiðbeinandi fyrir ábyrgðaraðila persónuupplýsinga á hinu Evrópska efnahagssvæði um hvernig bregðast skuli við beiðni um miðlun upplýsinga til notkunar í meðferð einkamáls fyrir dómi í öðru ríki. Vinnuskjal þetta var unnið með það m.a. fyrir augum að aðstoða fjölpjódleg fyrirtæki að mæta bæði lagakröfum vestan hafs um upplýsingaskyldu fyrir dómi annars vegar og hins vegar kröfum ESB um vernd persónuupplýsinga. Sérstök áhersla er lögð á notkun upplýsinga í þágu „Pre-Trial Discovery“.

Í vinnuskjalinu er hugtakið „Pre-Trial Discovery“ skilgreint, auk þess sem reifaður er sá munur sem er á meðferð einkamála í meginlandsrétti (e. civil code) annars vegar og engilsaxneskum rétti (e. common law) hins vegar. Málsmeðferð samkvæmt „Pre-Trial Discovery Procedure“ fer fram í aðdraganda málsmeðferðar fyrir dómi með það að markmiði að ganga úr skugga um að allir aðilar málsins hafi aðgang að þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar og viðeigandi fyrir rekstur málsins samkvæmt þeim reglum sem um málsmeðferðina gilda í því ríki sem hún fer fram. Í kjölfar slíkrar formedferðar eru nauðsynleg og viðeigandi gögn varðveitt fram að aðalmeðferð fyrir dómi. Í engilsaxneskum rétti hvílir rík skylda á herðum málsaðila að afla gagna fyrir dómi og takmarkast hún ekki við almennar persónuupplýsingar eða rafræn gögn heldur nær jöfnum höndum yfir öll gögn, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar, einkabréf og -tölvubréf og gögn þriðja aðila, s.s. starfsmanna og viðskiptavina. Með þróun tölvutækninnar hefur umfang gagna sem lögð eru fram í slíkrri formedferð margfaldast.

Í vinnuskjalinu er farið í saumana á þeim mun sem er á meðferð einkamála í meginlandsrétti annars vegar og engilsaxneskum rétti hins vegar. Formeðferð sú sem að ofan er lýst (Pre-Trial Discovery) er grundvallar þáttur í meðferð mála fyrir dómi í engilsaxneskum rétti en slík málsmeðferð

þekktist ekki í mörgum ríkjum meginlandsréttarins þótt hún sé til í einhverri mynd í sumum þeirra. Til að mynda er upplýsingaskylda fyrirtækja í Bandaríkjunum svo rík að hún tekur einnig til gagna, sem út af fyrir sig eru hvorki nauðsynleg né viðeigandi, en sem geta leitt til þess að viðeigandi upplýsingar finnist. Slík gögn eða upplýsingar eru kallaðar „smoking gun“. Dómara er þó heimilt að takmarka upplýsingaöflun, bæði til að vernda einstaklingafyrir óþægindum og vanvirðandi meðferð og ef öflun upplýsinganna leggur of þungar byrðar á þann aðila sem skylda hvílir á að afla þeirra, miðað við tilgang þeirra fyrir dómsmálið. Þessi ríka upplýsingaskylda getur stangast verulega á við gagnaöflun fyrir dómi í mörgum ríkjum meginlandsréttarins þar sem eingöngu er leyfilegt að leggja fram nauðsynleg gögn Gildir þetta í Bretlandi, þrátt fyrir að þar sé byggt á engilsaxneskum rétti, og eru þar meiri hömlur á framlagningu gagna í for meðferð máls, meira í ætt við meginlandsrétt.

Í sumum ríkjum Evrópu, t.d. Frakklandi, hefur verið lagt bann við flutningi vissra tegunda upplýsinga úr landi eða til ríkja utan EES. Dómstólar í Bandaríkjunum hafa ekki tekið tillit til slíkra laga og getur þá ábyrgðaraðili upplýsinga bakað sér refsíábyrgð öðru hvoru megin við Atlantshafið, háð því hvorri lagaskyldunni hann fylgir.

Í vinnuskjalinu segir að tilskipun 95/46/EB standi því ekki í vegi að persónuupplýsingar séu fluttar úr landi í þágu dómsmála en slík miðlun þurfi engu að síður að taka mið af grundvallarsjónarmiðum persónuverndar. Þá segir enn fremur að málsmeðferð fyrir dómi skiptist í fernt og telst meðferð persónuupplýsinga á hverju stigi fyrir sig sem sjálfstæð vinnsla (e. processing). Þessi fjögur stig eru:

- varðveisla (e. retention)
- birting (e. disclosure)
- miðlun (e. onward transfer)
- önnur síðari notkun (e. secondary use)

Tilskipun 95/46/EB kveður á um að ekki skuli geyma persónuupplýsingar lengur en nauðsyn krefur með tilgang vinnslunnar í huga. Þó hefur verið talið að heimilt sé að varðveita persónuupplýsingar lengur t.d. til þess að verja lögmæta hagsmuni, s.s. fyrir dómi. Þetta felur ekki í sér að ábyrgðaraðili geti réttlætt varðveislu persónuupplýsinga með því að hann kynni síðar að þurfa að halda fram kröfu eða verjast kröfu fyrir dómi. Réttarágreiningur sem þessi þarf að vera fyrirliggjandi. Áréttað er í vinnuskjalinu að þessar hömlur á varðveislu stangist ekki á við reglur um meðferð einkamála í Bandaríkjunum en upplýsingaskylda þar vestan hafs takmarkast við þau gögn/upplýsingar sem til eru (e. existing information). Aftur á móti varðar við lög þar vestra að eyða upplýsingum sem geta verið nauðsynlegar eða viðeigandi þegar ljóst er orðið að af málaferlum verði eða allar líkur á því að af þeim verði. Á hinn bóginn er álitamál um lögmæti þess að persónuupplýsingar séu færðar í skjalageymslu dómstóla í Bandaríkjunum í því skyni að vera nýttar í öðru máli eða málum er seinna kunna að rísa. Slík varðveisla er bundinn þeim skilyrðum að mál þurfi annaðhvort að hafa verið höfðað en bíði aðalmeðferðar eða mál verði höfðað innan fyrirsjáanlegs tíma (e. reasonably foreseeable). Athygli er á því vakin í vinnuskjalinu að þótt varðveisla persónuupplýsinga vegna dómsmála sem síðar kynnu að verða höfðuð sé ekki flokkuð sem vinnsla persónuupplýsinga að bandarískum rétti, teljist hún engu að síður verða sjálfstæð vinnsla í skilningi tilskipunar 95/46/EB og getur sem slík eingöngu byggt á heimild annaðhvort í c. eða f.-lið 7. gr. tilskipunarinnar.

Í vinnuskjalinu segir að til þess að vinnsla persónuupplýsinga, í tengslum við meðferð einkamála fyrir dómi í öðru ríki en því þar sem upplýsingarnar eru varðveittar, geti talist lögmæt þurfi ætíð að uppfylla eitt þeirra skilyrða sem upp eru talin í 7. gr. tilskipunar 95/46/EB. Því til viðbótar þurfi einnig að gæta að ákvæði 26. gr. er lýtur að miðlun upplýsinganna. Það er mat 29. gr. vinnuhópsins að ofangreind vinnsla geti ekki farið fram nema með stöð í a., c. eða f.-lið 7. gr. tilskipunarinnar og eru hverfandi líkur á að byggt verði á fyrstnefndu heimildinni (samþykki hinna skráðu). Helgast það einkum af þrennu; í fyrsta lagi að starfsmenn og viðskiptavinir fyrirtækis sem ákveður að færa út kvíarnar til annars ríkis, t.a.m. utan EES, hafa að jafnaði lítið um þá ákvörðun að segja; í öðru

lagi getur verið ómögulegt að veita hinum skráðu fullnægjandi fræðslu, sér í lagi ef um er að tefla viðskiptavini fyrirtækis; og í þriðja lagi hefur 29. gr. starfshópurinn áður bent á takmarkað gildi samþykkis í vinnuréttarsambandi, sbr. álit nr. 8/2001 frá 13. september 2001.

Samkvæmt c-lið 7. gr. tilskipunar 95/46/EB er vinnsla persónuupplýsinga heimil ef hún er nauðsynleg til að uppfylla lögskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Þótt lagaskylda í öðru ríki geti ekki talist uppfylla skilyrði c.-liðar hafa mörg ríki engu að síður skuldbundið sig til þess að virða dómsúrskurði og -niðurstöður annarra ríkja, m.a. með undirritun Haag-sáttmálans frá 1954 um alþjóðlega viðurkenningu dóma í einkamálum og getur slík skuldbinding fullnægt ákvæði c.liðar. Ábyrgðaraðili, í ríki sem enn hefur ekki fullgilt Haag-sáttmálann og viðurkennir ekki með öðrum hætti dómsúrlausnir annarra ríkja, þarf því að byggja miðlun persónuupplýsinga í þágu meðferðar einkamáls fyrir dómi í öðru ríki á f.-lið 7. gr. Vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli f.-liðar er háð því að grundvallarréttindi og -frelsi hins skráða gangi ekki fyrir, þ.e. að réttur hans sé ekki metinn ríkari en hagsmunir ábyrgðaraðila af vinnslunni. Í vinnuskjalinu segir að við mat á framangreindu þurfi að taka tillit til meðalhófssjónarmiða, vægis upplýsinganna við meðferð dómsmálsins og þeirra afleiðingar sem notkun þeirra geti haft fyrir hinn skráða. Þá þurfi að veita hinum skráða færi á að koma að andmælum og taka mið af sérstökum aðstæðum hans. Reyna skal að gera upplýsingarnar ópersónugreinanlegar sé þess kostur.

Sé um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða telur 29. gr. starfshópurinn að miðlun þeirra í þágu meðferðar einkamáls í öðru ríki komi helst til álita með stöð í a.-lið 8. gr. tilskipunarinnar eða ótvíræðu samþykki hins skráða. Þótt e.-liður sama ákvæðis geti einnig komið til skoðunar telur starfshópurinn að aðrar lögbundnar trúnaðarkröfur, s.s. þagnarskylda heilbrigðisstarfsmanna eða presta, hamli mjög beitingu e.-liðar í þessu sambandi.

Í vinnuskjalinu er áréttað að gæta þarf vandlega að meðalhófssjónarmiðum við flutning og notkun persónuupplýsinga í þágu einkamála fyrir dómi í öðru ríki. Kemur til skoðunar bæði magn og umfang þeirra upplýsinga sem leggja á fram, sem og möguleikar á dulkóðun upplýsinganna eða eyðingu persónuauðkenna. Jafnframt þarf að veita og meta þá hagsmuni sem kalla á notkun upplýsinganna á móti hagsmunum hinna skráðu. Að sama skapi ber að tilkynna hinum skráðu um notkun upplýsinganna jafnskjótt og auðið er. Í vissum tilvikum getur slík tilkynning komið eftir að dómsmál hefur verið til lykta leitt en þó verður að gæta að því að í tilvikum þar sem notkun upplýsinganna byggist á f.-lið 7. gr. tilskipunar 95/46/EB þarf að veita hinum skráða færi á að koma að andmælum enda geti lögmæta og knýjandi ástæður er varða sérstakar aðstæður hans hamlað notkun þeirra. Einnig er áréttað í vinnuskjalinu að hinn skráði tapar ekki rétti sínum til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig og til leiðréttingar rangra eða villandi upplýsinga.

*Álit nr. 2/2009 um persónuvernd barna (meginreglur og sérreglur um skóla).* Álit þetta, sem gefið var út 11. febrúar 2009, byggir að meginefni til á vinnuskjali nr. 1/2008 frá 18. febrúar 2008, með það að markmiði að steypa saman í einn texta álitæfnum varðandi vernd persónuupplýsinga barna, skilgreina viðeigandi grundvallarreglur og skýra mikilvægi þeirra með vísan til gagna sem varða börn og veru þeirra í skólum. Ákvað vinnuhópurinn að beina sjónum sínum að skólum enda er sá vettvangur einna mikilvægastur í lífi barna og þar verja þau stórum hluta af degi sínum. Þá er það mat vinnuhópsins að þær upplýsingar sem unnið er með í skólum um börn séu viðkvæmar í eðli sínu.

Í vinnuskjalinu er barn skilgreint sem „einstaklingur sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur“. Börn eiga að njóta allra sömu réttinda og fullorðnir einstaklingar, m.a. réttar til friðhelgi einkalífs og verndar persónuupplýsinga. Mikilvægt er í þessu sambandi að tekið sé tillit til þess annars vegar að barn hefur hvorki öðlast líkamlegan né lífeyðisfræðilegan þroska og hins vegar að barn er að þroskast, líkamlega og andlega. Telur 29. gr. starfshópurinn að fræðsla og ábyrgð séu þýðingarmikil fyrir verndun persónuupplýsinga barna.

Í fyrsta lagi fjallar vinnuhópurinn um þær meginreglur sem almennt eiga við um réttarvernd barna og hvernig ber að túlka meginreglur tilskipunar nr. 95/46/EB í ljósi þeirra. Þessar meginreglur

barnaréttar eru reglan um að ávallt skuli hafa velferð barnsins að leiðarljósi við ákvarðanatöku, að börnum skuli ávallt veitt sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, að einkalífsvernd barna skuli vera tryggð og að börn eigi rétt á forsjá foreldra sinna eða annarra, sem fara með lögformlegt fyrirvar fyrir barnið. Framangreindar meginreglur þarf ávallt að hafa í huga við túlkun á meginreglum tilskipunar nr. 95/46/EB og annarra tilskipana á sviði persónuréttar. Í einstökum tilfellum geta meginreglur barnaréttar gengið framur meginreglum tilskipunarinnar, t.d. um gæði gagna og vinnslu, s.s. í tilvikum þar sem félagsmálayfirvöld þarfnast heilsufarsupplýsinga um barn ef grunur er uppi um misnotkun. Einnig ber að taka mið af líffræðilegum og lífeðlisfræðilegum þroska barna, m.a. í þeim tilvikum þar sem krafist er samþykkis í samræmi við meginregluna um að samráð skuli haft við barn eftir því sem aldur og þroski þess gefur tilefni til. Loks skal afstaða barns fá meira vægi eftir því sem það eldist og þroskast. Þær meginreglur tilskipunar nr. 95/46/EB sem vinnuhópurinn kom sérstaklega inn á voru meginreglur um gæði gagna, m.t.t. samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga, meðalhófs og varðveislu þeirra, lögmætis vinnslu persónuupplýsinga, öryggis gagna sem unnið er með, sem og réttinda hins skráða.

Í öðru lagi skýrir vinnuhópurinn hvernig framangreindar meginreglur eru skilgreindar í tengslum við skóla. Börn þroskast að stórum hluta innan veggja skólans og þar af leiðandi rísa álitamál varðandi gagnavernd þeirra í tengslum við skólagönguna. Vinnuhópurinn tekur nemendaskrár skóla fyrst til skoðunar og leggur áherslu á að upplýsingar sem þar er að finna mega ekki keyra úr hófi fram enda getur skrásetning tiltekinna viðkvæmra upplýsinga leitt til mismununar. Strangar reglur þurfa að gilda um skráningu þess konar upplýsinga, s.s. upplýsinga um trúarbrögð og kynþátt. Vinnuhópurinn kom inn á hvernig óheimilt er að miðla upplýsingum um nemendur án samþykkis þeirra eða eftir atvikum forráðamanna þeirra, að nauðsynlegt er að trúnaðar sé gætt um ákveðnar tegundir upplýsinga s.s. upplýsinga um námsárangur, ofbeldistilvik, heilbrigðisupplýsingar, fjárhagsaðstoð til nemenda o.fl.

Í þriðja lagi tekur vinnuhópurinn fram að ýmis önnur álitaeftni geta komið upp varðandi vernd persónuupplýsinga í tengslum við daglegar athafnir barna í skólum, t.d. notkun lífkenna í aðgangsskygni að skólum eða mötuneytum. Undanfarin ár hefur átt sér stað aukning í notkun búnaðar sem vinnur með lífkenni og telur vinnuhópurinn nauðsynlegt að meðalhófs sé gætt í þeim tilvikum auk þess sem gefa þyrfti forráðamönnum færi á að andmæla slíkri vinnslu. Á sama hátt fjallar vinnuhópurinn um eftirlitsmyndavélar á skólasvæðum og leggur áherslu á tilgangregluna þegar staðsetning myndavéla er ákveðin, þ.e. að vinnsla fari fram í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi. Einnig ítrekaði hópurinn mikilvægi fræðslu, bæði til nemenda og forráðamanna og einnig starfsfólks. Vinnuhópurinn áréttaði einnig mikilvægi meginreglna tilskipunar nr. 95/46/EB varðandi heilsufarsupplýsingar um börn, upplýsingavefsíður sem skólar setja upp fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra, ljósmyndir af nemendum sínum og nemenda- eða aðgangskort sem í mörgum tilfellum innihalda staðsetningarbúnað. Í tilviki RFID-staðsetningarbúnaðar þarf nauðsyn vinnslu að vera skýr vegna sérstakrar hættu.

Niðurstaða vinnuhópsins er sú að í flestum tilvikum tryggja ákvæði gildandi lagamma fullnægjandi vernd á þessu sviði. Forsenda fyrir árangursríkri vernd persónuupplýsinga er að meginreglum tilskipunarinnar sé beitt í samræmi við meginreglur barnaréttar, t.d. um að hafa skuli hagsmuni barns að leiðarljósi. Ef um ósamrýmanleg réttindi er að ræða má ráða slíkum ágreiningi til lykta með því að túlka ákvæði tilskipunar nr. 95/46/EB í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Hvað varðar almenn álitaeftni í framkvæmd tekur vinnuhópurinn fram að skólaumhverfið hafi orðið fyrir valinu vegna þess hve mikilvæg menntun sé í þjóðfélaginu. Vilji þjóðfélagið keppa að því að tryggja raunverulega vernd persónuupplýsinga, og einkalíf almennt, er nauðsynlegt að byrja á því að veita börnum fræðslu og kenna þeim hversu mikilvægt einkalíf og vernd persónuupplýsinga er, frá unga aldri. Finna þarf jafnvægi milli verndunar einkalífs barna og öryggi þeirra, án þess að draga úr sjálfræði þeirra. Auk þess telur vinnuhópurinn mikilvægt að börnum sé ljós nauðsyn þess að þau sjálf gæti eigin persónuupplýsinga.

*Álit nr. 3/2009 um uppkast ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um staðlaða samningsskilmála er varða flutning persónuupplýsinga til vinnsluaðila utan hins Evrópska efnahagssvæðis.* Álit þetta var gefið út 5. mars 2009 og hefur að geyma athugasemdir starfshópsins um uppkast framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun um endurnýjun staðlaðra samningsskilmála er varða flutning persónuupplýsinga til vinnsluaðila utan EES frá 27. desember 2001. Tilefni endurskoðunarinnar er sú öra þróun sem orðið hefur í hnattvæðingu útboða sem leitt hefur til þess að vinnsluaðilar í skilningi tilskipunar 95/46/EB eru í auknari mæli farnir að fela öðrum vinnsluaðilum framkvæmd vinnslunnar og er endurskoðuninni ætlað að taka á álitmálum er varða slíkt framsal vinnslu persónuupplýsinga.

Í álitinu er bent á að jafna þurfi leikreglur þannig að þyngri byrðar séu ekki settar á vinnsluaðila innan EES en keppinauta þeirra utan svæðisins. Sem dæmi er nefnt að vinnsluaðili í þriðja ríki þarf eingöngu heimild ábyrgðaraðila vinnslunnar til þess að framselja vinnsluna í heild eða hluta á meðan vinnsluaðili innan EES þarf að hlíta þeim reglum sem gilda á innri markaði ESB um slíkt framsal. Er það tillaga vinnuhópsins að vinnsluaðilum innan EES verði heimilað að framselja verknefni sín með sama hætti og keppinautar þeirra utan svæðisins, þ.e. á grundvelli staðlaðra samningsskilmála framkvæmdastjórnarinnar.

Í álitinu er framkvæmdastjórninni bent á að íhuga þurfi vel hvort rétt sé að heimila vinnsluaðila í þriðja ríki að framselja vinnsluna til annars vinnsluaðila utan EES, sérstaklega ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða eða vinnslu sem getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir hinn skráða, s.s. vinnslu erfðaefnis, upplýsingar um börn eða persónusnið. Þá er heldur ekki loku fyrir það skotið að fyrirmæli ábyrgðaraðila geti bjagast eða misfarist séu boðleidir langar og milli margra vinnsluaðila. Við ákvörðun þess hvernig hinir stöðluðu samningsskilmálar eigi að hljóða verður að mati vinnuhópsins að líta til ofangreinds og þess að lög í ríkjum utan EES veita persónuupplýsingum mismunandi vernd auk þess sem vinnsluaðili í þriðja ríki getur verið bundinn upplýsingaskyldu til innlendra stjórnvalda.

Enn fremur er athygli vakin á því í álitinu að huga þurfi að upplýsingarétti hins skráða í stöðluðum skilmálum sem þessum til þess að auðvelda honum að nota rétt sinn til aðgangs að upplýsingum um sig og til leiðréttingar þeirra eða eyðingar eftir atvikum.

*Álit nr. 4/2009 um vernd persónuupplýsinga í tengslum við alþjóðlegar forvarnir á sviði íþróttta.* Þetta álit var gefið út 6. apríl 2009 og er annað álitid sem 29. gr. starfshópurinn veitir um vernd persónuupplýsinga í tengslum við alþjóðlegar forvarnir á sviði íþróttta. Fyrri álitid er frá 1. ágúst 2008 nr. 3/2008.

29. gr. vinnuhópurinn ítrekar stuðning sinn við WADA (World Anti-Doping Agency) og tilgang þeirra samtaka. Samt sem áður telur vinnuhópurinn sér skylt að halda baráttu sinni áfram fyrir bættri vernd persónuupplýsinga íþróttamanna, og í mörgum tilvikum meðlima fylgdarliðs þeirra.

Í álitinu kemur fram að mikið framfaraskref hafi verið stigið þegar WADA innleiddi persónuverndarstaðla sína árið 2008 sem voru tilefni fyrri álits starfshópsins en að mati starfshópsins tryggja þessir staðlar ekki viðundandi vernd persónuupplýsinga í öllum ríkjum aðildarlanda samtakanna, með sama hætti og gerðar eru kröfur til innan Evrópusambandsins. Staðlarnir hafi vissulega að einhverju leyti verið lagfærðir til samræmis við álit 29. gr. vinnuhópsins nr. 3/2008 en meira þarf ef duga skal. Vinnuhópurinn hvetur WADA og önnur alþjóðasamtök á sviði íþróttta til að vinna betur að þessum málum í nánú samstarfi við persónuverndarstofnanir og viðeigandi yfirvöld í hverju ríki fyrir sig.

Í álitinu er ítrekað það sem fram kom í fyrri álitinu frá 2008 að vinnsla persónuupplýsinga um íþróttafólk og fylgdarlið hjá WADA getur ekki byggt á samþykki hinna skráðu. Samþykki í þessu sambandi getur ekki talist vera óþvingað í skilningi h.-liðar 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB enda eigi hinir skráðu ekki kost á því að taka þátt í alþjóðlegum keppnum án þátttöku í forvarnarstarfi WADA.

Þá bendir 29. gr. starfshópurinn enn fremur á að þegar upplýsingum er miðlað til ADAMS-gagnagrunns WADA í Kanada og þaðan áfram til þriðja ríkis eftir atvikum, þurfi að ganga úr skugga um að upplýsingarnar njóti viðunandi verndar í viðtökuríki. Sé ekki mögulegt að tryggja viðundandi upplýsingavernd getur miðlun persónuupplýsinga ekki átt sér stað nema á grundvelli undanþágu skv. 26. gr. tilskipunarinnar að því gefnu að hvorki sé um að tefla reglubundna miðlun né umfangsmiklar upplýsingar.

Í álitinu er fjallað um birtingu WADA á heimasíðu sinni á upplýsingum um viðurlög gagnvart nafngreindum einstaklingum sem brotið hafa reglur samtakanna. Þessar upplýsingar eru birtar í heilt ár. 29. gr. starfshópurinn telur þessa birtingu umfram það sem nauðsynlegt er með tilgang vinnslunnar í huga og er það mat starfshópsins að hægt sé að ná sama árangri með vægari úrræðum. Sama gildir um skráningu aðseturs íþróttamanna en þeim er skylt að tilkynna WADA um aðsetur sitt utan keppnisstaða svo hægt sé að framkvæma handahófskennd lyfjapróf.

Að endingu bendir 29. gr. vinnuhópurinn á að endurskoða þurfi reglur um lengd varðveislutíma persónuupplýsinga hjá WADA.

*Álit nr. 5/2009 um tengslanet á veraldarvefnum.* Álit þetta var gefið út 12. júní 2009 með það að markmiði að vera leiðbeinandi fyrir þjónustuaðila sem halda uppi tengslaneti á veraldarvef um hvernig starfræksla slíkra neta getur veitt persónuupplýsingum viðunandi vernd í samræmi við reglur Evrópusambandsins.

Í álitinu er áréttað að þeir sem starfrækja tengslanet á veraldarvef (e. Social Network Service Providers), og eftir atvikum þriðju aðilar sem keyra viðbótarforrit við tengslanetið, s.s. leikaforrit, teljast ábyrgðaraðilar vinnslu persónuupplýsinga á viðkomandi tengslaneti í skilningi tilskipunar 95/46/EB. Sem ábyrgðaraðilar eru þeir bundnir öllum þeim skyldum sem upp eru taldar í tilskipuninni gagnvart hinum skráðu. Í þessu sambandi telur 29. gr. vinnuhópurinn það ekki skipta máli þótt starfrækjendur tengslaneta hafi aðsetur utan hins Evrópska efnahagssvæðis og styðst við niðurstöður sínar í álitu um leitarvélar á netinu nr. 1/2008.

Í álitinu er farið í saumana á því hvernig hinir skráðu nýta slík tengslanet, t.d. facebook, og er greinarmunur gerður á því sem 29. gr. starfshópurinn kallar heimilisafnot (e. household exemption) og önnur afnot. Hið fyrrnefnda fellur að mati starfshópsins utan gildissviðs tilskipunarinnar enda sé um persónuleg samskipti milli fjölskyldumeðlima að ræða. Hvað varðar hin síðarnefndu afnot telur starfshópurinn mikla hættu á því að persónuupplýsingar, sem skráður eru á tengslanet á veraldarvefnum í því sambandi, verði misnotaðar eða nýttar í öðrum tilgangi en upphaflega stóð til, s.s. til markaðssóknar eða smíði persónusniða. Til að mæta þessari ógn er í álitinu lagt til að á tengslanetum sé boðið upp á öflugar tæknilegar öryggisráðstafanir og staðlaðar notendastillingar sem taki mið af persónuvernd (e. privacy-friendly default settings). Þá er í álitinu talin full ástæða til að gæta varúðar við birtingu upplýsinga og mynda og sérstaklega að gefinn sé gaumur að aðgengisstýringum sem notendur sjálfir geta stýrt.

Í álitinu er lögð rík áhersla á skyldur ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráðu og segir í því að fræðsla til hinna skráðu sé lykilatriði við að veita persónuupplýsingum viðundandi vernd. Þá þurfi ábyrgðaraðilar einnig að vera í stakk búnir að veita hinum skráðu/notendum tengslanetsins leiðbeiningar og ráðgjöf um persónuvernd. Enn fremur er bent á að sérstaklega þurfi að huga að vernd notenda undir lögaldri og barna.

*Álit nr. 6/2009 um vernd persónuupplýsinga í Ísrael.* Þetta álit, sem var gefið út 1. desember 2009, fjallar um það hvort Ísrael veiti persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi tilskipunar 95/46/EB. Ísrael hefur æskt þess af framkvæmdastjórn EB að vera talið veita slíka vernd og að því skuli vera heimilt að flytja persónuupplýsingar þangað með sama hætti og milli aðildarríkja að tilskipuninni, en framkvæmdastjórnin ákveður hvaða lönd það séu sem þetta gildir um, sbr. 6. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar. Hún óskaði eftir umsögn vinnuhópsins og birtist hún í álitinu. Er niðurstaða vinnuhópsins sú að Ísrael veiti persónuupplýsingum nægilega vernd.



*Álit nr. 7/2009 um vernd persónuupplýsinga í Andorra.* Þetta álit, sem var gefið út 1. desember, fjallar um það hvort Andorra veiti persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi tilskipunar 95/46/EB. Andorra er sjötta minnsta ríki í heimi og nýtur töluverðrar sérstöðu í Evrópu. Sú sérstaða felst annars vegar í því að einungis þriðjungur íbúa ríkisins hefur ríkisborgarétt, hinir tveir þriðju hlutarnir hafa annað evrópskt ríkisfang, og hins vegar felst sérstaðan í stjórnskipun ríkisins að því leyti að það er tví-furstadæmi og fer forseti Frakklands með furstadóm á móti erkibiskupinum í Urgell. Andorra hefur æst þess af framkvæmdastjórn EB að vera talið veita umrædda vernd og að því skuli vera heimilt að flytja persónuupplýsingar þangað með sama hætti og milli aðildarríkja að tilskipuninni, en framkvæmdastjórnin ákveður hvaða lönd það séu sem þetta gildir um, sbr. 6. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar. Hún óskaði eftir umsögn vinnuhópsins og birtist hún í álitinu. Er niðurstaða vinnuhópsins sú að Andorra veiti persónuupplýsingum nægilega vernd.

*Álit nr. 8/2009 um vernd persónuupplýsinga um farþega sem safnað og unnið er með af friðhafnarverslunum.* Álit þetta var gefið út 1. desember 2009 með það að markmiði að veita leiðbeiningar um hvernig haga eigi fyrirkomulagi vinnslu persónuupplýsinga um flugfarþega hjá friðhafnarverslunum. Álitid var unnið að beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Í ljósi þess að í vissum tilfellum er flugfarþegum boðið að fá virðisaukaskatt endurgreiddan af vörum sem þeir kaupa innan friðhafna, hefur friðhafnarverslunum verið talið heimilt að safna og miðla ákveðnum upplýsingum um flugfarþega í því skyni að gera yfirvöldum kleift að standa við endurgreiðslu virðisaukaskattsins. Í framkvæmd hefur ekki verið gætt að reglum um persónuvernd og hefur hinum skráðu t.d. ekki verið veitt fræðsla um vinnsluna, hvert upplýsingum verði miðlað né um varðveislu þeirra.

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við ofangreint byggir á tilskipunum nr. 92/12/EB og 2008/118/EB en í hvorugri þeirra er kveðið á um fyrirkomulag vinnslunnar. Af þeim sökum fer um þetta málefni eftir persónuverndartilskipuninni nr. 95/46/EB.

Við skoðun kom í ljós að fyrirkomulag innan EES við söfnun og meðferð upplýsinga um flugfarþega hjá friðhafnarverslunum er mjög misjafnt. Í sumum ríkjum er upplýsingum um flugnúmer eingöngu safnað á meðan í öðrum löndum er nafn viðkomandi skráð auk áfangastaðar og upplýsinga um þær vörur sem verslað er með í friðhöfninni. Upplýsingar, sem safnað er í síðarnefnda dæminu, koma til með að mynda persónusnið með tímanum séu þær varðveittar lengi.

Framangreind vinnsla persónuupplýsinga hjá friðhafnarverslunum þarf að samrýmast ákvæðum 10., 11., 13. og 14. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB samkvæmt álitu 29. gr. vinnuhópsins. Sé viðkvæmum persónuupplýsingum safnað um flugfarþega þarf þar að auki að byggja vinnslu þeirra á einu skilyrði 8. gr. tilskipunarinnar. Þetta þýðir að veita þarf flugfarþegum fræðslu áður en upplýsingum um þá er safnað, að lágmarki um þau atriði sem tíunduð eru í 10. gr. tilskipunarinnar. Slíka fræðslu ber einnig að veita sé upplýsingum aflað frá þriðja aðila skv. 11. gr. Þá þarf enn fremur að veita hinum skráða andmælarétt í samræmi við 14. gr. tilskipunarinnar.

Í álitinu er rík áhersla lögð á að gætt sé meðalhófs við skráningu og vinnslu upplýsinga um flugfarþega hjá friðhafnarverslunum og bent á að oft er of mikilla upplýsinga aflað miðað við tilgang vinnslunnar, en hann er að gera endurgreiðslu virðisaukaskatts mögulega þegar við á og auðvelda skattyfirvöldum að sinna eftirlitshlutverki sínu. Að þessu leyti telur starfshópurinn að söfnun upplýsinga um vörukaupin og flugnúmer viðkomandi farþega sé fullnægjandi enda geti skattyfirvöld rakið þær upplýsingar til þess einstaklings sem um ræðir, komi til þess við framkvæmd lögbundins eftirlits. Þá þurfi einnig að huga vel að því að upplýsingarnar séu ekki varðveittar lengur en nauðsyn krefur miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. e.-lið 6. gr. tilskipunar 95/46/EB. Telur vinnuhópurinn að varðveislutími upplýsinga í þessu sambandi eigi að taka mið af lögbundnum varðveislutíma upplýsinga í þágu skatteftirlits skv. lögum hvers aðildarríkis EES fyrir sig. Þess skuli þó gætt að varðveislutími sé ekki of langur og telur 29. gr. starfshópurinn að samræma þurfi viðmið að þessu leyti innan Evrópu-sambandsins.

*Framtíð einkalífs: Sameiginlegt framlag til umsagnar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um lagaramma persónuverndar.* Í júlí 2009 var nýju samstarfsverkefni ýtt úr vör að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með það fyrir augum að skilgreina hvar einkalífsvernd væri hætta búin í framtíðinni, einkum með tilliti til tækniþróunar og heimsvæðingar. Skjal þetta, sem gefið var út 1. desember 2009, hefur að geyma sameiginlegt framlag 29. gr. starfshópsins og vinnuhópsins um lög- reglumál WPPJ (Working Party on Police and Justice).

Í grunninn er það sameiginleg niðurstaða þessara tveggja vinnuhópa að þær reglur sem í gildi eru á sviði persónuupplýsingaréttar hafi enn fullt gildi og séu viðeigandi þrátt fyrir tækniþróun og heimsvæðingu. Aftur á móti megi styrkja enn frekar eftirlit og beitingu þeirra með eflingu persónuverndarstofnanna innan EES.

Í skjalinu er bent á að á Evrópska efnahagssvæðinu sé persónuvernd á meðal grundvallarréttinda borgaranna og í boði séu réttarráðgjafi sé brotið í bága við þau. Aftur á móti sé pottur brotinn þegar misfarið sé með persónuupplýsingar utan EES og er í skjalinu lögð áhersla á að tímabært sé orðið að styrkja persónuvernd á alþjóðlegum vettvangi. Í því skyni er lagt til að framkvæmdastjórnin beiti sér annað hvort fyrir gerð nýs alþjóðasáttmála eða breytingu á eldri mannréttindasáttmálum. Í þessu sambandi sé einnig þörf á að festa enn frekar í sessi bindandi fyrirtækjareglur og er lagt til að slíkum reglum verði veitt lagastoð og þeim fylgt eftir með lögbundnu eftirliti.

Í skjalinu er fjallað um þróun tölvu- og upplýsingatækninnar og þeim áhrifum sem sú þróun hefur haft í för með sér fyrir einkalífsverndina. Tekið er fram að meginreglur tilskipunar 95/46/EB hafi haldið gildi sínu í þessari þróun og sé þeim beitt fullum fetum enn í dag. Aftur á móti sé nú orðið nauðsyn að aðlaga reglur að breyttri notkun tölvu- og upplýsingatækninnar, s.s. vegna tengslaneta á veraldarvef. Í því skyni er lagt til að nýrri meginreglu verði bætt við réttarsviðið, meginreglunni um hannaða persónuvernd (e. Privacy by Design). Í henni felst að reglur persónuupplýsingaréttarins eigi að vera felldar inn í hönnun tölvu- og upplýsingatækninnar, s.s. með notkun staðlaðra notendaskilmála eða tæknilegra stillinga (e. default settings).

Þá er bent á í skjalinu að efla þurfi réttindi hins skráða, s.s. með því að auðvelda honum að sækja rétt sinn með hópaðild að kærnum og með því að setja reglur sem skylda ábyrgðaraðila til þess að tilkynna um þegar breytingar hefur orðið á upplýsingaöryggi.

Að endingu er lagt til að eftirlit og úrræði, sem persónuverndarstofnanir hafa til reiðu innan EES, verði samræmd og er talin þörf á eflingu stofnana þessara.

#### **4.5.4. Um vörfund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana**

Vörfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Edinborg á Skotlandi 23.–24. apríl. Fundurinn var ekki sóttur af hálfu Persónuverndar.

#### **4.5.5. Um starf Sameiginlegu Schengen-efirlitsstofnunarinnar – JSA**

Hér er um að ræða sjálfstæða stofnun sem starfar samkvæmt 115. gr. samnings frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum. Stofnunin hefur aðsetur í Brussel. Persónuvernd tekur þátt í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. laga nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi þar sem kveðið er á um að hún hafi eftirlit með því upplýsingakerfi.

Upplýsingakerfum Schengen má skipta í þrjá meginhluta, þ.e. „Schengen Information System“ (SIS), „Supplementary Information Request at National Entry“ (SIRENE) og „Visa Inquiry Open Border Network“ (VISION). Þessi upplýsingakerfi eru notuð til að tryggja framgang Schengen-samkomulagsins, s.s. til að framfylgja megi banni við endurkomu útlendings inn á Schengen-svæðið og til að tryggja að fara megi að beiðni um að handtaka eftirlýstan mann.

SIS er byggt upp í kringum miðlægan gagnagrunn, þ.e. „Central SIS“ (C.SIS) þar sem varðveittar eru upplýsingar um m.a. brottvísanir frá aðildarríkjum Schengen, en gagnagrunnurinn er staðsettur í Strassborg í Frakklandi. Í hverju Schengen-þátttökulandi eru svokölluð „National SIS“ (N.SIS) sem hafa að geyma afrit af C.SIS-gagnagrunninum. Aðilar í hverju landi leita í sínu N.SIS.

Nýjar upplýsingar eru færðar inn í C.SIS og uppfærðar þaðan í öll N.SIS, þ.e. skráningarupplýsingar þátttökulands eru ekki færðar beint í N.SIS viðkomandi lands. Schengen-upplýsingakerfið er þannig uppbyggt að aðildarlöndin geta ekki skipst á upplýsingum beint hvert til annars heldur einungis með skeytasendingum til C.SIS sem fullgildir skráningar og varpar þeim síðan til gagnagrunna þátttökulandanna. Með reglubundnu millibili eru N.SIS þátttökulandanna borin saman við C.SIS til að tryggja samræmi í skráningu.

Nú er unnið að framtíðaruppfærslu með algerlega nýrri högun fyrir C.SIS, svonefndu SIS II. Núverandi útgáfa ræður ekki við fleiri en 18 aðildarlönd og á SIS II að bæta úr því. Litið er til stækunar ESB til austurs í þessu sambandi og reiknað með að fleiri lönd eigi eftir að bætast við síðar.

Helstu verkefni JSA-stofnunarinnar eru þessi:

- Persónuverndarmál í tengslum við Schengen.
- Eftirlit með öryggis-, aðgangs- og persónuverndarþáttum í rekstri C.SIS í Strassborg.
- Ráðgefandi hlutverk varðandi öryggismál upplýsingakerfisins.
- Samstarf við persónuverndarstofnanir í þátttökulöndum samstarfsins.
- Að samræma innlenda lagaframkvæmd og lagatúlkun í málum er upp koma vegna Schengen-upplýsingakerfisins.

Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin hélt fjóra fundi í Brussel á árinu, 23. mars, 23. júní, 13. október og 17. desember. Eingöngu var fundurinn 23. mars sóttur og sótti Þórður Sveinsson fundinn f.h. Persónuverndar.

Á fundunum var m.a. rætt um útgáfu leiðbeininga um rétt manna til vitneskju um skráningu upplýsinga sig í Schengen-upplýsingakerfið, samvinnu milli persónuverndarstofnana aðildarríkja; skráningu einstaklinga sem reynst hafa erfiðir í samskiptum (e. trouble-makers) og álitnir eru ofbeldisfullir með vísan til 99. gr. Schengen-samningsins; skráningar á ökutækjum samkvæmt 102. gr. samningsins; og framangreinda framtíðaruppfærslu á Schengen-upplýsingakerfinu.

Einnig var rætt um úttekt varðandi 97. gr. Schengen-samningsins, sem lýtur að skráningu upplýsinga um týnda einstaklinga; og úttekt varðandi 98. gr. Schengen-samningsins, sem lýtur að skráningu upplýsinga um vitni og einstaklinga sem stefnt er til að koma fyrir rétt í sakamáli, sem á að birta dóm eða sem boða á til afplánunar. Úttektum varðandi framangreint, sem hófust árið 2008, lauk á árinu. Sá þáttur hennar, sem Persónuvernd framkvæmdi og laut að Íslandi, leiddi ekki í ljós að til efni væri til athugasemda. Skráningar samkvæmt 97. gr. voru sextán – ein var vegna einstaklings sem sviptur hafði verið sjálfræði og fór úr landi, en talið var að hann kynni að skaða sig; tvær voru um einstaklinga undir sjálfræðisaldri sem fóru úr landi án vitundar forráðamanna; og aðrar skráningar voru vegna týndra einstaklinga sem ættingjar höfðu óskað eftir að yrði leitað. Í einu tilviki voru upplýsingar skráðar með vísan til 98. gr.

#### **4.5.6. Um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og starf EDPS í tengslum við hann**

Meðal hlutverka EDPS (European Data Protection Supervisor), þ.e. Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, er að hafa eftirlit með Eurodac-fingrafaragagnagrunninum, sbr. reglugerð nr. 2000/2725/EB, sbr. og reglugerð nr. 2002/407/EB. Tók stofnunin við þessu hlutverki af Sameiginlegu Eurodac-eftirlitsnefndinni árið 2005.

Pau ríki, sem eru skuldbundin af framangreindum reglugerðum, eiga að skrá í umræddan gagnagrunn fingraför tiltekinna útlendinga, þ. á m. hælsleitenda, og eiga með rafrænum hætti að geta spurst fyrir um hvort fingraför útlendingis hafi verið skráð í hann. Hlutverk EDPS í þessu sambandi er að tryggja að ekki verði brotið gegn réttindum hinna skráðu við þessa vinnslu persónuupplýsinga og hafa eftirlit með lögmæti miðlunar upplýsinga úr gagnagrunninum til aðildarríkjana.

Reglugerðum nr. 2000/2725/EB og 2002/407/EB er ætlað að stuðla að því að framfylgja megi Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990 sem fjallar um í hvaða aðildarríki samningsins eigi að taka umsókn útlendingis um hæli til meðferðar þegar vafi leikur á um hvar fjalla eigi um slíka umsókn.

Tryggja á með samningnum að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna þannig að umsækjandi verði ekki sendur frá einu ríki til annars en ábyrgð á meðferð umsóknar hans hvergi viðurkennd.

Samkvæmt samningi við Evrópusambandið frá 19. janúar 2001 ber Íslandi að fara eftir Dyflinnarsamningnum og Evrópulöggjöf um Eurodac og eru nú ákvæði þar að lútandi í 63. og 68. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 53/2003 sem sett er af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með stöð í lögum nr. 106/2002 um sama efni.

Þeir útlendingar, sem taka á af fingraför, eru í fyrsta lagi hælisleitendur, sbr. II. kafla reglugerðar nr. 2000/2725/EB. Upplýsingum um þá á að eyða úr gagnagrunninum tíu árum eftir skráningu eða þegar hælisleitandi öðlast ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna, sbr. 6. og 7. gr. Í öðru lagi á að taka fingraför af útlendingum sem reyna að komast ólöglega yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins, sbr. III. kafla. Upplýsingum um þá á að eyða úr gagnagrunninum tveimur árum eftir skráningu eða þegar útlendingur fær dvalarleyfi, hefur yfirgefið landsvæði aðildarríkjanna eða fengið ríkisborgararétt, sbr. 10. gr. Og í þriðja lagi á að taka fingraför af útlendingum sem dveljast ólöglega í einhverju aðildarríkjanna, sbr. IV. kafla. Bera á fingraförin saman við fingraför hælisleitenda í gagnagrunninum og þegar því er lokið á að eyða þeim úr honum.

Um vernd upplýsinga í gagnagrunninum er fjallað í IV. kafla. Kemur þar m.a. fram að koma á í veg fyrir allan óleyfilegan aðgang að gagnagrunninum og aðra óleyfilega vinnslu, þ. á m. skráningu, sbr. 14. gr. Einnig kemur fram að skrá á allar aðgerðir í gagnagrunninum, en skráningin á að sýna tilganginn með notkun hans í hvert sinn, nákvæma tímasetningu aðgerða, hvaða upplýsingar hafa verið sendar í hann, hvaða upplýsingar hafa verið notaðar til að svara fyrirspurnum, hvaða stofnun hefur sent inn upplýsingar eða sótt þær og hvaða einstaklingur hefur verið ábyrgur, sbr. 16. gr. Þar sem einnig segir að einungis megi nota upplýsingar um ofangreind atriði til að vernda persónuupplýsingar og að þeim skuli eyða ári eftir skráningu.

Haldnir voru þrír fundir á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn í Brussel á árinu, þ.e. 24. mars, 24. júní og 18. desember. Eingöngu fundurinn 24. mars var sóttur og sótti Þórður Sveinsson hann af hálfu Persónuverndar.

Á fundunum var m.a. rætt um fyrirhugaða uppfærslu á Eurodac-upplýsingakerfinu; Dublinet upplýsingakerfið sem geymir m.a. upplýsingar um hvers vegna hælisleitanda var hafnað; og úttektir á annars vegar fræðslu til þeirra sem skráðir eru í Eurodac, sbr. 18. gr. Eurodac-reglugerðinnar, nr. 2000/2725/EB, sbr. 3. mgr. 68. gr. reglugerðar nr. 53/2003, og hins vegar mat á því hvort barn sé undir 14 ára aldri, en þá skulu fingraför ekki skráð, sbr. 4., 8. gr. 11. gr. Eurodac-reglugerðarinnar, sbr. 1. mgr. 68. gr. reglugerðar nr. 53/2003. Íslenski hluti úttektafjárinnar leiddi ekki í ljós að tilefni væri til athugasemda hvað varðar umrædda vinnslu hér á landi, en m.a. kom fram að aldrei hafði reynt á 14-ára-aldursmarkið.

#### **4.5.7. Um starf vinnuhóps um lögreglumál**

Vinnuhópur um lögreglumál (Police Working Party) fjallar um meðferð persónuupplýsinga í samvinnu í dóms- og löggæslumálum. Hann á að fjalla um þau mál sem falla utan þeirra eftirlitsstofnana sem þegar eru til staðar, s.s. EDPS varðandi Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og JSA, sbr. umfjöllun í köflum 4.5.5 og 4.5.6 hér frammar. Vinnuhópurinn hélt fjóra fundi á árinu, 24. mars, 24. júní, 13. október og 17. desember. Eingöngu var fundurinn 24. mars sóttur og sótti Þórður Sveinsson fundinn f.h. Persónuverndar.

Á fundunum var m.a. rætt um rammaákvörðun ESB, nr. 2008/977/EB, um vinnslu persónuupplýsinga á sviði samstarfs í löggæslu og dómsmeðferð refsímála og tillögur framkvæmdastjórnar EB þess efnis að löggæsluyfirvöld, önnur en þau sem hafa með höndum útlendingaefirlit, fái aðgang að Eurodac-fingrafaragagnagrunninum, sbr. kafla 4.5.6 hér að framan. Hefur vinnuhópurinn gagnrýnt þær tillögur.

Einnig var fjallað um reglur svonefnds Prüm-samnings Belgíu, Þýskalands, Spánar, Frakklands, Lúxemborgar, Hollands og Austurríkis frá 27. maí 2005, en hann lýtur að skiptum löggæsluyfirvalda í aðildarríkjum samningsins á upplýsingum, þ. á m. erfðaupplýsingum. Var í júní 2007 ákveðið að gera reglur Prüm-samningsins að ESB-rétti þannig að hann yrði bindandi fyrir öll aðildarríkin. Hefur vinnuhópurinn verið gagnrýninn á Prüm-reglurnar.



## 5. Lög og reglur

### 5.1. Lög nr. 77/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, lögum nr. 30/2002, lögum nr. 81/2002, lögum nr. 46/2003, lögum nr. 72/2003 og lögum nr. 50/2006

Lögin, eins og þau voru í árslok 2009, eru birt hér fyrir neðan:

#### I. kafli.

#### Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

##### 1. gr.

##### Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. Persónuupplýsingar: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. Vinnsla: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. Skrá: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. Vinnsluaðili: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. [Rafræn vöktun: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannaferi eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
  - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
  - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.]<sup>1)</sup>

7. Samþykki: Sérstök, ótvíráð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykktur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. Viðkvæmar persónuupplýsingar:
  - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífs skoðanir.
  - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsí verðan verknað.
  - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
  - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
  - e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
9. Sértek ákvörðun: Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.  
1) L. 46/2003, 1. gr.

*3. gr.*

*Efnislegt gildissvið.*

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

*4. gr.*

*[Rafræn vöktun.*

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.]<sup>1)</sup>

1) L. 46/2003, 2. gr.

*5. gr.*

*Tengsl við tjáningarfrelsi.*

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

*6. gr.*

*Landfræðilegt gildissvið.*

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsam-

ings Fríverslunarsamtaka Evrópu]<sup>1)</sup> eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.<sup>2)</sup>

[Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.]<sup>1)</sup>

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Pegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 72/2003, 5. gr. <sup>2)</sup>Augl. 638/2005, sbr. 1041/2006 og 425/2009. <sup>3)</sup>L. 90/2001, 1. gr.

## II. kafli.

### Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

#### 7. gr.

*[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]<sup>1)</sup>*

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

[Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 90/2001, 2. gr.

#### 8. gr.

*[Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.]<sup>1)</sup>*

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. [hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.]<sup>1)</sup>
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

...<sup>2)</sup>

[Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 90/2001, 3. gr. <sup>2)</sup>L. 46/2003, 3. gr.

9. gr.

*[Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.]<sup>1)</sup>*

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]<sup>1)</sup>

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsgleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismedferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.]<sup>2)</sup>

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]<sup>2)</sup> telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykki þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

<sup>1)</sup>L. 90/2001, 4. gr. <sup>2)</sup>L. 81/2002, 1. gr.



#### 10. gr.

##### *Notkun kennitölu.*

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

#### 11. gr.

##### *[Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur<sup>1)</sup> og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rgl. 299/2001. <sup>2)</sup>L. 90/2001, 5. gr.

#### 12. gr.

##### *Innra eftirlit.*

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli<sup>1)</sup> um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Rgl. 299/2001. <sup>2)</sup>L. 90/2001, 6. gr.

#### 13. gr.

##### *[Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu<sup>1)</sup> í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.<sup>2)</sup>

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>Augl. 638/2005, sbr. 1041/2006. <sup>2)</sup>L. 90/2001, 7. gr. <sup>3)</sup>L. 72/2003, 6. gr.

#### 14. gr.

##### *Frestur til að fullnægja skyldum.*

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

#### 15. gr.

##### *Greiðsla kostnaðar.*

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af dómsmálaráðherra með reglugerð.

### III. kafli.

#### **Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörunarskylda. Réttur til rökstuðnings.**

#### 16. gr.

##### *Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

#### 17. gr.

##### *Opinber skrá um veittar heimildir og móttæknar tilkynningar.*

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

*18. gr.*

*Upplýsingaréttur hins skráða.*

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

*19. gr.*

*Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.*

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfraeðivinnslu eða vísindarannsóknna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tiltekna upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

*20. gr.*

*[Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.*

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
  - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
  - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunnir að hafa veiti hann þær ekki,
  - c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.)<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 81/2002, 2. gr.

#### 21. gr.

*[Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.*

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
  - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
  - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
  - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
  - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 81/2002, 3. gr.

#### 22. gr.

*Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.*

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

#### 23. gr.

*Viðvaranir um notkun persónusníða.*

Þegar persónusníð sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

*Viðvaranir um rafræna vöktun.*

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannaferi skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

**IV. kafli.**

**Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.**

25. gr.

*Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.*

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

*Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.*

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlætjanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

*Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.*

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum samnings.

28. gr.

*[[Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá Þjóðskrár.]1)*

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lög-mætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

[Þjóðskrá skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Dómsmálaráðherra setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur<sup>2)</sup> um gerð og notkun slíkrar skrá og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.]<sup>1)</sup> Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess

háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár]<sup>1)</sup> til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er móttækinn að um slíkan póst sé að ræða.]<sup>3)</sup>

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við [Þjóðskrár],<sup>1)</sup> sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum taktörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup>L. 50/2006, 23. gr. <sup>2)</sup>Rgl. 36/2005. <sup>3)</sup>L. 30/2002, 23. gr. <sup>4)</sup>L. 90/2001, 8. gr.

## V. kafli.

### Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

#### 29. gr.

##### *Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.*

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir] í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.<sup>2)</sup>

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

<sup>1)</sup>Augl. 638/2005, sbr. 1041/2006 og 425/2009. Rgl. 1100/2008. <sup>2)</sup>L. 90/2001, 9. gr.

#### 30. gr.

##### *Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.*

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. [ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, eða
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að].<sup>1)</sup>

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli<sup>2)</sup> um flutning persónuupplýsinga úr landi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 90/2001, 10. gr. <sup>2)</sup>Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009. Rgl. 1100/2008.

## VI. kafli.

### Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

#### 31. gr.

##### *Tilkynningarskylda.*

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið<sup>1)</sup> að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið<sup>1)</sup> að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

<sup>1)</sup>Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009.

#### 32. gr.

##### *Efni tilkynninga.*

1. Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:
2. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
3. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila; tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;

8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. [hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.]<sup>1)</sup>

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli<sup>2)</sup> um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfræst eftir tegund og eðli vinnslu.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 81/2002, 4. gr. <sup>2)</sup>Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009. <sup>3)</sup>Rgl. 1100/2008.

### 33. gr.

#### *Leyfisskyld vinnsla.*

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið<sup>1)</sup> að vinnslan megi ekki hefjast fyrir en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið<sup>2)</sup> að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

<sup>1)</sup>Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009. <sup>2)</sup>Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003. Rgl. 1100/2008.

### 34. gr.

#### *Forsendur leyfisveitingar o.fl.*

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

### 35. gr.

#### *Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.*

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan



þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;

5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

## VII. kafli.

### Eftirlit og viðurlög.

#### 36. gr.

##### *Skipulag Persónuverndar og stjórnisla.*

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir dómsmálaráðherra.

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

#### 37. gr.

##### *Verkefni Persónuverndar.*

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].<sup>1)</sup> Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,<sup>2)</sup>
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,

3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,<sup>3)</sup>
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

[Persónuvernd setur reglur<sup>4)</sup> um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup>L. 90/2001, 11. gr. <sup>2)</sup>Rgl. 340/2003. <sup>3)</sup>Augl. 1001/2001. <sup>4)</sup>Rgl. 837/2006, sbr. rgl. 394/2008. <sup>5)</sup>L. 81/2002, 5. gr.

### 38. gr.

#### *Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.*

Persónuvernd getur krafist ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

### 39. gr.

#### *Undanþágur frá þagnarskyldu.*

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.  
*Stöðvun vinnslu o.fl.*

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Við mat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirætlum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.  
*Dagsektir.*

Ef ekki er farið að fyrirætlum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirætlunin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirætlun um Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.  
*Refsingar.*

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirætlum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.  
*Bætur.*

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirætlum Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

**VIII. kafli.**  
**Lagatengsl, gildistaka o.fl.**

44. gr.  
*Tengsl við ákvæði annarra laga.*

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnisýslulögum.

#### 45. gr.

##### *Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.*

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð<sup>1)</sup> skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörðunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfisskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð<sup>2)</sup> mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnárítanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

<sup>1)</sup>Rg. 246/2001. <sup>2)</sup>Rg. 322/2001, sbr. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008.

#### 46. gr.

##### *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001. ...

##### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnábyrgðum skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

## 5.2. Um stjórnvaldsreglur

Á árinu 2009 var reglum nr. 712/2008, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, breytt með reglum nr. 927/2009. Í því fólst ekki breyting réttar heldur var skerpt á þegar gildandi reglum. Annars vegar var nýjum málslið bætt við 2. mgr. 4. gr. reglnanna þar sem áréttað er að aðgangur að sjúkkráskrá í þágu vísindarannsóknar er ávallt háður leyfi Persónuverndar, sbr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, og hins vegar bættist ný málsgrein við ákvæði 7. gr. sem kveður á um að sjálfvirka og óhjákvæmilega vöktun, sem fram fer á netþjónum á vinnustöðum og í skólum, ber ekki að tilkynna til stofnunarinnar.

Þá var auglýsingu nr. 638/2005, um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, breytt í þá veru að eyjunni Jersey var bætt í hóp þeirra ríkja sem teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Breytingin var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda hinn 23. febrúar 2009, sbr. auglýsingu nr. 425/2009.

Þessar reglur eru birtar hér fyrir neðan og á heimasíðu Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)) eins og þær voru í árslok 2009.

## **5.2.1. Reglur nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga**

### I. KAFLI

#### **Almenn ákvæði.**

##### *1. gr.*

##### *Gildissvið*

Reglur þessar gilda um leyfisskyldu vegna vinnslu persónuupplýsinga, um tilkynningarskyldu vegna rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga og um undanþágur frá þeirri skyldu.

Reglur þessar taka ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000. Um tilkynningarskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Reglurnar gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000.

Reglurnar gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem fer einvörðungu fram í þágu fréttamennsku.

##### *2. gr.*

##### *Skilgreiningar.*

Í reglum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar*; sbr. 1. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. *Viðkvæmar persónuupplýsingar*; sbr. 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000:
  - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífskoðanir.
  - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad.
  - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
  - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
  - e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
3. *Almennar persónuupplýsingar*: Persónuupplýsingar sem ekki teljast viðkvæmar í skilningi 2. tl.
4. *Dulkóðun*: Umbreyting orða eða talna í leynilegan kóða sem dylur merkingu þeirra.
5. *Miðleg skrá*: Skrá með upplýsingum um alla einstaklinga hér á landi sem uppfylla ákveðin viðmið, óháð búsetu.
6. *Rafvæn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með fólki með fjarstýrðum eða sjálfvirkum rafrænum búnaði og leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga.
7. *Upplýst samþykki*: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkuur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.

8. *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn. Til vinnslu teljast m.a. söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samantenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging.
9. *Ábyrgðaraðili*, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
10. *Vinnsluaðili*, sbr. 5. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Aðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

### 3. gr.

#### *Ábyrgð ábyrgðaraðila.*

Sé vinnsla persónuupplýsinga háð leyfi frá Persónuvernd, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að sækja um slíkt leyfi og haga vinnslunni ávallt í samræmi við útgefið leyfi. Sé vinnsla tilkynningarskyld, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að Persónuvernd berist tilkynning um hana og að vinnslu sé ávallt hagað í samræmi við innsenda tilkynningu.

Eftirlit Persónuverndar haggar í engu ábyrgð ábyrgðaraðila á vinnslu persónuupplýsinga. Þótt Persónuvernd geri ekki athugasemdir við innsenda tilkynningu hefur það ekki þýðingu fyrir mat á lögmæti vinnslunnar.

## II. KAFLI

### **Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.**

### 4. gr.

#### *Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.*

Eftirfarandi vinnsla persónuupplýsinga er háð skriflegri heimild Persónuverndar:

Samkeyrsla skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld.

- a. ef einvörðungu er samkeyrt við upplýsingar úr þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer, eða
- b. ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila, þó að undanskildum miðlægum skráum sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar.

Vinnsla persónuupplýsinga sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðæfni manns nema aðeins sé unnið með hluta af erfðæfni þannig að það verði ekki rakið til tekens manns.

Vinnsla upplýsinga um refsiverðan verknað manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.

Söfnun persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga í þeim tilgangi að miðla þeim til annarra.

Vinnsla upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.

Vinnsla persónuupplýsinga sem felur í sér að nafn manns er fært á skrá eftir fyrirfram ákveðnum viðmiðum og upplýsingunum miðlað til þriðja aðila í því skyni að neita manninum um tiltekna fyrirgreiðslu eða þjónustu.

Miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu vísindarannsóknar, enda standi ábyrgðaraðili þeirra upplýsinga sem miðlað er ekki að framkvæmd rannsóknarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er vinnsla persónuupplýsinga ekki háð heimild Persónuverndar byggi

hún á upplýstu samþykki eða fyrirmælum laga. [Aðgangur að sjúkraskráum vegna vísindarannsókna er ávallt háður leyfi Persónuverndar, sbr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.]<sup>1)</sup>

1) Reglur nr. 927/2009, 1. gr.

### III. KAFLI

#### Tilkynningarskyld vinnsla persónuupplýsinga.

##### 5. gr.

##### *Tilkynningarskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga.*

Rafræn vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er tilkynningarskyld nema hún sé leyfisskyld samkvæmt ákvæði 4. gr. Þó er stjórnmalaflokkum, trúfélögum, stéttarfélögum og öðrum sambærilegum aðilum sem starfa ekki í hagnaðarskyni ekki skylt að tilkynna vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um félagsmenn sína, enda teljist vinnslan eðlilegur þáttur í lögmætri starfsemi þessara aðila.

##### 6. gr.

##### *Tilkynningarskyld vinnsla almennra persónuupplýsinga.*

Rafræn vinnsla almennra persónuupplýsinga er tilkynningarskyld. Vinnsla er þó ekki tilkynningarskyld ef hún:

1. Er háð leyfi Persónuverndar samkvæmt ákvæði 4. gr.
2. Er nauðsynlegur, eðlilegur og venjubundinn þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.
4. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
5. Lýtur að upplýsingum sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.

Skylt er að tilkynna vinnslu persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. frammistöðumat starfsmanna, vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í þeim tilgangi að fella einstakling inn í persónusnið eða kerfisbundna hljóðritun símtala.

##### 7. gr.

##### *Vinnsla sem fram fer með rafrænni vöktun.*

Ábyrgðaraðila að vinnslu sem fram fer með rafrænni vöktun ber að senda Persónuvernd tilkynningu um hana. Það á þó ekki við sé vöktunin nauðsynleg, fari einungis fram í öryggis- og eignavörsluskyni, þeir sem eru vaktaðir, s.s. nemendur eða starfsmenn, hafi fengið fræðslu um vöktunina í samræmi við 20. gr. laga nr. 77/2000 og aðrir hafi fengið viðvaranir í samræmi við 24. gr. sömu laga. Að öðru leyti fer um úrvinnslu efnis, s.s. hljóð- eða myndefnis, sem til verður við rafræna vöktun samkvæmt 4., 5. og 6. gr. reglna þessara.

Ekki er skylt að senda Persónuvernd tilkynningu um sjálfvirka og óhjákvæmilega vöktun sem fram fer á netþjónum á vinnustöðum og í skólum.]<sup>2)</sup>

2) Reglur nr. 927/2009, 2. gr.

##### 8. gr.

##### *Hvenær má hefja vinnslu.*

Ábyrgðaraðili skal senda Persónuvernd tilkynningu um vinnslu tímanlega áður en hún hefst. Honum er heimilt að hefja vinnslu um leið og tilkynning hefur verið send en skal stöðva hana berist honum tilmæli frá Persónuvernd þar að lútandi.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

9. gr.  
*Form og efni tilkynninga.*

Tilkynningu til Persónuverndar skal koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í samræmi við 32. gr. laga nr. 77/2000 skal í tilkynningu tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og, eftir atvikum, fulltrúa hans sem hefur staðfestu hér á landi skv. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. hvernig uppfyllt sé fyrir mæli 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000 um fræðsluskyldu.

Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu tilkynnanda. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

10. gr.  
*Breytingar á tilkynntri vinnslu.*

Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

IV. KAFLI  
**Um flutning persónuupplýsinga úr landi.**

11. gr.  
*Leyfisskyldur flutningur persónuupplýsinga úr landi.*

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem telst veita fullnægjandi vernd samkvæmt lögum nr. 77/2000, er ekki tilkynningarskyldur.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki telst veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd er háður skriflegri heimild Persónuverndar, enda hafi ábyrgðaraðili veitt nægilegar tryggingar fyrir vernd upplýsinganna. Þetta gildir ekki ef undanþáguákvæði í lögum nr. 77/2000 heimila slíkan flutning. Að öðru leyti fer um flutninginn eftir V. kafla þeirra laga.

V. KAFLI  
**Önnur ákvæði.**

12. gr.  
*Efirlit.*

Persónuvernd fer með eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Um heimildir Persónuverndar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.



13. gr.  
*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., 3. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlastgildi 1. nóvember 2008. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

*Persónuvernd, 30. júní 2008.*

**5.2.2. Auglýsing nr. 638/2005 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, með áorðnum breytingum samkvæmt auglýsingum nr. 1041/2006 og nr. 425/2009**

1. gr.  
*Flutningur persónuupplýsinga úr landi.*  
*Fullnægjandi vernd.*

Lög eftirtalinna ríkja teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er því heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra, að fullnægðum skilyrðum laganna:

- a. Sviss
- b. Kanada
- c. Argentína
- d. Guernsey
- e. Mön
- [f. Jersey]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>Auglýsing nr. 425/2009

2. gr.  
*Hið sama og greinir í 1. gr. á við:*

1. Ef um flutning persónuupplýsinga fer samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út; sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000.  
Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7.  
Ákvörðun nr. 108/00. (EES-viðbætur nr. 8/47, 15.2.2001). Gildistaka: 1.12.2000.
- [2. Ef Persónuvernd hefur sett þann skilmála fyrir leyfi til flutningsins, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, að hinn hérlandi ábyrgðaraðili hafi áður gert við hinn erlenda viðtökuaðila skriflegan samning í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB (Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 253, 21.9.2001, bls. 34. Ákvörðun nr. 4/02. (EES-viðbætur nr. 18/5, 4.4.2002). Gildistaka: 2.2.2002.
3. Ef Persónuvernd hefur sett þann skilmála, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, að hinn hérlandi ábyrgðaraðili hafi áður gert við vinnsluaðila skriflegan samning í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 27. desember 2001 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB.]<sup>1)</sup>  
Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 52.  
Ákvörðun nr. 87/02. (EES-viðbætur 49/41, 3.10.2002). Gildistaka: 26.6.2002.  
<sup>1)</sup> Auglýsing nr. 1041/2006

*3. gr.  
Gildistaka o.fl.*

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001. Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi fyrri auglýsing um sama efni nr. 435/2003, eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 974/2003.

*Persónuvernd, 1. júní 2005.*



